

Tímarit Bændablaðsins

Bændablaðið

1. tbl. 2021 · 7. árgangur



10-12

Erfðaauðlindir Íslands



16-23

Hampbyltingin á Íslandi



24-29

Sprenging í gæludýraeldi



30-33

Ullarvinnsla sett
upp í Gilhaga



44-47

Hver er staða fæðu-
öryggis

Íslenski ferðaklasinn:

Hvernig endurræsum við íslenska ferðapjónustu?

– Ásta Kristín Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri
segir að læra megi margt af hinum öra vexti
greinarinnar eftir fjármálahrun – bls. 38-43



Gæði – alla leið!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar í Lambhaga eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Þau sinna bústörfum í fullri sátt við umhverfið. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig



NÚ ER TÍMINN TIL AÐ KALKA!



Hvers vegna þarf að kalka?

- Kölkun eykur endingu sáðgresis í túnum sem stuðlar að aukinni uppskeru og lystugra fóðri.
- Kölkun eykur aðgengi plantna að næringarefnum í jarðvegi og stuðlar að bættri frjósemi og góðri nýtingu næringarefna úr áburði.
- Kölkun bætir jarðvegslíf sem bætir jarðvegsbyggingu.

Frekari upplýsingar má finna á www.yara.is

Tryggðu þér gæða Dolomit Mg-kalk frá Franzefoss!

Árangurinn kemur strax í ljós!

Þjóðum upp á faglega þjónustu - tókum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður.



FRANZEFOS
MINERALS



Yara einkorna áburður Hin fullkomna pakkalausn

- Allur áburður frá Yara er einkorna gæðaáburður.
- Hvert áburðarkorn inniheldur uppgefin næringarefni.
- Öll áburðarkornin eru einsleit sem er forsenda fyrir jafnri dreifingu.
- Með einkorna áburði fær hver planta sama aðgang að öllum áburðarefnum, sem gefur betri nýtingu næringarefna og betri uppskeru!



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000
yara@yara.is | www.yara.is



Efnisyfirlit



Ritstjórnargrein	6
Heildarsamtök bænda með hagsmuni bænda að leiðarljósi	8-9
Viðtal við Gunnar Þorgeirsson, formann Bændasamtaka Íslands	

Erfðaaauðlindir Íslands	10-12
Viðtal við Birnu Kristínu Baldursdóttur, lektor og umsjónarmaður Erfðalindaseturs	



Tölfræði	14-15
Hampbyltingin á Íslandi	16-23
Vaxandi áhugi er fyrir ræktun iðnaðarhamps hér á landi til að nota í ýmsum iðnaði	

Algjör sprenging í gæluðyrhaldi hérlendis	24-29
Árið 2020 voru 1.820 hvolpar af 61 tegund skráðir í ættbók hjá Hundaræktarfélagi Íslands	



Viðtökur farið fram úr björtustu vonum	30-33
Viðtal við Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir og Brynjar Þór Vigfússon á Gilhaga í Öxarfirði	

Skipuleggja stærstu hestaferð Íslandssögunnar	34-37
Viðtal við hjónin Bjarna Pál Vilhjálmsson og Elnu Björk Skúladóttir í Saltvík	

Hvernig endurræsum við íslenska ferðabjónustu?	38-43
Viðtal við Ástu Kristínu Sigurjónsdóttur, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans	



Hver er staða fæðuöryggis á Íslandi?	44-47
Grein frá Landbúnaðarháskóla um stöðu fæðuöryggis á Íslandi	

Hvar er hægt að sækja fjármagn og stuðning?	50-52
Umfjöllun um Nýsköpun í landbúnaði	

Vörur í þróun fyrir garðyrkjubændur, sjávarútveginn og heimilin	54-56
Umfjöllun um þróun umbúða úr þara og sprotaverkefni Marea	



Kolefnisbrúin	57
Grein um vottaða kolefnisbindingu með skógrækt	

Hampur er til margs nytsamlegur	58-60
Umfjöllun um nytjaplöntuna Cannabis sativa	

Síauknar vinsældir hlaðvarpsþátta Hlöðunnar	62-63
Sífelld bætast nýir þættir af fjölbreyttu og áhugaverðu efni	

Hvað segja bændur?	65-79
Rætt við formenn 15 aðildarfélaga Bændasamtaka Íslands	



Kynningarefni	80-98
----------------------	--------------

Tímarit Bændablaðsins 2020

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Hörður Kristjánsson

Blaðamenn

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
Guðrún Hulda Pálsdóttir
Sigurður Már Harðarson
Vilmundur Hansen

Auglýsingastjóri og sala kynninga

Guðrún Hulda Pálsdóttir

Umsjón og rekstur

Tjörvi Bjarnason

Prófarkalestur

Guðrún Kristjánsdóttir

Umbrot

Litróf ehf.

Hönnun

Döðlur

Forsíðumynd

Sigurður Már Harðarson

Prentun

Ísafoldarprentsmiðja

Útgefandi

Bændasamtök Íslands

Bændahöllinni við Hagatorg 107 Reykjavík

Sími: 563-0300

www.bbl.is

Upplag

8.000 eintök

ISSN númer 2298-7209



KERRUR OG VARAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Stóraukin umsvif á tíu árum

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því undirritaður settist fyrst í ritstjórstól Bændablaðsins fyrir tíu árum á sjálfan bóndadaginn 25. janúar 2011. Var þá tekið við blaði sem gefið var út tvisvar í mánuði í 11 mánuði á ári. Ljóst þótti að Bændablaðið átti talsvert inni á íslenskum fjölmiðlamarkaði og að hægt væri að efla hag þess.

Til að freista þess að auka vinsældir Bændablaðsins og breikka lesendahópinn langt út fyrir raðir bænda, var haldið í þá vegferð að bjóða upp á aukið efni og fjölbreyttara efnisval. Talið var að þetta væri hægt þótt starfsmannafjöldi væri ekki mikill, eða tveir blaðamenn auk ritstjóra í fullu starfi og auglýsingastjóra. Samfara þessari útgáfu stýrði yfirmaður útgáfusviðs Bændasamtakanna margháttaðri útgáfu-starfsemi kynningar- og fræðsluefnis fyrir samtökin sem blaðamenn komu einnig að.

Árangurinn lét ekki á sér standa og sést það vel þegar skoðaðar eru tölur um þróun á síðufjölda og upplagi blaðsins sem og lestrarmælingar Gallup á undanförunum árum. Þar hefur blaðið náð því að verða langvinsælasti prentmiðillinn á landsbyggðinni og var fyrir COVID-19 komið í annað sætið á landsvísi.

2011 - Strax á árinu 2011 var upplag blaðsins aukið í 22.200 eintök, en það var 20.500 eintök á árinu 2010. Fyrsta blað ársins var einungis 28 síður en blaðsíðunum fór fjölgandi þegar leið á árið. Þá jókst prentaður blaðsíðufjöldi úr 780 síður árið 2010 í 888 síður árið 2011. Útgáfudagar voru eftir sem áður 22 á árinu. Jólblaðið þetta ár var 56 síður en hafði verið 36 síður árið áður.

2012 - Á árinu 2012 var ákveðið að hætta sumarlokun í einn mánuð. Útgáfan jókst því í 24 tölublöð á ári. Þegar komið var fram í ágúst var ljóst að aukin eftirspurn var eftir blaðinu og var dreifistöðvum fjölgað og upplag aukið í 24.000. Prentaður blaðsíðufjöldi var í árslok kominn í 1.056 sem var um 19% aukning á milli ára. Samhliða þessu fjölgaði auglýsingum og tekjur jukust.

2013 - Enn jukust vinsældir Bændablaðsins og strax í ársbyrjun 2013 var upplag á hverju tölublaði aukið í 28.000 eintök. Prentaður síðufjöldi fór úr 1.065 í 1.232, sem er aukning upp á um 16%. Í maí 2013 var upplagið enn aukið í 30.000 og aftur um miðjan ágúst í 31.000 eintök. Í október það sama ár var síðan farið í fjölddreifingu og upplagið þá 65.000 eintök.

2014 - Haldið var áfram á sömu braut með 31.000 eintaka upplagi. Um miðjan ágúst var upplagið aukið enn frekar, eða í 32.000 eintök. Þegar árið var gert upp var blaðsíðufjöldi nánast sá sami og árið áður, eða 1.220 síður. Þátttaka í lestrarkönnun Gallup á síðari hluta ársins sýndi að Bændablaðið var orðið langvinsælasti prentmiðillinn á landsbyggðinni. Þá var vefsíða Bændablaðsins, bbl.is, opnuð á veraldarvefnum í byrjun júní 2014.

2015 - Á árinu 2015 var upplagið áfram að jafnaði 32.000 eintök. Blaðsíðufjöldinn á árinu reyndist vera 1.416, sem þýddi um 16% aukningu á milli ára. Jólblaðið þetta ár fór í 88 síður. Í nóvember fór blaðið auk þess í fjölddreifingu í 60.000 eintökum.

Fyrir Búnaðarþing 2015 var ákveðið að gefa út nýjan miðil, **Tímarit Bændablaðsins**. Leit fyrsta tölublað tímaritsins dagsins ljós við opnun Búnaðarþings í byrjun mars og vakti strax mikla athygli. Var það 100 síðna rit sem gefið var út í um 7.000 eintökum.

2016 - Haldið var af stað inn í árið 2016 með 32.000 eintaka dreifingu á landsvísi. Í þrem tilvikum var þó farið út í aukna dreifingu, eða í 33.000, 37.000 og 58.000 eintökum. Heildarblaðsíðufjöldi ársins reyndist vera 1.472 síður sem var aukning upp á um 4%. Fór blaðið aldrei niður fyrir 56 síðna stærð þetta ár. Annað tölublað Tímarits Bændablaðsins leit dagsins ljós við opnun Búnaðarþings 2016 og var 116 blaðsíður og í 8.000 eintökum

2017 - Þegar árið var gert upp kom í ljós að blaðsíðufjöldinn var nákvæmlega sá sami og árið áður, eða 1.472 eintök. Tímaritið kom einnig út eins og árið áður og að þessu sinni var það 104 blaðsíður. Stærðin á blaðinu í samtals 1.472 blaðsíðum yfir árið.

2018 - Bændablaðið hélt sínu striki í 32.000 eintökum að jafnaði á árinu 2018. Heildarblaðsíðufjöldi ársins reyndist vera svipaður og tvö árin þar á undan, eða 1.444 síður. Áfram var svo haldið úti vefsíðu blaðsins.

Vinsældir blaðsins náðu nýjum hæðum og reyndist það vera með **45,6% lestur á landsbyggðinni** samkvæmt könnun Gallup á meðan helstu keppinautarnir voru með um 24 og 22% lestur.

Tímarit Bændablaðsins kom út tvisvar árið 2018. Fyrst fyrir Búnaðarþing og þá í 116 síðum. Í október var síðan gefið út annað tölublað þetta ár vegna Landbúnaðarsýningar í Laugardalshöll sem heppnaðist einstaklega vel. Það rit var 100 blaðsíður að stærð.

2019 - Haldið var uppteknum hætti þó búist væri við samdrætti í þjóðfélaginu. Bændablaðið hélt þó sínu á auglýsingamarkaði og tekjum og heildarblaðsíðufjöldinn var 1.424 síður. Hundrað síðna tímarit var gefið út fyrir Búnaðarþingið og vefsíða endurbætt.

Hlaðan, hlaðvarp Bændablaðsins (podcast) hóf útsendingar 2019 af frumkvæði Tjörva Bjarnasonar. Þar er boðið upp á afar fjölbreytta þætti með landbúnaðar-tengdu efni. Hlöðunni er stýrt af starfsfólki Bændablaðsins og útgáfusviðs BÍ.

2020 - Þetta var eitt undarlegasta ár lýðveldissögunnar vegna tilkomu heimsfaraldurs kórónaveiru COVID-19. Bændablaðið hélt inn í árið með óbreyttu sniði í 32.000 eintökum, en allt eins var búist við hruni á auglýsingamarkaði þegar COVID-19 gerði vart við sig í febrúar. Bændablaðinu tókst þó að halda sínu að mestu, þrátt fyrir að margir af helstu dreifingarstöðum blaðsins væru lokaðir mánuðum saman. Í heild var blaðið 1.408 síður á þessu COVID-19 ári. Einnig tókst að koma út Tímariti Bændablaðsins upp á 86 síður á árinu.

2021 - Haldið er með óbreyttum krafti inn í árið 2021 með Bændablaðið og tengda miðla. Þrátt fyrir mikla óvissu vegna COVID-19 verður ekkert gefið eftir. Eins og hér sést hafa umsvifin aukist verulega á tíu árum þótt starfsmannafjöldinn sé enn sá sami og 2011.

Höldum ótrauð áfram veginn til góðra verka.

Hörður Kristjánsson,
ritstjóri Bændablaðsins.

BÁSAMOTTUR

Við bjóðum sérsniðnar gúmmimottur í ýmsum gerðum fyrir allar gerðir gripahúsa.

Flestir eru sammála að steipt undirlag er ekki náttúrulegt fyrir kýr og getur valdið því að þeim líði illa og framleiði þar af leiðandi minna magn af mjólk.

Motturnar eru sérskornar fyrir hvert verkefni fyrir sig og fer því nánast ekkert til spillis auk þess sem fljótlegt er að leggja þær á gólfð.

DOBRŮ



EasySwing®

Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótorá. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin nau. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.



FJÓSAINNRETTINGAR



Til á lager

DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttigakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa.



MÆNISGLUGGAR

Náttúrulegt ljós og góð loftræsting er öllum dýrum nauðsynleg.

JFC mænisgluggar eru hannaðir til að sameina þetta tvennt. Gluggarnir eru sérsmíðaðir í þeim stærðum sem henta best fyrir hvert gripahús.

Hönnun burðargrindarinnar sem er úr áli tekur mið af háþörfun ljósflæðis í gegnum gagnsætt óbrjótanlegt plast án þess að það komi niður á styrkleika gluggans.

Stíllanleg spjöld á báðum hliðum gluggans gefur möguleika á að stýra loftflæði að vild í gegnum gripahúsið.



JFC

GÓLF Í GRIPAHÚS



BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager

Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni.

Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla.

Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna óxulþunga.

Við bjóðum einnig sérsniðin velferðagólf fyrir steinbita.



Til á lager


NAUTGRIPIR,
SVÍN OG SAUÐFÉ

YLEININGAR

Yleiningar eru léttar stál-klæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauðs- eða steinullarkjarna.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.



BALEXMETAL



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands og garðyrkjubóndi í Gróðrarstöðinni Ártanga.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Heildarsamtök bænda með hagsmuni bænda að leiðarljósi

Vilmundur Hansen

Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi í Gróðrarstöðinni Ártanga, hefur verið formaður Bændasamtaka Íslands í rúmt ár. Hann segir verkefnið frá því hann tók við formennsku talsvert ólík því sem hann hafi búist við og hefur COVID-19 mikil áhrif þar á. Helsta mál Búnaðarþings 2021 er samþykkt á nýju félagskerfi Bændasamtakanna.

„Eftir að ég tók við sem formaður var samþykkt á Búnaðarþingi að meginstefnið í starfinu yrði að móta framtíðarsýn fyrir Bændasamtök Íslands í nýju félagskerfi og fyrsti fundur nýju stjórnarinnar um miðjan mars snerist um næstu skref í því máli. Það var samt varla búið að slíta þeim fundi þegar farið var að setja takmörk á samkomur vegna COVID-19 og allt í einu snerist helsta verkefni mitt og stjórnarinnar um að bregðast við þeim vágesti.

Bændasamtökin hófu strax vinnu, í samráði við Landlæknisembættið, við að búa til leiðbeiningar fyrir bændur og kanna aðstæður hjá þeim. Það þurfti að skoða þætti eins og hvort það mætti koma sæðingamaður á staði og hvernig samskiptin við mjólkurbílstjórnann og dýralækninn mættu vera, svo dæmi séu tekin. Það þurfti að skipuleggja vaktir á stöðum þar sem unnu tuttugu eða fleiri og hvernig ætti að setja upp sóttvarnarhólf og margt fleira.“

Gunnar segir að það hafi farið ótrúlega mikil vinna í þetta og sú vinna hafi staðið fram á vor. „Eftir það horfðum við nokkuð björtum augum fram á sumarið og fórum að skipuleggja heimsóknir um allt land til að kynna nýja félagskerfið. Það varð þó ekkert úr fundunum, þar sem sama dag og við ætluðum að auglýsa þá voru settar á samkomutakmarkanir sem hafa staðið síðan þá og óneitanlega hafa takmarkanirnar endurspeglast í þeim verkefnum sem við höfum verið að sinna undanfarna mánuði.“

Aukin vinna í félagsmál

„Eftir að fór að stytast í Búnaðarþing 2021 fórum við að leggja meiri vinnu í félagsmálin og breytingarnar sem eru í vændum. Undanfarið höfum við rætt við fulltrúa allra eininga sem koma að Bændasamtökunum, öll búnaðarsamböndin og öll búgreinafélögin þar sem við höfum verið að kalla eftir þeirra skoðunum og athugasemdum.

Vinnan hefur gengið vel en það sem hefur komið mér á óvart eftir vinnu fyrri félagskerfisnefndar, sem lagði fram tillögur á síðasta Búnaðarþingi, er hvernig félagskerfisbreytingin raungerist á lagalegum grunni. Bæði lagalegum grunni Bændasamtakanna og hinna ólíku félaga sem eru að ganga undir samtökin.

Málið er í raun flóknara en talið var í fyrstu. Sameiningin er einföld fyrir búgreinar eins og garðyrkjuna og loðdýrabændur, þar sem meðlinir verða að vera í Bændasamtökunum. Í Landsambandi kúabænda er staðan flóknari þar sem einstaklingur er, sem dæmi, aðili í sambandi kúabænda í Skagafirði og samband kúabænda í Skagafirði aðili að Landsambandi kúabænda, sem er svo með aðild að Bændasamtökum Íslands. Þannig að bændurnir sem slíkir eru ekki beinir aðilar að Bændasamtökunum.

Útfærslan á nýja félagskerfinu er búin að vera talsverð lagatæknileg útfærsla en ég held að við séum búin að leysa það mál farsælega og að komin sé sæmileg sátt um útkomuna.

Breytingar í þá átt að koma öllum búnaðarsamböndunum, búgreinafélögum og öllum bændum á landinu undir Bændasamtökin er helsta mál Búnaðarþings 2021. Í framhaldi af því geta Bændasamtökin farið að vinna sem ein heildarsamtök bænda með hagsmuni bænda að leiðarljósi, óháð hvers konar búskap þeir stunda.“

Samheldin stjórn

Gunnar segir að sitjandi stjórn Bændasamtakanna sé mjög samheldin og að hún starfi samhuga að málefnum allra bænda en ekki að neinum sérhagsmunum einhverrar einnar búgreinar. „Verkefnið er að gæta hagsmuna allra bænda í heild, alveg óháð búgrein, og að mínu mati er það lykillinn að því að ná árangri til framtíðar hjá íslenskum bændum og landbúnaði í Íslandi.“

Tollamálin

„Samhliða vinnu við félagsmálin var farið að vinna í svokölluðu jurtaostamáli sem snerist um að til landsins var verið að flytja inn ost í röngum tollflokkum, eða að megninu til venjulegan ost sem jurtaost og greiða þannig lægri toll. Sá slagur tók lungað úr sumrinu í tengslum við afurða-



Sigurdís Edda Jóhannesdóttir og Gunnar stofnuðu Gróðrarstöðina Ártanga sem nýbylí úr jörðinni Ormsstöðum í Grímsnesi árið 1986. Mynd / Úr einkasafni

stöðvar, fjármála- og landbúnaðarráðuneytið af mínum tíma.“

Fjárhagsleg staða Hótel Sögu

„Annað sem tekið hefur talsverðan tíma eftir að ég tók við sem formaður snýst um fjárhagslega stöðu Hótel Sögu. Nýtingartölur á hótelinu í janúar og febrúar voru ásættanlegar en í mars fór nýtingin niður fyrir 18% og í apríl fór hún niður í núll og hefur nánast verið engin frá þeim tíma.“

Það hefur því líka farið mikill tími í að gæta hagsmuna Bændasamtakanna í eigninni Bændahöllin ehf. Sú vinna er enn í gangi og við sjáum ekki enn til lands í því máli. Það hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu hótelsins, eins og lög um fjárhagslegt skjól gera ráð fyrir, og við höfum átt í viðræðum við fjölda áhugasamra aðila um kaup eða leigu á hótelinu. Þar á meðal Háskóla Íslands,“ segir Gunnar.

Undi illa í borginni

Gunnar fæddist í Reykjavík en að eigin sögn undi hann illa í borginni sem barn og var í sveit öll sumur frá því hann man eftir sér og fór austur í Laugardal og í Grímsnesið í framhaldi af því allar helgar eftir að hann hafði aldur til.

„Ég gekk í Verslunarskólann og tók þaðan verslunarpróf en fótaði mig ekki þar. Við Sigurdís Edda Jóhannesdóttir, eiginkona mín, kynntust um sama leyti og við eigum þrjú börn í dag og tíu barnabörn. Eftir það hóf ég nám í prentverki hjá afa mínum í prentsmiðjunni Odda, en fann mig ekki heldur í því starfi og daginn eftir að ég útskrifaðist með sveinspróf í offsettprentun í desember 1984 sagði ég starfinu upp og flutti austur í Grímsnes.“

Í framhaldi starfaði ég meðal annars við smíðar og að temja hross.“

Sigurdís er ættuð frá Ormsstöðum í Grímsnesi og Gróðrarstöðin Ártangi er nýbylí úr þeirri jörð.

„Venslamaður minn sem tengdist Blómavali, sem var Sigtún á þeim tíma, hafði orð á því við mig að fyrst það væri heitt vatn á jörðinni, hvort ég væri ekki til í að reisa þar gróðurhús og rækta fyrir hann pottaplöntur. Okkur hjónunum leist vel á hugmyndina og í framhaldi af því fór ég til Danmerkur og vann hjá þremur mismunandi garðyrkjubændum og fór í nám í garðyrkju. Um vorið 1986 kom ég heim og byggði fyrsta gróðurhúsið okkar og stofnaði Gróðrarstöðina Ártanga.“

Fyrsta gróðurhúsið var 200 fermetrar að stærð og þar ræktuðum við begóníur, burkna, jukkur og drekatré og um haustið ræktuðum við jólastjörnu. Sama ár byggðum við annað hús sem var 250 fermetrar. Í dag erum við með um 3.000 fermetra undir gleri og þökkunaraðstöðu og kæli í þúsund fermetra rými og framleiðum sumarblóm og krydd, jólastjörnur, túlípána, amaryllis, hyasintur og páskaliljur.“

Sýslar við eitt og annað

Auk þess að vera formaður Bændasamtaka Íslands er Gunnar einnig formaður Félags garðyrkjubænda, skólaneftndar Menntaskólans á Laugarvatni og Eignarhaldsfélags Suðurlands, sem er fjárfestingarfélag á Suðurlandi, og í stjórn Byggingastofnunar, þannig að hann sýslar við eitt og annað eins og hann kemst sjálfur að orði. „Og svo dreymir mig um að reisa ylræktarver einn daginn,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, að lokum.



Birna Kristín Baldursdóttir, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands og umsjónarmaður Erfðalindasetursins.

Mynd / Vilhjálmur Þórsson

Erfðaaauðlindir Íslands

Vilmundur Hansen

Erfðalindasetur Landbúnaðarháskóla Íslands er samstarfsvettvangur fyrir þá aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði. Aðsetur setursins er við Landbúnaðarháskólann, sem hefur umsjón með rekstri þess og umsýslu. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur fastan sess í setrinu og nýtur þjónustu þess.

Birna Kristín Baldursdóttir, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands og umsjónarmaður Erfðalindaseturs, segir að frá landnámi hafi búseta Íslendinga að stórum hluta byggst á búfénu, fiskinum í ám og vötnum, fóðurgrösum og skóginum.

„Þessar erfðaauðlindir hafa fætt og klætt þjóðina og veitt henni skjól, byggingar efni, orku og yndi frá því land byggðist. Auk þess eru þær hluti af menningarsögu og umhverfi landsins og eiga sér djúpar rætur í þjóðarsálinni.“

Samningur um líffræðilega fjölbreytni

Erfðalindasetrið var stofnað í maí 2009 í kjölfar samnings milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Landbúnaðarháskóla Íslands og Erfðanefndar landbúnaðarins. Tilgangur setursins er að stuðla að varðveislu erfðaauðlinda í íslenskum landbúnaði.

Íslendingar eru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og hafa því skuldbundið sig til þess að vernda og viðhalda erfðaauðlind-

um sínum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur verið falin ábyrgð á ræktarplöntum og húsdýrum, þar með talið fiski í ám og vötnum, og starfar hún nú í umboði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

„Búfé og plöntur hafa fylgt manningum í um 10.000 ár, eða frá þeim tíma sem maðurinn hóf að stunda akuryrkju og búfjárrækt. Búfé og plöntur ræktaði maðurinn í margvíslegum tilgangi með mismunandi áherslum eftir landsvæðum, hagsmunum og í félagslegum tilgangi. Í dag byggir landbúnaður á heimsvísu á nýtingu tiltölulega fárra plöntu- og dýra- tegunda og kröfur um hagræðingu í landbúnaðarframleiðslu á undanförunum árum hefur leitt til líffræðilegrar einsleitni í landbúnaði,“ segir Birna.

„Mikilvægi þess að varðveita erfðaefni villtra og nytjastofna dýra og plantna verður sífellt mikilvægara, enda liður í því að tryggja fæðuframboð og velferð mannkyns til lengri tíma. Einsleit ræktun, loftslagsbreytingar, smitsjúkdómar, eyðing búsvæða, mengun og stríðsátök ógna víða fágætum stofnum dýra og plantna sem gætu reynst mikilvægar í framtíðinni.

Við breyttar aðstæður getur verið þörf fyrir aðra eiginleika en nú er og á það við bæði um plöntur og dýr. Auk þess má nefna að kröfur markaðarins eftir landbúnaðarvörum eru sífellt að breytast. Síðast en ekki síst er menningarsögulegt gildi erfðaauðlinda mikilvægt, þar sem ræktun plantna og búfjár er órjúfanlegur hluti af menningarsögunni. Það er því vert að hafa í huga að varðveisla erfðaauðlinda er lykilatriði í varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og tapaðar erfðaauðlindir verða ekki endurheimtar.“

Erfðanefnd landbúnaðarins

Að sögn Birnu er hlutverk Erfðanefndar landbúnaðarins meðal annars að annast samráð innanlands um varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði og vera umsagnaraðili vegna innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem eru hér fyrir. „Einnig að hafa forgöngu um gerð áætlana um verndun og nýtingu búfjárstofna og tryggja viðhald á plöntum sem fjölga sér kynlaust og notaðar eru í landbúnaði. Auk þess að fylgjast með



Yndisgarður á Hvanneyri í Borgarfirði.

Mynd / Steinunn Garðarsdóttir



Íslenskar landnámshænur í Hlésey.

Mynd / Birna Kristín Baldursdóttir

stofnstærð og veita ráðgjöf um ræktun innlendra búfjarkynja sem eru í útrýmingarhættu. Standa að kynningu og fræðslu um gildi erfðaauðlinda og veita ráðgjöf til hagsmunaaðila og stjórnvalda um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Annast samskipti við erlenda aðila á starfssviði sínu í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og tengiliði hjá alþjóðastofnunum. Erfðanefnd landbúnaðarins er einnig ætlað að skapa faglega umgjörð um rannsóknir á erfðaauðlindum landsins og efla og styrkja aðkomu nemenda að rannsóknum.“

Norrænt samstarf

Til að tryggja varðveislu erfðaefnis til lengri tíma hafa margar þjóðir gripið til þeirra ráðstafana að stofna genabanka. Genabankar hafa því hlutverki að gegna að geyma erfðaefni til lengri tíma og þjóna því sem öryggisnet ef á þarf að halda. Það er því mikilvægt að til sé erfðaefni úr þeim dýra- og plöntustofn-

um sem við byggjum okkar afkomu á og búa yfir erfðabreytileika sem hægt er að sækja ef á þarf að halda. Ísland er aðili að Norræna genabankanum (Nordgen) sem er samstarfsvettvangur Norðurlandanna á sviði erfðaauðlinda. Norræni genabankinn vinnur að varðveislu og sjálfbærri nýtingu plantna, húsdýra og skóga. Með aðild að Norræna genabankanum hefur Ísland mjög góðan aðgang að varðveislu erfðahópa fræplantna. Er genabankanum falið að varðveita fræ af íslenskum nytjaplöntum og halda utan um upplýsingar vegna varðveislu á klónasöfnum eftir því sem þörf er talin á hverju sinni.

„Fræ af íslenskum nytjajurtum sem varðveitt eru hjá Norræna genabankanum í frægeymslu á Svalbarða, eru meðal annars hállíngresi, skriðlíngresi, snarrót, túnvingli, vallfoxgrasi og vallarsveifgrasi. Ýmsar matjurtir eru einnig varðveittar hjá genabankanum og má þar nefna kartöflur, melgresi og gulrófur.

Sumar nytjajurtir þarf að varðveita í klónasöfnum og hefur verið leitað eftir samstarfi við grasagarða og byggðasöfn til varðveislu á til dæmis rabarbara. Rabarbari hefur verið ræktaður hér á landi með farsælum hætti í að minnsta kosti 140 ár. Talið er að rabarbarinn hafi borist hingað til lands með dönskum embættismönnum í kringum 1880. Í dag eru hér á landi fjölmörg rabarbarayrki og hefur Grasagarður Reykjavíkur tekið að

sér varðveislu á 15 þeirra, auk þess hafa Skógasafn og Skráður í Dýrafirði tekið að sér varðveislu á rabarbara.“

Alþjóðlegt samstarf

Ísland er eitt stofnríkja Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem sett var á stofn 1945. Á vettvangi FAO sinna íslensk stjórnvöld málum sem varða hagsmuni Íslands í sjávarútvegi, landbúnaði og þróunarsamvinnu.

„Á nokkurra ára fresti óskar FAO eftir upplýsingum um stöðu mála hvað varðar erfðaaudlindir búfjár. ECPGR (European Cooperative for Plant Genetic Resources) er samstarfsvettvangur Evróplanda sem sér meðal annars um að styðja við framkvæmd áætlunar FAO um verndun erfðaeftnis plantna og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra í Evrópu.

Ísland er einnig aðili að EFABIS-Net (European Farm Animal Biodiversity Information System). EFABIS gagnagrunnurinn er tengdur DAD-IS upplýsingakerfinu sem geymir upplýsingar um erfðaaudlindir búfjár í öllum heiminum og rekið er á vegum FAO.

ERFP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources) er samstarfsvettvangur Evróplanda sem sér m.a. um að styðja við framkvæmd áætlunar FAO um verndun erfðaeftnis búfjár og heldur utan um skráningar búfjárkynja í samræmda gagnagrunna.

CryoWeb upplýsinga- og gagnavörslukerfi fyrir erfðaeftni búfjár var tekið í notkun hérlendis árið 2009. CryoWeb geymir upplýsingar um sæði úr nautum, hrútum og höfnum sem ætlað er til langtíma varðveislu. Aðkallandi verkefni er að stofnaður verði formlegur genabanki fyrir erfðaeftni húsdýranna okkar,“ segir Birna.

Erfðalindasetur Landbúnaðarháskóla Íslands

Helstu verkefni setursins snúa að umsjón verkefna á vegum Erfðanefndar landbúnaðarins en setrið er jafnframt hugsað sem staður fyrir ýmiss konar starfsemi sem tengist erfðaaudlindum. Til að mynda sem tengsla- og samskiptanet setursaðila þar sem miðla má reynslu, efla starfsemi og samskipti þeirra fjölmörgu sem láta sig varðveislu og



Forustufé.

Mynd / Bændablaðið.



Haustgeitur.

Mynd / Birna Kristín Baldursdóttir

sjálfbæra nýtingu erfðaaudlinda varða. Hvort sem það er út frá hagsmunum landbúnaðar, umhverfis eða menningar í víðu samhengi.

„Erfðanefnd landbúnaðarins gefur út á fimm ára fresti landsáætlun um erfðaaudlindir í íslenskrí náttúru og landbúnaði þar sem stefnumörkun nefndarinnar er sett fram. Hægt er að nálgast landáætlunina á heimasíðu nefndarinnar, www.agrogen.is, en þar er einnig að finna upplýsingar um íslenskar erfðaaudlindir og verkefni þeim tengd. Búfjárkynin okkar skapa ekki síst sérstöðu landbúnaðar hér á landi og eru þau því áberandi í landsáætluninni hverju sinni. Töluvert hefur áunnist á undanförunum árum og ber þar hæst fjölgun geita á Íslandi og aukin nýting afurða þeirra. Íslenski geitastofninn hefur verið í útrýmingarhættu svo lengi sem elstu menn muna en hættan hefur minnkað og vonandi heldur sú þróun áfram. Erfðanefnd landbúnaðarins gaf út verndaráætlun fyrir geitastofninn árið 2012 og er hún höfð til hliðsjónar við skipulagningu aðgerða til verndar stofninn. Áhersla hefur verið lögð á að bæta skýrsluhald sem haldið er utan um í sérstökum gagnagrunni sem nefnist Heiðrún. Gott skýrsluhald er mjög mikilvægt þegar kemur að varðveislu stofna sem hætta stæðjar að.

Sett hefur verið á stofn hafrásæðinga-stöð og áhersla lögð á að geitfjárræktendur nýti sér sæðingar til að sporna við skyldleikarækt sem hefur verið mikil í stofninum. Auk þess er langtíma varðveisla erfðaeftnis úr húsdýrunum okkar baktrygging sem hægt er að sækja í ef á þarf að halda seinna meir.

Geitfjárræktarfélag Íslands hefur í samstarfi við Matís unnið að rannsóknum á afurðum geita, mjólk og kjöt, sem styður við markaðssetningu afurðanna og sjálfbærni stofnsins. Í Bandaríkjunum er verið að rækta upp stofn íslenskra geita með sæði frá Íslandi af áhugasömum hjónum sem vilja leggja sitt af mörkum til verndar stofninum. Íslenska forustuféð hefur verið skilgreint sem sérstakt sauðfjárkyn og telst einnig í útrýmingarhættu og er nú unnið að því að efla skýrsluhald sem er mikilvægt fyrir framtíð stofnsins.

Auk þess hefur Fræðasetur um forustufé safnað saman upplýsingum um forustufé til fróðleiks fyrir almenning og sinnt rannsóknum á þessum einstaka stofni.

Einnig hefur verið unnið mjög gagnlegt starf í rannsóknum og viðhaldi á íslenskum yrkjum garð- og landslagsplantna í verkefni Yndisgróður sem er á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands. Yndisgarða er að finna á nokkrum stöðum á landinu, m.a. á Hvanneyri, Blönduósi, Sandgerði og Reykjavík. Söfn yndisgróðurs gegna mikilvægu hlutverki í að varðveita efnivið garð- og landslagsplantna og besta leiðin til að viðhalda þeirri fjölbreytni sem er til staðar hér á landi er að opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar noti harðger yrki garð- og landslagsplantna sem mest. Í landsáætluninni kemur fram að hvetja þurfi einnig til rannsókna og notkunar á innlendum plöntum við frágang framkvæmda á sérstökum náttúruverndarsvæðum. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur á undanförunum árum veitt styrki til rannsókna og annarra verkefna sem stuðla að varðveislu erfðaaudlinda í landbúnaði.“

Birna segir að verkefni fram undan hjá Erfðalindasetri séu fjölmörg og er þar helst að nefna eftirfylgni með stefnumörkunaráætlun erfðanefndar til næstu ára og samstarf á sviði varðveislu erfðaaudlinda bæði innanlands og við samstarfsaðila erlendis.



REKSTRARVÖRUR FYRIR LANDBÚNAÐ

Nilfisk háþrýstidællur, Exide rafgeymar, olfúr á vélarnar, ISO-vottaðar Evans hreinlætisvörur og Shift hreinsilögur til þrifa á gripahúsum og ýmsum landbúnaðartækjum er aðeins brot af rekstrarvörum okkar fyrir landbúnað og matvælavinnslu.



Pantanir í 515 1100 og pontun@olis.is

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | 515 1100 | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is

Tölfræði TB

Tölfræði TB



Sigurður Jóhannesson, formaður Hampfélagsins.

Mynd / Ragnheiður Erla Hjaltadóttir

Hampbyltingin á Íslandi

Vilmundur Hansen

Vaxandi áhugi er fyrir ræktun iðnaðarhamps hér á landi til að nota í ýmsum iðnaði, til dæmis við framleiðslu byggingarefna, umbúða, matvæla og fæðubótarefna. Iðnaðarhampur getur komið í staðinn fyrir ýmis efni sem ógna umhverfinu, eins og til dæmis plast.

Hjónin Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir, á bænum Gautavík í Berufirði, hófu tilraunaræktun á þremur yrkjum iðnaðarhamps, ‚Felina‘, ‚Futura‘ og ‚Finola‘ á tæpum hektara sumarið 2019, en Pálmi hafði tekið þátt í annarri slíkri tilraun árið 2013.

Tilgangurinn með ræktuninni, sem var bæði utan og innandyra, var fyrst og fremst að koma á vitundarvakningu um notagildi hamps og möguleikum hans til að stórauka sjálfbærni á fjölmörgum sviðum. Annars vegar í gegnum ræktunina sjálfa og hins vegar með því að gera tilraunir með að framleiða ólíkar vörur úr honum, eins og trefjaplötur sem efnivið í vörur sem þau framleiða, steypu, pappír, smyrsl, te og krydd. Upplýsingunum var jafnharðan komið á framfæri í gegnum samfélagsmiðla og fjölmiðla, á kynningum, ráðstefnum og fundum. Áhuginn varð það mikill að fyrirspurnum rigndi yfir þau og

fjöldi fólks hefur lagt leið sína til Gautavíkur til að berja ræktunina og framleiðsluna augum, þar með talið þingmenn, ráðherrar og ráðuneytisfólk. Bæði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Uppbygginga- sjóður Austurlands veitu styrk í verkefnið.

Þau hófu ræktunina þrátt fyrir að óvissu gætti í lögum um ræktun iðnaðarhamps hér á landi og sögðust líta svo á að það yrði þá til þess að henni yrði eytt, enda verið löglegt að rækta iðnaðarhamp innan Evrópusambandsins í áratugi. Með því væru þau að ryðja veginn fyrir þá sem á eftir kæmu. Þau höfðu samband við Matvælastofnun snemma vors 2019 sem veitti þeim leyfi til að flytja inn fræ af iðnaðarhampi í samræmi við reglur ESB og var sendingin stimulð af tollinum þegar hún kom til landsins.

Í nóvember sama ár kærði Lyfjastofnun þau til lögreglu með vísan í lög um ávana-

VIÐ BJÓÐUM VANDAÐ & HAGNÝTT NÁM



RÆKTUN & FÆÐA



NÁTTÚRA & SKÓGUR



SKIPULAG & HÖNNUN



VELKOMIN Í LBHÍ

Hlutverk Lbhí er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum.

Við leggjum áherslu á að efla rannsóknir, nýsköpun og kennslu með sjálfbærni, hagsæld og framsækni að leiðarljósi. Við bjóðum bæði starfsmenntanáms á framhaldsskólastigi, grunn- og framhaldsnám á háskólastigi. Starfsstöðvar okkar eru á Hvanneyri, Keldnaholti í Reykjavík og Reykjum við Hveragerði.

Við bjóðum góða þjónustu til nemenda í litlum skóla með mikla sérstöðu. Kannaðu málið á www.lbhi.is!

STARFSMENNTANÁM

Garðyrkjufraeðingur / Búfraeðingur

Blómaskreytingar

Búfraði

Garð- & skógarplöntuframleiðsla

Lífræn ræktun matjurta

Skógur & náttúra

Skrúðgarðyrkja

Ylrækt

GRUNN- & FRAMHALDSNÁM

Búvísindi BS MS PHD

Hestafræði BS MS PHD



Náttúru- & umhverfisfræði BS MS PHD

Skógfræði BS MS PHD

Landslagsarkitektúr BS

Skipulagsfræði MS PHD

Umhverfisbreytingar á norðurslóðum MS

finndu okkur á  
@lbhi / @landbunadarhaskoli



Oddný Anna Björnsdóttir, bóndi í Gautavík.

Mynd / Pálmi Einarsson

og fíkniefni. Lögreglan brást við með heimsókn og boðaði hjónin í skýrslutöku í kjölfarið. Eftir að hafa rýnt gögn málsins vísaði saksóknari því frá. Í rökstuðningi hans kemur fram að tilskilin leyfi hafi verið fyrir hendi, þau hefðu haft fordæmi frá 2013 þar sem Lyfjastofnun hafði gefið leyfi fyrir slíkri ræktun, hlotið styrk frá iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til að kaupa tæki til að vinna úr hampinum og þar að auki hefði ekki mælst snefilmagn af vímugjafanum THC í hampinum.

Þrátt fyrir að málinu hefði verið vísað frá var enn óvissa í lögum og hófst því mikil barátta við að ná því í gegn að regluverkinu yrði breytt.

Heilbrigðisráðherra veitti undanþágu

Í apríl 2020 veitti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra undanþáguheimild með breytingu á reglugerð nr. 233/2001 sem gerði innflutning, meðferð og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps mögulega. Heimildin er háð skilyrðum og takmörkunum svo tryggt sé að ekki verði fluttar inn eða ræktaðar plöntur sem innihalda THC í nýtanlegu magni, eða að hámarki 0,2%, sem er í samræmi við reglur ESB. Í júlí sama ár skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að yfirfara lög um ávana- og fíkniefni og gera drög að lagafrumvarpi þar sem kveðið verði á um skýrari lagagrundvöll og ábyrgð stofnana sem þurfa að koma að framkvæmd þegar kemur að leyfisveitingum og eftirliti með ræktun iðnaðarhamps sem heilbrigðisráðherra tekur síðan ákvörðun um hvort leggja skuli fram á vorþingi 2021.

Hátæknilausnir með hampi

Pálmi, sem er iðnhönnuður og stundaði nám í búfræði, er einlægur talsmaður sjálfbærni. Ein af þessum sjálfbærni-hugmyndum tengist því að rækta iðnaðarhamp og vinna úr honum hráefni fyrir eigin framleiðslu. „Áhugi minn á hampi og notkun á hampafurðum hófst fyrir rúmum áratug þegar ég starfaði hjá Össuri hf. sem rannsókn- og þróunarstjóri. Þegar ég fór að kynna mér möguleikana til að nýta hamp í framleiðslu á alls kyns hlutum, bæði til iðnaðar og lyfjagerðar, trúði ég varla eigin augum og áttaði mig fljótlega á því hversu röng pólitíkin í kringum plöntuna er og hversu miklir hagsmunir eru í húfi á mörgum sviðum. Það er reyndar með ólíkindum hvað er hægt að gera úr hampi og möguleikunum hefur fjölgað mikið á síðustu árum með nýrri tækni.

Samkvæmt þeim rannsóknum sem ég hef séð eru hamptrefjar með allra sterkustu trefjum sem finnast í plöntuheiminum og þótt víðar væri leitað. Í dag eru hamptrefjar notaðar í textíl, reipi, skófatnað, gólffjalir og yfirbyggingar á bílum og kjótið innan úr stönglum notað í einangrun í bílum og flugvélum, í steypu til húsbýgginga, undirburð undir skepnur og fleira.“

Pálmi tók að sér að kenna hönnun og smíði í Djúpavogsskóla í vetur og byrjuðu nemendurnir skólaárið á því að stinga hampfræjum í mold til að sýna þeim fram á að þau gætu ræktað sitt eigið hráefni. Fyrsta verkefnið var að búa til skartgripa úr hampinum sem hafði verið ræktaður í Gautavík.

Hampur á Íslandi

Heimildir eru fyrir því að landnámsmenn hafi flutt hampfræ með sér til landsins enda ræktaður í Skandinavíu á þeim tíma og hafa þau meðal annars fundist í víkingagröfum hér á landi.

Fyrstu skráðu heimildir um ræktun á hampi á Íslandi er að finna í bréfi sem Vísi-Gísli sendi syni sínum árið 1670 þar sem hann segir frá tilraunum sínum með að rækta innfluttar plöntur. Á listanum er meðal annars að finna bygg, kúmen, spínat og hamp.

Hampur er nefndur sem hugsanleg ræktunarplanta í bókinni Íslensk urtagarðsbók, sem Ólafur Olavíus þýddi úr dönsku og gaf út árið 1770. Á 18. og 19. öld voru að sögn Þorvaldar Thoroddsen gerðar tilraunir með ræktun á hampi og hör hér á landi. Að hans sögn tókst ágætlega til með hörinn en illa með hampinn. Skúli Magnússon landfógeti segir einnig að gerðar hafi verið tilraunir með að rækta hamp og hör hér á landi á 18. öld og vel hafi tekist til með hvort tveggja.

Í Garðagróðri eftir Ingólf Davíðsson og Ingimar Óskarsson, sem kom fyrst út árið 1950, segir meðal annars um hamp: „Úr stöngultrefjunum er unninn hampur, sem er hafður í kaðla, snæri, striga o.s.frv. Jurtin er ræktuð til skrauts, vegna þess hve blaðfalleg hún er. Þarf skjól. Gott er að binda hana við prik til stuðnings. Þrífst vel. Fjölgað með sáningu.“

Á seinni hluta fyrsta áratugar þessarar aldar reyndi Sveinn Jónsson frá Kálfskinni fyrir sér með hamprækt í Eyjafirði sem hann taldi að gæti nýst vel til iðnaðar og fódurgerðar. Uppskeran var góð og náðu plönturnar þriggja metra hæð. Sveinn var bjartsýnn á framhaldið og möguleika á vinnslu hráefnisins og stofnaði fyrirtækið Hamptech Global Warming ásamt fleirum utan um vinnsluna.

Hamptech gerði samninga um tilraunaræktun á iðnaðarhampi á nokkrum stöðum á landinu, þar á meðal við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Swedish University of Agricultural Sciences. Fræjum var sáð í spildu við Hvanneyri en vegna misskilnings misfórst ræktunin. Fræjum var einnig sáð á Kálfskinni á Árskógsströnd og á Möðruvöllum í Hörgárdal.

Um tilraunaræktunina á Möðruvöllum segir að fimm viðurkenndum iðnaðarhampsyrkjum hafi verið sáð í illgresislausan kornakur á fjárhústúninu við bæinn 8. maí 2008. Í samantekt Landbúnaðarháskólans um þá tilraun segir meðal annars að hampurinn sé lengi að koma sér af stað á vorin en að hann nái miklum vaxtarhraða þegar líði á vaxtartímann. Þar segir að hampur geti skilað þokkalegri þurrefnisuppskeru en nái sjaldan fullum þroska eða myndi fræ við íslenskar aðstæður.



Pálmi Einarsson skoðar blómgun hamps.

Mynd / Oddný Anna Björnsdóttir

Ekkert varð úr áformum um áframhaldandi ræktun Hamptech og hún lagðist af.

Bylting í ræktun 2020

Samkvæmt samantekt stjórnar Hampfélagsins voru flutt inn á milli 600 og 700 kíló af fræi iðnaðarhamps á síðasta ári. Landstólpi flutti inn 275 kíló, Hemp Living 350 kg og áætlað stjórnin að einstaklingar hafi flutt inn 100 til 200 kíló á eigin vegum.

Sé miðað við að flutt hafi verið inn 650 kíló af fræjum og að 20 kíló fari á hektara hefur iðnaðarhampur verið ræktaður á 32,5 hekturum hér á landi sumarið 2020. Ræktendur sem ræktuðu hamp á 250 fermetrum og upp í tvo hektara voru um 20 og hundruð annarra ræktuðu hann í minna magni. Auk þess er vitað af fjölda

fólks sem ræktaði eina eða fleiri plöntur sér til skemmtunar í heimilsgörðum eða stofugluggum.

Uppskera á hektara er mjög breytileg og samkvæmt erlendum tölum er hún 3 til 8 tonn af trefjum. Sé miðað við um fjögurra tonna uppskeru á hektara hér á landi af trefjum getur heildaruppskeran af hamptrefjum hafa verið um 130 tonn.

Nýtingarmöguleikar

Líkt og komið hefur fram eru úrvinnslumöguleikar úr hamptrefjum nánast óendanlegir en vinnsla á iðnaðarhampi er ekki bara bundin við trefjarnar. Í plöntunni er meðal annars að finna kannabínóða og er CBD þeirra þekktastur.

Trénið innan í stönglinum, börkurinn, ræturnar, blóminn og fræin, allt er þetta nýtt. Sem dæmi eru fræ plöntunnar nýtt í alls kyns matvæli, meðal annars matarolíu (svokölluð hampolía), trefja- og próteinmjöl, drykki, unnar matvörur og sem dýrafóður. Blómin og lafin eru gjarnan þurrkuð og nýtt sem te og krydd og í fæðubótarefni, hreinlætis-, snyrti- og lækningavörur.

Mikill áhugi

Sigurður Jóhannesson, formaður Hampfélagsins, segir að félagið hafi verið stofnað í september 2019. Skráðir félagar í Hampfélaginu séu að nálgast 200 og þeim fari fjölgandi. Auk þess séu um 3.000 manns búnir að líka við Facebook-síðu félagsins og um 900 manns í Facebook-hópi félagsins, Hampræktendur og markaðstorg.

„Mín sýn á kannabis er sú að þessi planta hefur fylgt mannkyninu allt frá því að hann reis á tvo fætur og sé mikil nytjaplanta. Að mínu mati eigum við að halda áfram að nýta plöntuna og alla þá möguleika sem hún býður upp á. Ég lít einnig svo á að við Íslendingar eigum að þróast í átt til meiri sjálfbærni og að hampur geti átt stóran þátt í því. Úr iðnaðarhampi má vinna nánast hvað sem er, til dæmis matvöru, plast, lífdísil og einangrun. Fyrir utan það að plantan er góð til kolefnisjöfnunar.

Ég mundi vilja sjá áttak í því að rækta hamp og setja upp vinnslustöðvar til að vinna úr honum. Mörgum finnst vera skortur á tækifærum á Íslandi, ekki síst eftir að ferðamannastraumurinn minnkaði. Þetta er bara alrangt því hér á landi eru ekkert nema tækifæri og við þurfum bara að nýta þau og þar á meðal er stórt tæki-



Dæmi um vörur úr hampi.

Mynd / Pálmi Einarsson



Þórunn Jónsdóttir ásamt bændunum á Sandhóli í Skaftárhreppi, á hampakrí.

Mynd / Ingvar Sigurðsson

færi sem starir í andlitið á okkur og felst í ræktun á iðnaðarhampi.

Við getum ekki heldur litið framhjá því að það felast líka gríðarleg tækifæri í ræktun á lyfjahampi. Danir eru búnir að leyfa ræktun á honum og fjöldi bænda þar í landi búnir að skipta tótmötum í gróðurhúsum út fyrir lyfjahamp og aukið tekju sínar gríðarlega.“ Talið er að árið 2025 verði lyfjahampur stærsta útflutningsvara Danmerkur.

Sigurður segir að maðurinn framleiði sjálfur kannabínóða, endocannabinoids, og að í taugakerfinu séu kannabínóða-móttakar og þeir því ekki líkamanum framandi og að hann hafi heyrt hundruð fólks lýsa góðri reynslu af notkun kannabídiól fæðubótarefnis, eða CBD.

„Ég ræktaði hamp á 20 fermetrum í garðinum okkar í Garðabæ síðastliðið sumar. Ræktunin gekk vel, þrátt fyrir mikið rigningartímabil í maí, og hampurinn við pallinn hjá mér náði 180 sentímetra hæð. Yrkið sem ég rækta heitir ‚Finola‘ og ég nota uppskeruna í krem og te fyrir mig og stórfjölskylduna og hún dugar í marga mánuði.“

Matís, hampur og verkefnið FutureKitchen

Í jólablaði Bændablaðsins 2020 var grein frá Matís undir fyrirsögninni Ein planta sem uppfyllir allar þarfir mannkyns? Í greininni segir meðal annars að iðnaðarhampur sé afar fjölbær planta sem hafi oft verið umdeild.

„Algengt er að fólk hafi illan bifur á henni vegna þess að henni er oft ruglað saman við hamp sem er ræktaður í þeim tilgangi að framleiða vímuefni.

Báðar þessar hamplöntur tilheyra sömu fjölskyldu en iðnaðarhampinn er ekki hægt



Sáning á hampi á Sóleyjarbakka í Hrunamannahreppi.

Mynd / Óli Finnsson.



Frostskemmdir á hampi.

Mynd / Óli Finnsson

að nota til vímuefnaframleiðslu af neinu tagi. Iðnaðarhampur var hagnýttur um aldir í ýmsum tilgangi en féll í ónáð sökum þessarar tengingar. Nú er fólk að enduruppötva þessa fjölbæfu plöntu og fyrstu skref gefa væntingar um spennandi framhald.“

Í verkefninu FutureKitchen, sem leitt er af Matís með styrk frá evrópska samkeppni-issjóðnum EIT Food, eru notkunar-möguleikar iðnaðarhampsins skoðaðir og þeim miðlað áfram á myndbandsformi. Gömul kínversk goðsögn ku segja af því að í árdaga hafi guðirnir gefið mannkyninu eina plöntu sem uppfyllt gæti allar

þeirra þarfir, þá plöntu sem nú er kölluð iðnaðarhampur.

„Plantan er líka merkileg fyrir margra hluta sakir. Mögulegt er að nýta alla hluta plöntunnar svo ekkert fer til spillis. Hún vex hratt, hefur góð áhrif á umhverfi sitt, er harðgerð og hægt er að nýta hana til að búa til fjölbreytta hluti.

Einnig má nýta hana í margvíslega matvælaframleiðslu þar sem hún er bæði bragðgóð og næringarrík. Stilkinn og ræturnar má nota sem hráefni í iðnaði, en fræin, blómin og lafin eru æt. Hamplauf eru rík af járni, sinki, kalíum, magnesíum og fosfór, en hampfræ eru frábær uppspretta af fjölmættaðri fitu, próteini, E-vítamíni og ýmsum nauðsynlegum steinefnum.

Mögulegt er að rækta iðnaðarhamp á Íslandi og hefur það færst töluvert í aukana á undanförunum árum.“

Í greininni segir að nemendur í Hallormsstaðaskóla, sem stunda nám í sjálfbærni, ýmist með áherslu á sköpun og matarfræði eða textílvinnslu, hafi kannað möguleika hampsins og galdrað fram nýstárlega rétti á borð við hamp pasta, hamp tahini (hampini) og hamp latté. Auk þess sem nemendurnir hafi þróað alls kyns snyrtivörur, smyrsl, fataliti og efni til textílhönnunar sem unnið var frá grunni úr plöntunni.

Námskeiðið hét sjálfbærnilausnir úr iðnaðarhampi og var Pálmi Einarsson í Gautavík leiðbeinandi. Hampurinn var úr ræktuninni í Gautavík og uppskáru nemendurnir hann sjálfir.

Hampur kominn til að vera

Þórunn Jónsdóttir, ein af stofnendum Hampfélagsins, ræktaði sumarið 2019 hamp á um einum hektara lands í samstarfi við bændur á Sandhóli í Skaftárhreppi. „Við settum niður tvö yrki, ‚Finola‘, sem er blómayrki, og ‚Earlina‘, sem gefur af sér meira af trefjum.

„Okkar mat er að hampur geti vel vaxið hér á landi og að full ástæða sé til þess að halda ræktun áfram, enda gekk hún vonum frammar. Uppskeyra síðasta sumars var nýtt á margvíslegan hátt en hluti hennar var nýttur í tilraunaskyni. Við vildum skilja fullvaxta plöntur eftir í jörðu til þess að



Íslensk hamplanta sem myndaði fræ að Eystra-Selja-landi sumarið 2020. Mynd / Logi Unnarsson Jónsson

greina áhrif niðurbrots plöntuleifa á jarðveg. Þannig höfum við tækifæri til þess að mæla jarðvegsgildi og kanna ræktunarskilyrði fyrir ræktun næsta sumars.“

Þórunn segir að þegar hafi verið ákveðið að bæta við ræktun næsta sumars og að rækta hamp víðar á landinu og ef allt gengur að óskum verði sú uppskera nýtt í samstarfsverkefni við innlenda og erlenda aðila, þar sem áhersla verður lögð á ýmis nýsköpunarverkefni.

„Að mínu mati er hampur kominn til að vera og ég hlakka til að halda ræktun áfram um ókomin ár. Möguleikarnir eru ótrúlega margir og það verður mjög spennandi að taka þátt í þeim fjölmörgu jákvæðu verkefnum sem þeim fylgja,“ segir Þórunn.

Fyrsti hamþjórinn

Óli Finnsson garðyrkjubóndi ræktaði hamp af fjórum yrkjum á 4.000 fermetrum á Sóleyjarbakka í Hrunamannahreppi sumarið 2020. Hann ræktaði yrkin ‚Futura 75‘, ‚Fedora 32‘, ‚Finola, og ‚Earlina‘, sem eru bland af trefja- og fræyrkjum, og náðu hæstu plönturnar 150 sentímetra hæð.

„Ræktunin gekk með ágætum en fræin komu heldur seint til landsins og því seinkaði sáningu um tíu daga frá því sem ég hefði viljað. Júlímánuður var heldur kaldur og því tóku plönturnar ekki vaxtarkipp fyrir

Hampfélagið

Hampfélagið var stofnað í september 2019 af áhugafólki um iðnaðarhamp og CBD og kom eins og stormsveipur inn í íslenskt samfélag. Markmið félagsins er að fræða og miðla þeim ávinningi sem hlýst af nýtingu hamps fyrir betri og sjálfbærari framtíð.

Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var að halda málþingið Hampur til framtíðar á Grand Hótel Reykjavík, í október 2019. Þar sem hampur hafði verið bannaður í 50 ár og þekking almennings á plöntunni takmörkuð var ekki vitað hversu margir myndu mæta. Um 300 manns mættu á svæðið og þurfti fólk frá að hverfa því salurinn yfirfylltist af fólki sem var þarna komið til að læra um þessa mögnuðu plöntu.

Á þinginu tóku til máls Pálmi Einarsson, iðnhönnuður og hampræktandi, Stuart Titus, forstjóri Medical Marijuana Inc., Janne Heimonen, yfirmaður Kannaway í Evrópu, Maren Krings heimildaljósmyndari og Sigurður Hólmur Jóhannesson, formaður Hampfélagsins. Fyrirlestrana má finna á heimasíðu og Facebook-síðu Hampfélagsins, en félagið er einnig með lokaðan hóp á Facebook undir nafninu Hampræktendur og markaðstorg.

Fljótlega eftir málþingið var Hampfélaginu boðið að halda kynningar á hinum ýmsu stöðum. Félagið sendi einnig upplýsingar um hampinn á þingflokka og var í framhaldinu boðið að halda kynningar á honum þar sem allir tóku vel í málið. Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands, sveitarfélög og fleiri sendu jafnframt áskorun til stjórnvalda um að heimila innflutning, ræktun og framleiðslu á vörum úr iðnaðarhampi.

Halldóra Mogensen hefur verið ötull stuðningsmaður hampsins og lagt fram tvær þingsályktunartillögur varðandi aðgengi almennings að CBD (kannabidiol), en sem stendur hefur almenningur ekki aðgengi að því vegna afstöðu Lyfjastofnunar sem flokkar CBD sem lyfjafæni, en ekki fæðubótarefni.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra tók málið að sér og þverpólitísk sátt um málið varð til þess að í apríl 2020

HAMPFELAGIÐ



HAMPUR FYRIR
FRAMTÍÐINA

gerði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra reglugerðarbreytingu sem heimilaði innflutning, meðferð og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps. Þess má geta að þremur vikum áður hafði Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sett ráðstafanir til að stuðla að ræktun iðnaðarhamps í aðgerðaáætlun sína um leiðir til að mæta áhrifum COVID-19 á landbúnað og sjávarútveg.

Landsmenn brugðust skjótt við og voru flutt inn hátt í 700 kg af fræjum það vorið, sem nægir í 30 hektara, en einn hektari gefur af sér 3 til 8 tonn af trefjum, samkvæmt erlendum tölum. Í vetur hafa aðilar hringinn í kringum landið verið að gera tilraunir með að vinna úr hampinum alls kyns iðnaðarvörur og matvæli, eins og byggingarefni, trefjaplötur, umbúðir, fatnað, pappír, rafhlöður, hreinlætis- og snyrtivörur, te, krydd, drykki, pasta og brauð.

Hampurinn hefur verið mikið í umræðunni og fengið mikla umfjöllun á ólíkum miðlum. Þrátt fyrir að landsmenn virðist deila um flest, virðist umræða tengd iðnaðarhampi nánast eingöngu vera jákvæð. Í nýlegri umfjöllun Bloomberg fréttastöðvarinnar var bent á að þessi nýi iðnaður gæti komið sterkur inn í kjölfar samdráttar í ferðamannaíðnaðinum vegna COVID-19.

Um þessar mundir stendur yfir undirbúningur fyrir sumarið, en áætlað er að ræktað verði á að minnsta kosti 150 hekturum sem er fimm sinnum meira en í fyrra og verður spennandi að sjá nýsköpunina sem kemur út úr því. Það er einlæg von Hampfélagsins að stjórnvöld muni ekki láta sitt eftir liggja og styðja myndarlega við þennan nýjasta og einna mest spennandi vaxtarbrodd í íslensku samfélagi.



Íslenskar hamprefjar.

Mynd / Logi Unnarson Jónsson

en í lok júlí og mestur vöxturinn átti sér stað á fjörutíu dögum. Síðan kom nætur-frost sem felldi blöðin og toppana áður en ég náði að uppskera stönglana af ‚Futura‘, ‚Fedora‘ og ‚Earlina‘ yrkjunum. Úr því að frostið fór illa með vöxtinn ákvað ég að nýta stönglana í grænfóður til að fóðra jarðvegslífið og bæta jarðveginn fyrir ræktun næsta árs.

Ég tók einnig þátt í að framleiða fyrsta hampbjórinn úr blómum ‚Finola‘ í samvinnu við Bruggsmiðjuna Steðja. Blómgun hjá mér var góð og blómin nota ég í te fyrir mig og vandamenn.“

Óli segir ekki spurningu um hvort hann ætli að handa áfram að rækta iðnaðarhamp og að hann hafi farið að leggja drög að áframhaldinu strax eftir áramót.

Lífplast

Robert Francis hjá Hemp Pack segir að fyrirtækið vinni að þróun lífplasts sem ber nafnið Polyhydroxyalkoanates (PHA) og kemur í staðinn fyrir hefðbundið plast. „Lífplast, sem er unnið úr hampi, hefur mismunandi eiginleika svo sem teygjanleika, stífleika, hitaþol og niðurbrotstíma, allt eftir því hvernig samsetningin er. Það brotnar ekki niður í míkroplast heldur leysist upp í náttúruleg efni á mun styttri en það plast sem notað er í dag. Hampur er þekktur fyrir mikið magn sellulósa sem hægt er að breyta í kolvetni sem eru notuð til þess að framleiða lífplastið. Þetta er afar hentugt þar sem plastið er aðallega framleitt úr tréni hampsins eða innri kjarni stöngulsins og af því leiðir að hægt er að framleiða matvæli, fatnað og lífplast úr einni og sömu uppskerunni.



Hampbjór frá Steðja.

Mynd / Óli Finnsson.

Næsta skref hjá okkur er að leggja loka-hönd á frumtýpu framleiðslunnar og er hún væntanleg á fyrri helmingi 2021.“

Verkefnið hefur hlotið fjölda viðurkenningar það hlaut annað sætið í Gullegginu auk verðlauna frá Össuri, KPMG á Íslandi og Hugverkastofu Íslands. Hemp Pack hefur fengið styrk til áframhaldandi þróunar frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Samtökum Sveitarfélaga á Vesturlandi. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Háskólann á Akureyri og bændur á Vesturlandi.

Umhverfisvæn hampsteypa

Logi Unnarson Jónsson, eigandi Græna Steinsins ehf. og stjórnarmaður í Hampfélaginu, auk þess sem hann er í starfshópi ríkisstjórnarinnar um að móta aðgerð-



Blóm yrkisins ‚Finola‘ undir smásjá.

Mynd / Pálmi Einarsson

aráætlun um loftslagsmál fyrir byggingariðnaðinn, ræktaði iðnaðarhamp á 0,7 hekturum undir Eyjafjöllum síðastliðið sumar. Við sáðum 3. maí á berangri og fremur lítið unnum jarðvegi fyrir hamprækt og bættum lítilræði af tilbúnum áburði. Miðað við að þetta eru ekki bestu aðstæður gekk ræktunin vel og ég sannfærðist um að hún sé möguleg.

Uppskeran af trefjum var minni en ég vonaðist til, en blómaupskeran var sæmileg og við fengum um 40 kíló af þurrkuðum blómum og plantan náði að þroska fræ sem er að mínu viti í fyrsta sinn sem hún hefur gert það utandyra hér á landi. Plönturnar voru á bilinu 40 til 90 sentimetrar og því ekki grundvöllur til að nýta stilkana eins og til stóð.“

Áhugi Loga á hampi tengist notkun hans í byggingariðnaði og hefur hann mestan áhuga á trefjunum sem iðnaðarhampurinn gefur af sér. „Kristinn Sæmundsson í Vatnsnesi sem ræktaði hamp á 0,5 hekturum síðastliðið sumar fékk mun betri uppskeru af trefjum en ég en engin blóm og við skiptumst á blómum og trefjum, auk þess sem ættingjar og vinir hafa notið góðs af blómunum í te eða krydd.“

Logi er í samvinnu við Eflu verkfræðistofu við rannsóknir á notkun hamps í steypu. „Hampsteypa hefur á undanförunum árum verið að vekja verulega athygli og notkun hennar í húsbýggingar að aukast í heiminum. Steypa er gerð úr hamptrefjum, kalki og vatni sem blandað er í hrærivél og annaðhvort er hægt að búa til úr blöndunni forsteyptar einingar eða að hella blöndunni í mót og steypa á staðnum.“

Reynslan af steypunni er góð og vonandi sýna rannsóknir fram á að hún geti nýst á Íslandi. Hampsteypa er umhverfisvænni en hefðbundin steypa. Ef hús úr hampteypu verður einhvern tíma rífið er hægt að kurla



Óli Finnsson og yrkið „Fedora 32“.

Mynd / Sveinbjörg Bjarnadóttir

niður hampsteypuna og nota hana sem áburð og kalkgjafa við ræktun, fullkomin hringrás. Að sögn Loga gæti góð uppskera af trefjum af plöntum sem ná um 2,5 metra hæð af einum hektara lands nægt til að framleiða hampsteypu í um það bil 100 fermetra einbýlishús.

„Næsta sumar ætlum við að færa ræktunina á svæði sem nýtur skjóls af umliggjandi skógi og vinna jarðveginn betur. Ég vonast því eftir að uppskeran af trefjum verði betri en síðastliðið sumar.“

Horfur 2021

Allir viðmælendur Tímarits Bændablaðsins eru sammála um að ræktun á iðnaðarhampi eigi sér framtíð á Íslandi eins og árangurinn 2020 sýni. Rúnar Skarphéðinsson, sölustjóri búrekstrardeildar Landstólpa, segir að fyrirtækið hafi flutt inn 275 kíló að yrkinu ‚Finola‘ frá Finnlandi síðastliðið vor. „Við renndum blint í sjóinn með magnið og hefðum getað pantað tvisvar ef ekki þrisvar sinnum meira því að áhuginn á fræjunum var mikill og fólk var að leita til okkar fram eftir öllu vori eftir fræjum.“

Rúnar segir að í vor standi til að flytja inn um 200 kíló af ‚Finola‘. „Vandinn við það yrki er að plönturnar eru fremur

lágvaxnar og henta því síður til trefjavinnslu. Við erum líka að skoða annað finnskt yrki sem kallast ‚Felina‘ og hefur reynst ágætlega í tilraunaræktun hér og ætlum að flytja inn um 300 kíló af því.

Hjá Hemp Living fengust þær upplýsingar að fyrirtækið hafi flutt inn 350 kíló af fræjum í fyrra. Í ár stendur til að flytja inn að minnsta kosti 700 kíló af fjórum ólíkum yrkjum, ‚Kombolti‘, ‚Earlina‘, ‚Futura‘ og ‚Finola‘.

Lyfjahampur

Á Alþingi hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga um að fela heilbrigðisráðherra í samráði við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að útbúa frumvarp sem heimilar garðyrkjufyrirtækjum að sækja um leyfi fyrir ræktun lyfjahamps (*Cannabis indica*) til kannabisræktunar og til framleiðslu og dreifingu á kannabislyfjum í lækningaskyni.

Z STÁLGRINDARHÚS



KLÆÐNINGAR





Atli Brendan og kona hans, Sigrún Hulda Jónsdóttir, fluttu inn fyrsta Pudelpointer-hundinn til Íslands árið 2016 en þessi tegund passaði vel við allt það sem hjónin voru að leita eftir í einni hundategund. Mynd / Úr einkasafni

Algjör sprenging í gæludýrahaldi hérlendis

- COVID-19 hafði veruleg áhrif á þróunina

Erla Gunnardóttir

Árið 2020 voru 1.820 hvolpar af 61 tegund úr 403 gotum skráðir í ættbók hjá Hundaræktarfélagi Íslands en til samanburðar voru 1.307 hvolpar skráðir árið 2018. Ljóst er að um gríðarlega fjölgun er að ræða enda langur biðlisti hjá ræktendum fyrir hvert got sem geta valið úr þegar ákveða skal nýja eigendur. Sömu sögu má segja í hreinræktuðum köttum en í dag eru á bilinu 12–13 tegundir ræktaðar hérlendis og langir biðlistar fyrir hvert got hjá öllum ræktendum. Fyrirspurnum til félaganna fjölgaði umtalsvert á síðasta ári, í kjölfar kórónuveirufaraldursins.

Fjórar tegundir bættust inn í hundaflórana hérlendis á síðasta ári, sem sagt nýjar tegundir í ræktun. Þessar nýju tegundir eru German hunting terrier, Miniature bull terrier, Pudelpointer og Wire-haired Pointing Griffon Korthals. Auk þess voru rúmlega 100 innfluttir hundar skráðir inn í Hundaræktarfélagið á liðnu ári.

Guðný Rut Isaksen er framkvæmdastjóri Hundaræktarfélags Íslands og segir hún félagið finna vel fyrir aukinni eftirspurn eftir hvolpum. Mikið og öflugt starf sé unnið innan félagsins sem tekur með glöðu geði við fleiri félögum en minnir jafnframt á að ýmislegt ber að hafa í

huga áður en fólk fær sér hvolp inn á heimilið.

„Við vonum auðvitað að fólk sé búið að kynna sér vel málið og hugsa sig vel um áður en það fær sér hund inn á heimilið. Við fögnum því að áhugi á hundaeign sé að aukast og þá um leið áhugi á félaginu. Það er mikil hreyfing í þessu og margir óska eftir hreinræktuðum hvolpi. Ég hef heyrt af ræktendum þar sem pósthólfíð fyllist um leið og fréttist af goti. Það er ekki endilega sá fremsti á listanum sem fær hvolp, heldur hafa ræktendur möguleika á að velja úr og það er jákvæð þróun,“ útskýrir Guðný.



Guðný Rut Isaksen er framkvæmdastjóri Hundaræktarfélags Íslands en þar á bæ fer aukinn áhugi á hundaeign hérlandis ekki framhjá starfsmönnum félagsins. Á tveimur árum jókst skráning á hreinræktuðum hvolpum um rúmlega 500 talsins sem er gríðarleg aukning.

Mynd / Úr einkasafni

Fjölbreytt starfsemi fyrir hundaeigendur

Guðný segir dæmi af félagsmanni hjá þeim sem fór nýverið í sjónvarpsviðtal og fékk ekki frið í margar vikur og var meðal annars bankað upp á heima hjá henni, svo mikill var atgangurinn.

Hundategundir með mestan fjölda skráninga árið 2020:

1.	Labrador retriever*	282 hvolpar í 44 gotum
2.	Miniature schnauzer*	210 hvolpar í 50 gotum
3.	Íslenskur fjárhundur*	174 hvolpar í 39 gotum
4.	Maltese*	83 hvolpar í 28 gotum
5.	Coton de tuléar*	77 hvolpar í 16 gotum
6.	Cavalier king charles spaniel*	59 hvolpar í 15 gotum
7.-9.	German shepherd dog*	48 hvolpar í 11 gotum
7.-9.	Golden retriever	48 hvolpar í 7 gotum
7.-9.	Miniature pinscher*	48 hvolpar í 11 gotum
10.	English cocker spaniel	42 hvolpar í 9 gotum

*Stjórnumerktar tegundir voru líka í efstu 10 sætum árið 2019

„Við höfum tvöfaldað félagsmannatöluna frá árinu 2016 og í dag eru um fjögur þúsund félagsmenn hjá okkur. Nýir hvolpaeigendur fá fría aðild fyrsta árið. Við bjóðum upp á ýmsa starfsemi eins og hlýðnínámskeið, hundafimi og veiðipróf fyrir mismunandi tegundir hunda sem dæmi. Einnig eru vinsæl smalaeðlísám-

skeið hjá okkur sem bændur eru duglegir að koma á með hundana sína. Það er gott að eiga fjölhæfan hund með gott eðli og sem er góður fulltrúi tegundarinnar,“ segir Guðný og bætir við:

„Ræktunarsýningar eru einnig fyrirferðarmiklar í starfseminni þar sem ræktendur

Harðskafi

Við sendum í einum grænum

www.hardskafi.is • sala@hardskafi.is • Sími 896-5486

fá ræktunardóm á hundana sína. Þá eru oft erlendir sérfræðingar og dómarmar sem meta hundana út frá geðslagi og byggingu og hversu álitlegur hundurinn er sem ræktunardýr. Þá eru þetta ekki eingöngu ræktunarsýningar heldur líka keppni. Einnig bjóðum við félagsmönnum upp á heilbrigðisskoðun, gefum út blaðið Sám tvisvar á ári og starfrækjum hvolpa-skóla sem er margbókað í langt fram í tímann. Þannig að það er ýmislegt sem við komum að ásamt málefnum er varða hunda í stjórnerfinu. Okkar draumur er að eignast nýtt húsnæði með góðu útisvæði því starfsemin hefur stækkað gríðarlega undanfarin ár.“

Mikil ábyrgð fylgir gæludýraeign

Margrét Bára Magnúsdóttir stýrir Stjörnuljósaræktun fyrir ræktun á íslenska fjárhundinum og persneskum köttum. Hún hefur verið ræktandi til margra ára og segist finna mikið fyrir auknum áhuga Íslendinga á katta- og hunda-eign, sérstaklega í kjölfar COVID-19 faraldursins. Hún óttast mjög afleiðingar þess þegar lífið kemst aftur í eðlilegar skorður og fólk byrjar að ferðast milli landa á ný, enda ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að hótelum fyrir gæludýr hérlendis.

„Ég hef ræktað íslenska fjárhunda í rúm 20 ár og persneska ketti í 16 ár og staðið fyrir innflutningi á persneskum köttum með samstarfsaðila mínum og vinkonu, Hörn Ragnarsdóttur. Ég hef alltaf verið mikil dýrakona og elskað dýr frá því að



Margrét Bára Magnúsdóttir er með Stjörnuljósaræktun fyrir ræktun á íslenska fjárhundinum og persneskum köttum. Hún á sex ketti og segir það dýrt sport en hún hefur ræktað þá sjálf frá árinu 2004 og flutt þá inn erlendis frá. Hér er hún með hundinn sinn Ljóna af íslenska fjárhundakyninu. Mynd / Úr einkasafni

ég var lítið barn. Ég bjó í Árbæ í Holtum með manninum mínum, Friðbjófi Erni Vignissyni, en þar rákum við tamningastöð og átti ég á þeim tíma tíkina Perlu sem var blönduð. Við riðum oft upp á Árbakka og þar var got hjá Anders Hansen, þar sá ég íslenska hvolpa og varð alveg veik fyrir þeim og langaði strax í einn slíkan. Árið 1998 sá ég tík hjá Anders sem ég varð strax mjög hrifin af svo ég keypti hana og nefndi Fjólu, en hún ber ræktunarnafnið Leirubakka. Ég var ekkert að hugsa um ræktun í byrjun en leiddist síðan út í það samhliða Anders sem átti



Lukas, einn af persnesku köttunum hjá Margréti Báru Magnúsdóttur. Hann er svo sannarlega tignarlegur og fallegur köttur. Mynd / erling.is

tíkina Leirubakka Pílu úr sama goti og ræktuðum við undan þeim tveimur. Það eru margir íslenskir fjárhundar í ættbók í dag sem eru undan eða út af þeim systurum,“ segir Margrét.

Hræðist þróun í aukningu gæludýra

Margrét er því orðin þaulreyndur ræktandi og finnst mikilvægt til viðbótar við sjálft ræktunarferlið að vera í góðu sambandi við kaupendur hvolpa og kettlinga hjá sér.

„Í fyrra var ég með eitt got og þá fæddust fjórir hvolpar en síðan komu tveir hvolpar nú um áramótin. Það er töluverð vinna í kringum got ef maður vill gera vel, eins og flestir eru að gera. Ég er með síðu á Facebook fyrir mína ræktun en síðan hitti ég mikið fólk sem hefur fengið hjá mér hunda og er í góðu sambandi við nýja eigendur. Mér finnst það skipta miklu máli þegar hvolpurinn fer frá mér að fylgjast með hvernig gengur á nýju heimili, þeir eru með ákveðið útlit og karakter og mikið getur breyst frá átta vikna aldri eða eftir að þeir fara frá mér. Það er gaman að sjá hvernig þeir þroskast og breytast í útliti en þeir eru ekki mótaðir þegar þeir fara frá mér. Fyrir mér er alls ekki sama hvert hundarnir mínir fara því mér finnst ég bera mikla ábyrgð á að finna rétt heimili fyrir hvern og einn. Ég ætlast til þess að allir sem fá hjá mér hvolp fari á námskeið með þá því það skiptir miklu máli fyrir alla hunda-eigendur að læra að þjálfa hundinn sinn vel,“ segir Margrét, og aðspurð um aukinn áhuga á hunda- og katta-eign svarar hún:

„Ég finn vel þennan aukna áhuga og COVID-19 hefur mikil áhrif, það er í öllum hreinræktuðum hunda- og katta-tegundum. Fólk er búið að vera heima og leiðist og það hefur þessi áhrif að fólk



Skruna, glaðleg á að líta, með hvolpana sína þrjá.

Mynd / Úr einkasafni

finnst því vanta eitthvað. Ég er ofboðslega hrædd við þessa þróun því þetta er óvenjumikið og þegar lífið verður eins og áður fer fólk að ferðast aftur og þá þarf að koma dýrunum fyrir, það er mikil ábyrgð sem fylgir því að fá sér heimilisdyr. Það þarf enginn að segja mér að árið 2020 hafi allir Íslendingar allt í einu haft svo mikinn áhuga á dýrum og ég get nánast lofað því að þetta á eftir að verða erfitt, því fólk verður að hugsa það til enda hvað það ætlar að gera við dýrin sín.“

Engin gróðastarfsemi

Margrét segist líka sjá mun fyrir og eftir heimsfaraldurinn í því hvernig fyrirsurnir hún fær sem ræktandi frá hugsanlegum kaupendum.

„Fyrir alheimsfaraldurinn var fólk að hafa samband við mig og sendi mér greinar-góðar ástæður fyrir því af hverju það óskaði eftir hvolp eða kettlingi ásamt fjölskylduadstæðum en núna er öðruvísi fólk að sækjast eftir dýrum, meira ungt fólk, og spyr stuttaralega sem tekur því ekki einu sinni að svara. Fólk heldur að maður hafi mikið upp úr þessu en það er alls ekki, það er heilmikil vinna og kostnaður við þetta. Flestir eru að þessari ræktun af hugsjón, ef ég væri að græða rosalega mikið á þessu væri ég mikið að ferðast til útlanda og á flottum jeppa með meiri umsvif en ég held ég hefði haft meira út úr því að starfa við snyrti-fræðina eins og ég er menntuð til. Ég sjálf reyni að vanda mig og gera hlutina vel, þá spyrst það út og ég hef aldrei verið í vandræðum með að finna hundum og köttum heimili. Ég vil taka það fram að ég er ekki að fá mörg got á ári og stundum engin. Það er góður félags-skapur að hafa dýr inni á heimilinu en því fylgir líka mikil ábyrgð sem fólk þarf að hafa hugfast.“

Alhliða veiðihundurinn Pudelpointer er ný tegund á Íslandi

Atli Brendan og kona hans, Sigrún Hulda Jónsdóttir, ákváðu fyrir nokkrum árum að hætta hundahaldi eftir sviplegt fráfali eins ferfætlinga á heimilinu. Fyrir hálfgerða tilviljun var þeim bent á Pudelpointer-tegundina og úr varð að þau hjónin heimsóttu ræktanda í Ohio í Bandaríkjunum sem síðar leiddi þau til ræktanda í Tékklandi þar sem þau fengu tíkina Siku árið 2016. Atli segir tegund-



Tíkin Sika sem hjónin fluttu inn frá Tékklandi árið 2016, hvolpurinn Míra og rakkinn Erik eru öll í eigu Atla og Sigrúnar.
Mynd / Úr einkasafni

ina smellpassa fyrir sína fjölskyldu, enda Pudelpointer glaðlegir og yfirvegaðir hundar.

Hefur þú alltaf verið hundaeigandi eða er þetta nýtt hjá þér?

„Ég er fæddur Vestfirðingur og ólst upp í Mjólkárverkjun í Arnarfirði þar sem fjölskyldan var með hund við bústörfin. Faðir minn var mikill veiðiá hugamaður og liðsinnti m.a. minkaveiðimönnum í firðinum með þeirra veiðihunda á þessum árum. Sem ungum dreng þótti mér mikið sport að fylgjast með og taka þátt í öllu sem viðkom hundum. Á öllum bæjum voru hundar og þeir voru órjúfanlegur hluti af umhverfinu. Konan mín er einnig alin upp með hundum þannig að þegar það kom til tals að fá hund á okkar heimili var það sameiginleg ákvörðun okkar hjóna.“

Þú ert með nýja tegund í ræktun, hvernig kom það til?

„Við hjónin höfum verið meðlimir í Hundaræktunarfélagi Íslands síðan 2009 og alltaf verið með hunda úr tegundarhóp sjö. Í gegnum árin höfum við verið nokkuð virk í félagslífi Fuglahundadeildar HRFÍ og haft mjög gaman af. Þar höfum við lært margt hvað viðkemur umgengni og umhirðu hunda ásamt því að kynnast mörgu góðu fólki með svipað áhugamál. Við höfðum verið með hunda í um sjö ár þegar svo óskemmtilega vildi til að magi í öðru dýrinu sem við vorum með



Hér má sjá ellefu af þeim fjórtán hvolpum sem komu í fyrsta Pudelpointer-gotinu hérlendis síðasta haust.
Mynd / Úr einkasafni

á þeim tíma snerist sem olli því að dýrið drapst. Þetta kom mikið við okkur og gátum við ekki hugsað okkur þarna stuttu á eftir að halda áfram með hunda og vorum staðráðin í því að hætta alfarið í þessu sporti. Þarna var stutt til jóla og Fuglahundadeild HRFÍ með jólagleði á aðventunni þetta ár og ákváðum við að kíkja við það kvöld og hitta nokkra félagasem þar voru. Margt var rætt þetta kvöld og við spurð hvort það væri virkilega þannig að við ætluðum að draga okkur í hlé og hætta með hunda og sögðum við öllum að það væri rétt. Albert Steingrímsson hundapjálfari var einn af þeim sem ræddi við okkur þetta kvöld en hann vildi vita aðeins meira um ástæður þess að við hefðum ákveðið að taka umrædda ákvörðun. Þegar við höfðum farið yfir málið með honum sagði hann eitthvað á þessa leið: „Þið eruð hundafólk og ættuð að skoða Pudelpointer! Við litum hvort á annað og hugsuðum hvaða tegund það væri.“

Af hverju ákvaðstu að fara út í þessa tegund?

„Eftir að hafa lesið okkur til um þessa tegund sáum við að hún passaði vel við okkar hugmyndir. Við sáum að í Bandaríkjunum var ræktandi að nafni Bob Farris sem er með Cedarwood ræktun og var að skila góðum hundum og það varð úr að ég hringdi í hann þarna um jólin 2015. Það fór vel á með okkur en hann sagði að það væri langur biðlisti eftir hvolpi hjá sér en ég skyldi hafa samband við vin sinn, Bill Athens í Ohio. Ég hafði svo samband við Bill og það varð úr að við hjónin heimsóttum hann í febrúar 2016. Hann var höfðingi heim að sækja og var búinn að safna saman nokkrum vinum sínum sem komu með Pudelpointer hundana sína til hans til að sýna okkur. Það var þarna sem við heilluðumst endanlega af tegundinni. Þeir félagar fóru yfir tilurð tegundarinnar í Bandaríkjunum og sögðu m.a. að við gætum ekki tekið dýr frá Bandaríkjunum til Íslands. Tegundin væri ekki í AKC (American Kennel Club) og því gætum við mögulega ekki fengið dýrið viðurkennt og skráð á Íslandi. Ástæðan fyrir því að tegundin er ekki í klúbbum er sú að þeir vilja ekki fara með tegundina á sýningar, hún fer eingöngu í gegnum veiðipróf. Bill sagði hins vegar að þeir félagar væru í góðu samstarfi við ræktanda í Tékklandi, en þeir byrjuðu að vinna saman í því að flytja inn hunda til Bandaríkjanna um 1970 og hann gæti haft samband við hann ef við vildum. Mögulega gæti hann útvegað okkur dýr til Íslands. Það var síðan um páska þetta sama ár sem við fengum skeyti frá manni í Tékklandi um það að hann sé með got og hvort við værum áhugasöm um að fá hvolp. Við vorum það svo sannarlega og sóttum við tíkina Siku til hans árið 2016. Þetta var Jíří Hrbek, ræktandi á Pudelpointer í Tékklandi og vel þekktur þar í landi og víðar með sína ræktun og sitt dálæti á tegundinni. Í samvinnu við Jíří Hrbek fundum við svo rakkann Erik sem passaði vel fyrir okkur og sóttum við hann til Þýskalands árið 2019.“

Hvað einkennir þessa hundategund?

„Það sem við vorum að leita eftir í hundi var áhugi fyrir allri þeirri vinnu sem við höfum verið að vinna með hundana í sókn- og heiðarvinnu. Stærðin skipti máli, við vildum ekki hafa hundinn of stóran

en þó það stóran að hann væri sem mest sjálfbjarga við sem flestar aðstæður. Hann mætti ekki vera kulsækinn, hvort heldur á landi eða í vatni, þyrfti ekki mikla feldhirðu, færi lítið sem ekkert úr hárum og hvorki snjór né önnur óhreinindi gætu loðað mikið við hann. Gott skap og auðveldan hund í allri þjálfun. Þetta hefur allt gengið eftir og það sem meira er að þetta eru glaðleg dýr og höfum við fengið m.a. að heyra það frá þó nokkrum erlendum hundadórumum sem komið hafa hingað til lands til að dæma próf hjá Fuglahundadeild HRFÍ. Það sem hefur komið okkur skemmtilega á óvart er hvað mikil yfirvegum er í dýrunum, sem hjálpar þegar nokkrir hundar eru á sama heimili.“

Hvernig hafa viðbrögðin verið, er komið got hjá ykkur?

„Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við þessum dýrum og þau hafa fengið mikla athygli. Ég hef verið með Facebook-síðu sem ég nefni Arctic Pudelpointer, yfirlit yfir vinnu mína með dýrin. Síðan var upphaflega stofnuð til að upplýsa ræktendur dýranna erlendis með hvað og hvernig ég var að vinna með dýrin en einnig eru margir hér á landi að fylgjast með dýrunum í gegnum þessa síðu. Við vorum með got núna í haust og það komu fjórtán hvolpar en einn af þeim gat því miður ekki fylgt hinum eftir og því eru þrettán á lífi í dag. Við erum mjög ánægð með nýja Pudelpointer eigendur, þetta er allt áhugasamt fólk sem ætlar að vinna með dýrin og nýta sér til útivistar, veiða og sem fjölskyldufélaga.“




Sonja framkvæmdastjóri Dýrahjálpar Íslands.

Sjálfböðastarf fyrir dýr í heimilisleit

Dýrahjálpar Íslands var stofnað árið 2008 með því markmiði að sjá dýrum sem þarfnast heimilis fyrir skjóli og stofna til dýraathvarfs ásamt því að stuðla að aukinni vitund almennings á dýravernd. Dýraathvarfið er unnið í sjálfböðaliðastarfi og tekur við öllum dýrum sem þurfa nýtt heimili og finnur þeim nýjan og hentugan stað ásamt því að reka heimasíðuna dyrahjalp.is.

Sonja framkvæmdastjóri Dýrahjálpar Íslands, segir það hafa gengið mjög vel að finna góða staði og hentug heimili fyrir dýr þar sem hagur dýranna sé alltaf í forgrunni.

„Við höfum mjög sjaldan fengið dýr til baka og það segir meira en mörg orð. Þetta byrjar árið 2008 með það markmið að setja upp alvöru athvarf en þá kom



Hundar auglýstir á heimasíðu Dýrahjálpar frá árinu 2008 til 2020.

hrunið og við fengum ekki fjármagn í það. Þá breyttist hugmyndafræðin og við fórum meira út í að útvega fósturheimili, sem er betra fyrir dýrin því þá eru þau ekki í búrum heldur inni á heimilum og þá sér maður hvers konar framtíðarheimili þau þurfa. Síðan erum við með síðuna dyrahjalp.is sem er mjög góð til að koma dýrum á heimili,“ útskýrir Sonja og segir jafnframt:

„Í fósturheimilaverkefninu tókum við á móti dýrum í neyð frá einstaklingum, sveitarfélögum um allt land og MAST.

Við fundum fyrir því í fyrra að dýr stoppuðu styttra við á vefsíðunni og það var auðveldara að finna heimili fyrir þau sem komu inn.“

Smellpössuðu hvor fyrir annan

Morgan Greene er frá Flórída en hefur verið búsettur hérlandis í átta ár og starfar við Háskóla Íslands. Fyrir þremur árum barst honum neyðarpóstur frá Dýrahjálpi Íslands um hund sem vantaði nýtt heimili án tafar, ellegar yrði honum lógað. Morgan svaraði kallinu og tók við hundinum Jónsa sem var í afar slæmu ásigkomulagi.

„Jónsi er blanda af Labrador og Border Collie og þegar ég fékk hann var hund-



Morgan Greene svaraði neyðarkalli frá Dýrahjálpi Íslands fyrir þremur árum og tók samstundis við blendingnum Jónsa sem var í afar slæmu ásigkomulagi. Við tók mikil endurhæfing vegna ofþyngdar hundsins en Morgan og Jónsi náðu strax vel saman. Mynd / Úr einkasafni



Sigurður Ari Tryggvason er formaður Kynjakatta, kattaræktarfélags Íslands og ræktandi á Maine Coon-kattategundinni. Hér er hann með fressið IS Ice Viking's Apollo. Mynd / Úr einkasafni

urinn í mjög slæmu ástandi og í raun voru ekki miklar upplýsingar til. Hann hafði verið tekinn af MAST sem leituðu til Dýrahjálpar Íslands. Jónsi var í mikilli yfirþyngd, um 72 kíló en ætti að vera á bilinu 30–35 kíló eins og hann er í dag,“ útskýrir Morgan og segir jafnframt:

„Þá tók við mikil endurhæfingavinna með hundinn. Hann gat ekki gengið upp stiga, og var í raun mjög skrýttinn í byrjun. Hann hafði ekki verið í taumi áður svo ég þurfti að byrja hægt og rólega. Ég fór með hann út að ganga á hverjum degi og í vatnsleikfimi hjá Dýraspítalanum í Garðabæ og hann missti fljótt þyngd í kjölfarið. Eftir eitt ár var hann orðinn mun heilbrigðari, hann gat gengið, hlaupið og hoppað og gert allt það sem hundar eiga að geta gert. Það fór mikil vinna og tími í endurhæfinguna en það margborgaði sig. Jónsi er hluti af fjölskyldunni og hann er fullkominn hundur með góðan persónuleika og stríðir ekki við nein heilsufarsvandamál í dag.“

Alltaf meiri eftirspurn en framboð

Sigurður Ari Tryggvason, formaður Kynjakatta, kattaræktarfélags Íslands, segir svipaða þróun hjá sínum félagsmönnum eins og í Hundaræktarfélagi Íslands þar sem mikill áhugi sé á hrein-

ræktuðum köttum og langir biðlistar hjá öllum ræktendum.

„Það eru búnir að vera biðlistar mjög lengi hjá okkar ræktendum í mörg ár. Ég tengi það þó ekkert sérstaklega við COVID-19 en við fundum samt fyrir því síðasta vor þegar fyrsta bylgjan reið yfir að þá var vonlaust að fá hunda og ketti. Fólk var meira heima við og mikil aukning í að fólk vildi fá sér gæludýr. Ég fæ mikið af fyrirspurnum til Kynjakatta og það var greinileg aukning af þeim í fyrra, hvort sem það tengist kórónuveirufaraldrinum á einhvern hátt eða ekki. Fólk er minna að ferðast og það er félagskapur af dýrunum þegar fólk er meira heima hjá sér,“ segir Sigurður og bætir við:

„Ég fór sjálfur að rækta Maine Coon árið 2012 og hef að meðaltali verið með eitt got á ári og hef alltaf verið með biðlista eða búinn að selja kettlingana fyrirfram. Þetta hefur verið vinsælasta tegundin undanfarin ár og er í raun alheimsfyrirbæri. Þessi tegund eru meiri félagsverur en kettir yfirleitt og líkari hundum í háttum og skapperð. Það eru á bilinu 12–13 tegundir í ræktun katta hérlandis og um 150 félagsmenn í Kynjaköttum og það er alltaf meiri eftirspurn en framboð í öllum tegundum.“



Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir og Brynjar Þór Vigfússon hafa komið sér vel fyrir á Gilhaga í Öxarfirði. Þau settu upp ullarvinnslu í fyrrasumar og hafa viðtökur farið fram úr björtustu vonum. Myndir / Úr einkasafni

Ullarvinnsla sett upp á Gilhaga í Öxarfirði í fyrrasumar:

Viðtökur farið fram úr björtustu vonum

Margrét Þóra
Þórsdóttir

Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir og Brynjar Þór Vigfússon keyptu vélar frá Kanada, innréttuðu gamla vélageymslu og settu upp ullarvinnslu sem framleiðir um tvö tonn á ári.

„Við höfðum lengi þráð sveitalífið og erum mjög sátt við umskiptin, söknum ekki lífsins á mölinni og höfum í nógu að snúast hér heima alla daga,“ segja þau Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir og Brynjar Þór Vigfússon, sem hafa komið sér vel fyrir á Gilhaga í Öxarfirði. Þau settu þar upp ullarvinnslu í fyrrasumar og hafa viðtökur farið fram úr björtustu vonum.

Guðrún Lilja og Brynjar eiga þrjú börn, Bóel Hildi, Edith Betu og Hrafn Dýra, sem eru á aldrinum eins til sjö ára. Á Gilhaga eru 68 kindur og er ull þeirra nýtt til framleiðslu ullarvinnslunnar, geiturnar eru sjö, þar eru einnig hænur og endur og eins stunda þau hjón býflugnarækt á bænum. Skógarbóndi hafði búið á jörðinni

á undan þeim og hafði hann komið sér upp nokkuð umfangsmikilli og gróður-sælli skógrækt sem hýsir auðugt fuglalíf. Störfin sem sinna þarf daglega eru því fjölbreytt, krefjandi en skemmtileg.

Guðrún Lilja og Brynjar fluttu að Gilhaga árið 2018. Brynjar er frá Húsavík, en móðir hans ólst upp í Gilhaga. Móðurafi hans og -amma, þau Brynjar Halldórsson og Hildur Hurlen Halldórsson, bjuggu þar. Brynjar er húsa- og húsgagna-smíðameistari frá Tækniskóla Íslands. Guðrún Lilja er frá Vík í Mýrdal og lauk stúdentsprófi af félagsfræðibraut frá Menntaskólanum á Laugarvatni. Þau höfðu víða komið við áður en sest var að í Gilhaga, búið í Reykjavík, Noregi, Vík í Mýrdal og á Húsavík. Um 75 kílómetra



Gömul vélaskemma á Gilhaga var nánast holið að innan, loftið einangrað, klætt og málað, gólf flotað og lagt nýtt vatn og rafmagn í húsið, auk þess sem settir voru upp innveggir sem skipta húsnæðinu í tvo vinnslusali.

fjarlægð er frá Húsavík að Gilhaga í Öxarfirði. Þar var í eina tíð fjárbú en lítil sem enginn fjárbúskapur hafði verið á jörðinni í tvo áratugi þegar þau settust þar að.

Býflugnarækt á norðurhjara verður alltaf erfið

Þegar Guðrún Lilja og Brynjar bjuggu á Húsavík kviknaði yfir kaffibolla hugmynd um að hefja býflugnarækt. Þau veltu

vöngum vel og vandlega, öfluðu sér þekkingar hér og hvar og fóru á námskeið í býflugnarækt árið 2015. Í kjölfarið komu þau sér upp nokkrum búum á Gilhaga. Það leiddi til þess að flestar lausar stundir voru nýttar til að skjótast þangað og sinna ræktinni og öðrum tilfallandi verkum. „Býflugnarækt á norðurhjara veraldar verður alltaf erfið,“ segja þau. Árangur af býflugnaræktinni hefur um árin verið misjafn. Erfitt hefur á stundum



Ullarvinnslan hefur verið í gangi í um það bil níu mánuði og hafa viðtökur verið glimrandi góðar. Fólk er ánæggt með vöruna. Hér eru þau Brynjar og Guðrún að störfum.

reynst að halda flugum á lífi yfir hörðustu vetrarmánuðina og eins og alkunna er þá eru vetur langir á Íslandi og sumrin stutt. „Við byggðum lítið skýli utan um búin sumarið 2017, eins konar hlíf utan um þau, og virðist það virka vel,“ segja þau. Frá því býræktin hófst og þar til nú hefur heildarhunangsuppskera verið 0,0025 tonn, eða um 2,5 kíló.



FJÖLBÆTTAR BYGGINGALAUSNIR



Bogahýsi frá Rundebuehaller. Færanleg eða varanleg.



Trimo gámahús, geymslur, WC eða vinnubúðir



Trimo húseiningar. Vönduð lausn fyrir færanlegar byggingar.



Límtrésbyggingar. Sterkbyggð og hagkvæm.



CLT einingahús. Traustir samstarfsaðilar. Svansvottun.



Z-Strúktúr stálgrindarhús. Líttbyggð og vönduð.



Yleiningar. Með steinullar eða PIR kjarna.



Gabion virkorfur. Glæsileg lausn við landmótun.



Girðingar, hlið og öryggislár. Fjölbættir möguleikar.



Horft yfir vinnslusalinn, en ullin sem nýtt er í vinnslunni kemur af fé úr heimahéraði og flutningsleiðir því stuttar.

Undanfarin ár hefur mikil uppbygging átt sér stað í Gilhaga, í viðhaldi á skógræktinni en einkum í kringum ullarvinnsluna, og segja þau að gífurleg vinna hafi verið í því að koma henni upp, standa í búrekstrinum og að læra að verða bændur. „Það hefur alveg tekið á taugarnar, en þá er dýrmætt að geta bara hoppað út í skóg, farið út í náttúruna, fundið frelsið og friðinn og eða bara setið aðeins lengur í fjárhúsunum og horft yfir bústofninn. Það er tilfinning sem við fundum aldrei á fjórðu hæð í blokk þar sem enginn gluggi sneri út í garð,“ segja þau.

Jörðin og vélar til ullarvinnslu keyptar á einu bretti

Markmið Guðrúnar Lilju og Brynjarar með búskapnum er að vera fyrir ofan núllið í rekstrinum, vera sem allra mest sjálfbær og að kolefnissporið sé sem minnst. „Skógræktin sem stunduð hefur verið hér á jörðinni um langt skeið kemur okkur þegar á nokkuð góðan stað hvað það varðar,“ segja þau.

Á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Guðrún Lilja og Brynjarar tóku við verkefninu um ullarvinnsluna haustið 2018, en það hafði verið til skoðunar á vegum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í tengslum við verkefnið Brothættar byggðir sem Byggðastofnun hafði með að gera. Þau tóku svo við þeim bolta.

„Við skelltum okkur á bólakaf í þælingar í kringum ullarvinnsluna, könnuðum markaðinn vel, sátum yfir reikningsdæmum, kynntum okkur hugsanlegar vélar og þetta endaði allt saman með því að á einu bretti sumarið 2019 keyptum við bæði jörðina Gilhaga og vélarnar til ullarvinnslunnar,“ rifja þau upp. Þau nutu liðsinnis Byggðastofnunar við kaupin.

Vinnslugetan um tvö tonn á ári

Vélarnar eru allar frá sama framleiðanda í Kanada og er vinnslugeta þeirra um

tvö tonn á ári. Þær sjá um allt ferlið, þvo og tæta, taka ofan af, kamba, spinna og hespa.

„Þetta er í raun ekki mjög stór eining og langt frá stóriðnaðarframleiðslu á þessu sviði. Þær vélar sem við keyptum eru framleiddar með heimavinnslu í huga og að við þær starfi tveir til þrír starfsmenn þannig að vinnslan gangi smurt,“ segir Brynjarar.

Guðrún bætir við að vélarnar hafi reynst vel og að mikill kostur sé að í þeim er hægt að vinna nánast hvers kyns ull sem er, geitafiðu, kanínuhár, angóru, alpakkauull, svo dæmi séu tekin, og eins er möguleiki á að blanda öðrum efnum saman við ullina á vinnslustigi, svo sem þara, mjólk, trjátrefjum eða bambus.

„Dagsframleiðslan hjá okkur er um 5–10 kíló og því er hægt að eltast við þarfir neytenda. Það er lítið mál að breyta framleiðslunni með litlum fyrirvara, bæði hvað varðar spunagerð og áferð,“ segir hún.

Fjármögnun gekk vel

Fjármögnun gekk vonum frammar, en þau náðu yfir 50% af settu marki með hópfrjármögnun sem þau segja frábæra byrjun fyrir verkefnið. Þá hafi þau mætt velvilja í viðskiptabanka sínum og áhuga fyrir verkefninu.

„Heimamenn hér um slóðir hafa verið duglegir að koma í heimsókn, skoða og versla og tekið ættingja og vini með. Við finnum að heimafólk er ánægt með þetta framtak,“ segja þau.

„Prjónafólk um allt land veit af okkur og hefur sýnt vinnslunni áhuga, við tókum líka eftir því að t.d. á Facebook-síðu okkar er talsvert af fólki sem búsett er hér og hvar um heiminn. Við tókum stundum eftir því að það koma „lækbylgjur“ frá útlöndum við færslur, t.d. frá Þýskalandi eða Finnlandi, svo nýleg dæmi séu tekin.“



„Við höfum metnað til þess að bjóða upp á hreina náttúrulega vöru sem er laus við öll eiturefni, tilbúin litarefni eða íblandaða innflutta ull,“ segja Guðrún Lilja og Brynjarar, en vörur þeirra falla í kramið hjá íslensku jafnt sem erlendu prjónafólki.

Gömul ónýtt vélaskemma verður að ullarvinnslu

Ullarvinnslan og gestastofa voru tekin í notkun 20. júní í fyrrasumar. Áður hafði mikið verk verið unnið bæði við fjármögnun og kaup á vélunum sem komu til landsins í byrjun mars í fyrra. Einnig var mikið vinna við að útbúa húsnæði undir starfseminu, en vinnslan er til húsa í gamalli vélaskemma.

„Við byrjuðum á að hola skemmuna að innan,“ segir Brynjarar. Þá var loftið einangrað, klætt og málað, gólf flotað og lagt nýtt vatn og rafmagn í húsið, auk þess sem settir voru upp innveggir sem gera að verkum að húsnæðinu er skipt í tvo vinnslusali, annan fyrir framleiðsluvélar og hinn fyrir frágangsvélar. Gestastofa er í anddyri og þar hafa gestir góða yfirsýn yfir vinnsluna. Margir hafa sögu að segja af kynnum sínum af ullarvinnslu, eldri kona hafði t.d. upplifað handspuna inni á heimili sínu og ungur drengur hafði lært á halasnældu.

Vinnslan hefur nú verið í gangi í um það bil níu mánuði og segja þau Guðrún og Brynjarar að viðtökur hafi verið glimrandi góðar og fólk ánægt með vöruna.

„Það hefur gengið vel að selja, við fáum fjölda fyrirspurnna, m.a. frá handavinnufólki og einnig verslunum sem selja garn og vilja bæta okkar við. Það á bæði við um hér innanlands en einnig í útlöndum. Okkur finnst fólk almennt vera spennt að prófa og nú munu opnast meiri möguleikar þegar við höfum sett vefverslun í loftið,“ segja þau.

Gæla við að ráða inn þriðja starfsmanninn og bæta við vélum

Enn sem komið er stendur ullarvinnslan undir launum eins starfsmanns. Guðrún Lilja starfar við grunnskólann í Lundi með öðru, auk þess að leggja hönd á plóg við ullarvinnsluna. Til nánustu framtíðar litið dreymir þau um að ráða þriðja starfsmanninn inn í vinnsluna, þannig væri hægt að auka við framleiðsluna og hún gengi betur.

„Það er alveg á mörkunum að við ráðum við eftirspurnina þegar við erum ýmist eitt eða tvö að störfum. Með því að fá þriðja starfsmanninn inn yrði meiri stöðugleiki í vinnslugetunni hjá okkur. Til að það geti orðið að veruleika þurfum við að ná örlítið meiri stöðugleika þegar kemur að fjármagni, það er dýrt að byrja en við komumst yfir það með tímanum,“ segir Brynjar.

„Við horfum líka til þess að losa um nokkra flöskuhálsa í framleiðslunni,“ bætir Guðrún við en það yrði gert með kaupum á til dæmis annarri spunavél og einnig viðbótar hárskilju.

„Spunavélin gegnir tvíþættu hlutverki, hún spinnur þráðinn og tvinnar svo saman. Með því að bæta við annarri slíkri vél gætum við spunnit og tvinnað á sama tíma. Önnur hárskilja myndi skila okkur fleiri kílóum í dagsframleiðslu þar sem hún er seinvirkasta vélin í ferlinu, en það er hægt að mata tvær vélar í einu án erfiðleika.“

Vona að ullariðnaður nái fótfestu á ný

Þau Guðrún Lilja og Brynjar nefna að markmiðið með ullarvinnslu séu margvísleg. Að vinna góða vöru úr úrvalshráefni úr heimahéraði er eitt þeirra. Eins horfa þau til þess að nýta betur þá náttúrulegu líti sem íslenska kindin býður upp á, en í Gilhaga er ullin ekki lituð. Litirnir í bandinu koma því fram eins og þeim hentar út frá litunum á reyfinu.

„Við höfum einnig að markmiði að ná fram hækkan á ullarverði til bænda en á þann hátt náum við að gera ullareiginleika að ræktunarmarkmiðum sauðfjárbænda líkt og kjötgæði,“ segir Guðrún Lilja.

„Við höfum metnað til þess að bjóða upp á hreina náttúrulega vöru sem er



Gilhagi í Öxarfirði.

laus við öll eiturefni, tilbúin litarefni eða íblandaða innflutta ull. Framtíðarsýnin er að ullariðnaður nái fótfestu hér á landi á ný og vonandi verður þetta litla skref okkar hér í þá átt,“ segir hún og nefnir einnig að íslenski geitastofninn sé í útrýmingarhættu og afurðir hans ekki auðfengnar.

„Nokkrir hörkuduglegir einstaklingar hafa skapað vöru í kringum sínar geitur og okkur langar að feta í þau fótspor og sjá hvað við getum gert með okkar geitur. Langar sem dæmi að reyna að spinna geitafiðu því hún er alveg einstaklega mjúk.“

Margt vinnur með okkur

Brynjar segir að helsti styrkur ullarvinnslunnar í Gilhaga sé sá að bjóða upp á umhverfsvæna vöru, allt hráefni er úr heimahéraði og flutningsleiðir eru stuttar. Ullarvinnslan og hvers kyns nýting á aukaafurðum sauðkindarinnar falli vel að atvinnuháttum þessa stóra og öflugra sauðfjárræktarsvæðis sem Öxarfjörður og nærsveitir eru. Þá nefnir hann að mikill fjöldi ferðamanna sé jafnan á ferðinni um svæðið að sumarlagi, en innan þess er Vatnajökulsþjóðgarður með Ásbyrgi innanborðs, stutt í Mývatnssveit og Húsavík. Handverk sækir einnig í sig veðrið og það ásamt virðingu fyrir náttúrunni sé ofarlega á baugi hjá landsmönnum um þessar mundir.

„Það er margt sem vinnur með okkur en auðvitað eru líka ákveðnir veikleikar sem þarf að vinna í,“ segir hann. Þeirra helsta ógn er hversu langt er að fara inn á stóran markað, flutningsleiðir fyrir þá vöru sem ekki selst í heimabyggð eru langar.

„En kófið kenndi flestum að það er hægt að versla hvað sem er heiman frá sér og við gælum við að það snúist okkur í vil.

Fólk muni í auknum mæli versla okkar vöru í vefverslun,“ segir hann og bætir við að þótt líflegt sé á svæðinu að sumrinu séu harla fáir ferðamenn á ferli yfir vetrarmánuðina.

„Fækkun ferðamanna er ákveðin ógnun við okkar starfsemi og ekki síður yfirvofandi fækkun sauðfjár í landinu,“ segir Brynjar.

Gestastofan er góð viðbót við vinnsluna

Tækifærin séu engu að síður til staðar og þau ætla hjónin í Gilhaga að nýta. Ullarvinnslan auki fjölbreytni í atvinnu á svæðinu og eins sjá þau fyrir sér mögulega samlegð í markaðssetningu með öðrum framleiðendum í héraði, bæði hvað varðar sauðfjárafurðir og aðrar landbúnaðartengdar vörur.

„Gestastofan okkar er líka góð viðbót við vinnsluna, þangað getur fólk komið og kynnt sér og fræðst um framleiðsluna, ullina og annað sem við erum að fást við. Hægt er að fara í góða göngutúra hér um í skóginum og víðar og njóta kyrrðar og náttúru. Við stefnum að því að setja upp litla sýningu í gestastofunni þar sem hægt er að kynna sér nýtingu sauðfjár gegnum tíðina, bæði ull og kjöt,“ segja þau og eru alsæl með umskiptin sem fylgdu því að flytja úr kaupstað í sveit.

„Við finnum fyrir frelsi á þann hátt að við erum ekki sífellt að eltast við það sem aðrir eru að gera og ekki sífellt að spegla okkur í öðrum. Við höfum losnað undan þeirri pressu líka að finnast að maður sé að missa af einhverju. Það er líka góð upplifun að það sem við erum að sýsla við er okkar, við erum ekki lengur þrælur launanna okkar hjá einhverjum öðrum, bara okkar eigin,“ segja þau Guðrún Lilja og Brynjar.



Hjónin Bjarni Páll Vilhjálmsson og Elsa Björk Skúladóttir reka ferðaþjónustufyrirtækið Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem þau bjóða upp á styttri og lengri hestaferðir ásamt gistiheimili fyrir allt að 30 gesti.

Myndir / Anna Soffía Höskuldsdóttir og úr einkasafni

Hjónin Bjarni Páll Vilhjálmsson og Elsa Björk Skúladóttir í Saltvík:

Skipuleggja stærstu hestaferð Íslandssögunnar og hyggjast efla reksturinn umtalsvert

Erla Hjördís
Gunnarsdóttir:

Hjónin Bjarni Páll Vilhjálmsson og Elsa Björk Skúladóttir reka ferðaþjónustufyrirtækið Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem þau bjóða upp á styttri og lengri hestaferðir ásamt gistiheimili fyrir allt að 30 gesti. Vinsældir ferðanna hjá þeim hafa vaxið ár frá ári og þrátt fyrir bakslag í kjölfar kórónuveirufaraldursins ákváðu þau að leggja ekki árar í bát og hófust handa við að skipuleggja stærstu hestaferð sem farin hefur verið hérlandis af starfandi hestaferðafyrirtæki og hefst í júlí á þessu ári.

Hjónin byrjuðu árið 1994 með hestaferðir samhliða störfum sem kennarar og stofnuðu fyrirtækið Saltvík ehf árið 2005. Elsa er Deildarstjóri sérkennslu í grunnskólanum á Húsavík og Bjarni er íþróttakennari að mennt og réði sig til starfa sem slíkur í haust eftir að kórónukrísan skall á.

„Það er ágætt að hafa í einhver hús að vanda þegar allt fer um koll. Vonandi

tekur ferðaþjónustan svo við sér í vor svo að við og aðrir kollegar okkar í greininni getum sinnt okkar rekstri af fullum krafti.“

Full þjónusta í hestaferðunum

Saltvík var áður ríkisjörð en Bjarni Páll og kona hans tóku jörðina á leigu árið 1992 til að geta sinnt hestamennskunni og ferðunum.

„Ég byrjaði að fara ferðir fyrir Íshesta ehf ári eftir að við tókum jörðina á leigu en þá sá ég um framkvæmdina en þeir um markaðs- og söluhlíðina. Ég gerði samning við þá um ferðir hér í Þingeyjarsýslunum en síðan fór ég fyrstu ferðina árið 1994 yfir Sprengisand. Árið 2012 ákváðum við síðan að kaupa hlut í fyrirtækinu Riding Iceland sem Sigurður Björnsson vinur okkar stofnaði nokkrum árum áður og höfum rekið okkar lengri ferðir síðan undir nafni Riding Iceland segir Bjarni

„Þetta eru mest erlendir ferðamenn sem koma hingað en þó eru einnig íslenskir hópar sem sumir hafa bundist okkur tryggðar og vináttuböndum eftir kynni gegnum hestqferðirnar og koma ár eftir ár og dvelja þá hér upp undir vikutíma hjá okkur. Þau kynni hafa gefið okkur mikið og alltaf tilhlökkun að fá þessa skemmtilegu vini okkar í heimsókn. Við bjóðum upp á fulla þjónustu í hestaferðunum þar sem kokkur ferðast með okkur og á ferðum okkar um Þingeyjarsýslurnar höfum við gjarnan bækistöð hér í Saltvík og keyrum fólkið þá heim á kvöldin. Í Saltvík eru heitir pottar sem eru vinsælir til slökunar eða vinafagnaðar eftir langa daga í hnakk!

Selur sig sjálf

Sumarið er hápunktur í starfseminni í Saltvík en þá eru um 10 starfsmenn í vinnu hjá þeim hjónum en á heilsársgrundvelli skapa hestaferðirnar og gistiþjónustan fimm ársverk. Fjölskyldan tekur öll þátt í starfseminni af fullum krafti, Dætur okkar fjórar hafa starfað í sumarfríum frá skólagöngu sem fararstjórar í hestaferðunum eða sinnt gistiheimilinu og fyrsti tengdasonurinn hingað til sló í gegn í sumar sem kokkur á hestaferðunum!. Við erum afar heppin með að öll fjölskyldan skuli hafa gagn og gaman af að sinna þessum rekstri á einn eða annan hátt.

„Við seljum mikið í gegnum heimasíðuna og eins í gegnum ferðaskrifstofur. Öflugir endursöluaðilar starfa með okkur og við eigum líka marga góða vini sem eru duglegir að auglýsa fyrir okkur og draga með sér viðskiptavinum í ferðir. Við erum jafnframt svo lánsöm að eiga trausta og góða viðskiptavinum sem koma reglulega í ferðir með okkur. Þannig að segja má að þetta selji sig að miklu leyti sjálf,“ útskýrir Bjarni og segir jafnframt:



Bjarni Páll hefur ekki lengur tölu á öllum þeim hestaferðum sem hann hefur farið með ferðamenn um landið þar sem þátttakendur fara gjarnan heim með bros á vör eftir ógleymanlega upplifun.



Bjarni Páll með dætrum sínum á góðri stund fyrir fimm árum, þeim Iðunni, Örnunni Védísi og Sigrúnu Önnu.

„Þessi litlu ferðapjónustufyrirtæki úti á landsbyggðinni eru gríðarlega mikilvæg sýnum samfélögum. Við kaupum heilmikla þjónustu af bændum t.d hey, gistingu og verktakapjónustu ýmiskonar. Þetta er mikilvægt innlegg í baráttunni fyrir byggð í dreifbýli. Einnig kaupum við svæðisbundin matvæli af bændum, lambakjöt, fisk og grænmeti fyrir gestina okkar sem hjálpar okkur að geta boðið upp á einstaka heimaefngna upplifun á öllum

sviðum! Það eru margir litlir aðilar um allt land að bjóða upp á ferðir og afþreyingu af þessu tagi og eru gjarnan allt í öllu, bændur, leiðsögumenn og markaðsfræðingar sem dæmi. Ég tel vera mikil tækifæri í að efla þessa tegund ferðapjónustu og gera arðbærari með ákveðnum breytingum og hagræðingu. Viðskiptavinir í lengri hestaferðum eru verðmætir ferðamenn sem skilja mikið eftir sig í þeim samfélögum sem þeir heimsækja.“



Sumarið er hápunktur í starfseminni í Saltvík en þá eru um 10 starfsmenn í vinnu hjá þeim hjónum en á heilsársgrundvelli skapa hestaferðirnar og gistinguþjónustan fimm ársverk.

Skoða jarðar kaup af fullri alvöru

Í Saltvík eru 130 hross sem nýtast í hestaferðirnar og sífellt bætist í hópinn hjá þeim hjónum. Nú er svo komið að þau hyggja á frekari landvinninga ásamt því að útvíkka starfsemina.

„Það er mjög gott andrúmsloft í þessum geira og margir sameiginlegir hagsmunir fyrir aðila sem bjóða upp á hestaferðir. Við fáum oft fyrirspurnir um kaup á hrossunum okkar en höfum lítið verið í því. Okkar bestu mjólkurkúr eru reiðhestarnir sem við nýtum í hestaferðunum og fólk kemur aftur og aftur meðal annars til að fá sinn sama gæðing í hvert sinn,“ segir Bjarni og bætir við:

Saltvík er í eigu Norðurbings og í næsta nágrenni við Húsavík og af ýmsum ástæðum hefur þrengt verulega að okkar starfsemi á undanförunum árum þar sem stór hluti af landi jarðarinnar hefur verið tekin undir önnur afnot eigendanna. Við erum með jarðir á leigu hér út um allar sveitir fyrir beit undir hrossastóðið sem fylgir rekstrinum og gjafatími er langur á þessu landssvæði. Okkar framtíðarsýn varðandi öflugri rekstur er að finna góða

jörð þar sem hestarnir geta verið haust og vetur og jafnframt fjölga ferðum um landið. Við erum að skoða það núna að kaupa jörð í Húnavatnssýslunni eða í Skagafirði ásamt erlendum samstarfsaðila okkar þar sem land og veðurfar er hentugra fyrir hjarðbúskap með hross en hér í Þingeyjarsýslu. Ef við ætlum að vaxa meira þá er þetta næsta skref og erum við að skoða þessi mál af fullri alvöru þessa dagana“

Ýmis ævintýri á ferðum um landið

Bjarni hefur ekki lengur tölu á öllum þeim hestaferðum sem hann hefur tekið þátt í um dagana en segir að þrátt fyrir að alla jafna gangi dagarnir þægilega fyrir sig geti þessi ferðamenska verið krefjandi og óvæntir hlutir raskað huggulegum ferðaplönunum.

„Maður lendir náttúrliga í allskonar ævintýrum, stórkostlegum reiðleiðum og sólríkum sumardögum en jafnframt þarf stundum að ferðast um illfær öræfi í allskyns veðrum sem geti verið mikil áskorun fyrir hesta og menn. Mér er sérstaklega minnisstæð ferð sem við fórum í kringum Vatnajökul árið 2016. Þetta var 25 daga ferð og riðið um 50 km að

meðaltali á dag og allt upp í 80 kílómetra lengsta daginn. Í suðursveit liggur reiðleiðin talsvert með þjóðvegi og því mikilvægt að ná áfangastað fyrir myrkur en þegar við komum að Jökulsárlóni með 80 hesta var okkur illmögulegt að koma hestunum yfir sjálfviljugum vegna járnammotna sem hlífa timburdekki brúarinnar. Eina ráðið var að teyma hvern og einn hest yfir sem tók talsverðan tíma og því var um hálfgerðar kappreiðar að ræða í náttstað fyrir myrkur. Þetta fór þó allt vel með bíla á blikkandi ljósum fyrir fram- og aftan síðasta spölinn og knapa klædda í skærgula regnstakka sem komu sér vel í rökkrinu þó engin væri rigingin. Þetta varð lengsti dagurinn okkar og allir dauðfegnir þegar við komumst loks á áfangastað,“ útskýrir Bjarni og lýsir upplifun úr annarri eftirminnilegri hestaferð:

„Við vorum tveir með hóp að koma að Hveravöllum frá Ingólfsskála undir Hofsjökli. Það var mikið af jökulám á leiðinni sem gekk vel að fara yfir þar til við komum að Blöndu í foráttuvexti og þurfti ég að fara nokkrum sinnum fram og til baka yfir ána til að finna heppilegt vað. Það fannst að lokum og fórum við þá með gestina okkar yfir í þéttum hópi

á traustum hestum og var ekki laust við að nokkur sundtök þyrfti í dýpsta álnum hjá nokkrum hestanna. Það var síðan örstutt yfir í skálann þegar yfir var komið en þetta var mikið ævintýri fyrir fólkið í ferðinni.“ Annars eru þessar ferðir auðvitað fyrst og fremst frábær náttúru-upplifun og endurnæring fyrir líkama og sál í góðra vina hópi enda verða til traust vinabönd milli fólks sem kynnist á þessum ferðum og upplifir saman íslenska sumarið með okkar einstaka íslenska hesti.

Risastór ferð sem tekur 57 daga

Þau hjónin láta engan bilbug á sér finna þrátt fyrir kórónuveirufaraldurinn og afleiðingar hans. Þess í stað hugsuðu þau nýjar leiðir í rekstrinum sem skilaði sér í einni stærstu hestaferð sem skipulögð hefur verið og er á dagskrá næsta sumar.

„COVID-19 kom flatt upp á okkur eins og aðra ferðapjónustuaðila en við vorum með góðar bókanir fyrir sumarið. Við höfum verið með í kringum 200 gesti á ári en tæplega helmingur komst ekki í fyrra vegna faraldursins. Restin af þeim sem komust ekki 2020 sýndu ástandinu mikinn skilning og frestuðu sínum ferðum til 2021 eða 2022. Má segja að hér sé afli geymdur á önglum í sjónum sem við drögum síðan í land þegar ástandið lagast aftur,“ útskýrir Bjarni brosandí og segir frá hestaferðinni sem þau hafa skipulagt í sumar:

Nú er bara að krossa fingur og vona að ferðalög til landsins verði orðin möguleg í sumar!

„Þetta er risastór ferð sem hefst 15. júlí og endar 9. september og verður í heildina 57 daga ferð. Við skiptum henni niður í sex minni ferðir. Við ætlum að ríða suður Sprengisand í Gnúpverjahrepp, þaðan á Þingvelli og í Borgarfjörð, um Vesturland, Snæfellsnes, dali og Vestfirði um Drangajökul og suður Strandir. Síðan ríðum við um Húnavatnssýslurnar og Skagafjörðinn og þaðan aftur heim. Þetta fór í loftið í maí og var hugsað sem ákveðin yfirlýsing frá okkur um við ætlunum ekkert að gefast upp heldur blása til sóknar á nýju ári. Hugmyndin vakti mikla athygli á okkar fyrirtæki og sumarið 2021 lítur mjög vel út. Vel er bókað í hefðbundnar ferðir um Þingeyjarsýslur og



Hjónin ákváðu að snúa vörn í sókn þegar COVID-19 skall á og hafa skipulagt eina stærstu hestaferð Íslandssögunnar í sumar sem hefst 15. júlí og endar 9. september. Í heildina verður um 57 daga ferð að ræða sem skipt verður niður í sex minni ferðir.



Þetta er risastór ferð sem hefst 15. júlí og endar 9. September.

Draumaferðin stóra er nánast fullbókuð. Þetta verkefni krefst mikils skipulags og með í för verður þaulreynt starfsfólk, leiðsögumenn á hestbaki, kokkur og bílstjóri. Hestarnir okkar fá 2-3 daga hvíld milli einstakra ferðahluta og með í för verður stór hestakerra svo hægt sé að hvíla hesta sérstaklega ef þarf eða skipta út. Eingöngu verða með í för þrautreyndir ferðahestar sem við þekkjum vel að dugnaði og þolgæðum og treystum til að takast á við þetta krefjandi verkefni.

Við munum njóta leiðsagnar staðkunnugra á hverju svæði fyrir sig og gestir geta hoppað inn og út úr ferðinni eftir hentugleika, flestir taka 1-2 leggi og 2 konur eru bókaðar alla 57 dagana. Okkur hlakkar mikið til að takast á við þetta ævintýri og við undirbúning ferðarinnar hefur það verið einstaklega ánægjulegt að eiga samskipti við bændur og hestamenn víða um land sem eru boðnir og búnir til að veita okkur aðstoð, upplýsingar og leiðsögn um sín heimasvæði.



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans.

Mynd / smh

Íslenski ferðaklasinn vinnur með stjórnendum ferðapjónustufyrirtækja að því að halda sér í rekstrarlegu formi:

Hvernig endurræsum við íslenska ferðapjónustu?

– Ásta Kristín Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri segir að læra megi margt af hinum öra vexti greinarinnar eftir fjármálahrun.

Sigurður Már
Harðarson

Verkefnið Ratsjáin er nú í fullum gangi innan vébanda Íslenska ferðaklasans, þar sem á radarnum er að finna leiðina út úr kófinu, farsóttinni sem lamað hefur ferðapjónustu á Íslandi með gríðarlegum samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum.

Fulltrúar 85 ferðapjónustufyrirtækja leggja í Ratsjánni á ráðin um hvernig best sé að endurræsa atvinnugrein sem legið hefur í dvala síðastliðið ár ásamt því að finna leiðir til að höfða til ferðamanna framtíðarinnar. Þar eru enda miklir hagsmunir í húfi, því íslensk ferðapjónusta hafði um nokkurra ára skeið verið stærsta útflutningsgrein landsins.

Stjórnendum haldið í formi

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans, segir að það hafi verið ómetanlegt á síðustu mánuðum að heyra frá félögum og aðilum þarna úti sem setja undir sig hausinn, í einhverri magnaðri útgáfu af

seiglu og þrautseigju, og ætla sér ekki að láta bugast. „Frá miðju ári 2020 og fram á árið 2021 hefur áherslan hjá okkur verið á hvernig við getum endurræst ferðapjónustuna með því að halda stjórnendum í rekstrarlegu formi, halda áherslu á mikilvægum gildum og fyrst og síðast að tala saman, fá fram tillögur og hvetja aðila til dáða.

Ferðapjónustan er ótrúlega mannaflsfrek grein og margir stjórnendur innan hennar hafa þurft að segja upp meginþorra sinna starfsmanna sem hafa komið að því að byggja upp og þróa með þeim fyrirtæki og verkefni á síðustu árum. Þetta er sár veruleiki og erfitt að þurfa að horfa á

eftir góðu fólki með alla þessa þekkingu og reynslu en sitja eftir í ótta um að þetta sama fólk muni fara til annarra starfa og þar af leiðandi mun koma stórt þekkingargap í ferðapjónustuna.“

Landslag ferðapjónustunnar mun breytast

Ásta Kristín dregur þá ályktun, af starfi Ratsjárinnar á undanförnum vikum, að landslag íslenskrar ferðapjónustu muni breytast frá velmehtarárunum þegar hún nær sér aftur á strik. Hún telur að ferðapjónustan verði almennt sérhæfðari á þann veg að fyrirtækin einbeiti sér að færri hlutum í þjónustu og afþreyingu – og geri það betur.

„Ég held að þegar við náum að sigla í höfn úr þessum hamförum að bataferlið verði hægt en öruggt. Við höfum lagt á okkur mikið erfiði að standa af okkur storminn og mun séríslenska seiglan verða til þess að við náum að byggja okkur upp í gæða ferðapjónustu á réttum forsendum og gildum. Þeir sem höfðu veðjað á skyndigróða og því að fleyta rjómann ofan af miklum vexti í ferðapjónustunni, þar sem gæði eða öryggi ferðamanna var ekki endilega haft að leiðarljósi, eru vonandi búnir að finna sér einhverja aðra iðju svo það er von mín að eftir standi þeir sem ætli sér að stunda sjálfbæran rekstur í ferðapjónustu sem byggir á heiðarleika og samfélagslegri ábyrgð þar sem virðing fyrir nærsamfélagi og náttúru er tekin fram yfir gróðasjónamið eða skammtíma vöxt. Það sem við þurfum líka að vanda okkur sérstaklega við í auðlindadrifnum atvinnugreinum er að nýta tæknina og hugvitið í auknum mæli en það er einmitt í gegnum nýsköpunar- og þróunarverkefni eins og Ratsjana sem færni og hæfni í þá átt eykst.“

Samkeppnisforskot Íslendinga

Að sögn Ástu Kristínar á ferðapjónustun enn þá mikið inni, hún sé samofin menningu okkar og sögu til framtíðar. „Til þess að vel megi vera þarf að passa upp á að stýra fjölda og ágangi á viðkvæm svæði og gefa landshlutunum aukið vægi á að byggja upp framúrskarandi áningarstaði um allt land. Það var mikið talað um ójafnvægi og mikinn fjölda fólks, jafnvel „massatúrismi“ á Íslandi, sem ég persónulega er ekki sammála, en ég er sammála því að á vissum stöðum



Ferðapjónustufyrirtækið Elding, sem þekkt er fyrir hvalaskoðun, tekur þátt í Ratsjóni.

Mynd / Aðsend



Ferðapjónustubændurnir í Heydal í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi biða átektu eftir því að landið opnast.

Mynd / Aðsend

á landinu var komið ójafnvægi og með betri stýringu væri hægt að bæta til muna bæði upplifun gesta og ágangi á viðkvæma náttúru.

Við þetta mikla stöpp ferðapjónustunnar hefur mörgum orðið ljóst hversu mikill drifkraftur greinin er fyrir aðrar atvinnugreinar og hversu mikilvægt er að ná upp sterkum stöðum að nýju. Það má hins vegar gerast á öðrum forsendum en áður og er mikilvægt að við, íbúar á Íslandi, séum sammála um verðmæti og gildi ferðapjónustunnar og áfram tilbúin að taka á móti erlendum gestum með þeirri miklu gestrisni og stolti sem einkennt hefur íslenska ferðapjónustu frá upphafi. Þar liggja raunveruleg tækifæri og samkeppnisforskot á aðrar þjóðir sem ná ekki að stilla sig saman með eins

frábærum hætti og okkur tekst þegar við ákveðum það.“

Starfaði fyrir og í gegnum hrun í bankageiranum

Ásta Kristín er með bakgrunn í viðskiptum og starfaði hjá Íslandsbanka á Austurlandi við fyrirtækjaráðgjöf og lánamál í sex ár. „Ég var svo heppin að hafa verið ráðin inn sem fyrsti framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans í janúar 2016 en formlega hafði klasinn verið stofnaður í mars 2015 eftir nokkurra ára undirbúning. Ég gleymi því seint þegar ég las þessa atvinnuauklýsingu því í rauninni var ég ekkert að leita mér að vinnu, við fjölskyldan bjuggum austur á Reyðarfirði, nýlega búin að byggja okkur einbýlishús með tvö ung börn og hund. Við hjónin erum bæði ættuð frá Austurlandi og



Snow dogs bjóða upp á sleðahundaferðir á svæðinu í kringum Mývatn.

Mynd / Aðsend

fluttum þangað aftur eftir 12 ára Reykjavíkurdvöl eftir að háskólanámi lauk árið 2004. Ég réði mig þá til Íslandsbanka, sem einmitt hóf starfsemi sína á Austurlandi það ár. Það var mikill skóli því þetta tímabil í bankanum náði frá gríðarlegum vexti í atvinnulífinu við uppbyggingu virkjunar og álvers á Austurlandi og yfir fjármálahrunið, svo ég bý að þeirri reynslu núna þó þetta hrun sé auðvitað allt annað og á öðrum forsendum.

Síðan tóku við fjögur ár hjá Austurbrú þar sem ég stýrði nýju nýsköpunar- og þróunarsviði og færði mig að lokum yfir til Fjarðabyggðarhafna þar sem ég mótaði nýtt starf á sviði þróunar og fjárfestinga. Allur þessi tími var mikil mótun og lærdómur og ekki síst að koma að því að byggja upp ný svið og störf þar sem engin sérstök uppskrift lá fyrir," segir Ásta Kristín um sinn bakgrunn.

Áhugavert starf í grein í örum vexti

Íslenski ferðaklasinn var stofnaður 12. mars árið 2015 og er samstarfsvettvangur ólíkra fyrirtækja sem tengjast ferðaþjónustunni með einum eða öðrum hætti; til dæmis eiga Hey Iceland, Bláa Lónið, Icelandair Group, Íslandsbanki, Isavia, Landsbankinn, Landsvirkjun og Elding stjórnarmenn í Íslenska ferðaklasanum. Klasafélagar og -búar telja rúmlega 60. „Það er kannski ástæðan fyrir því að þessi atvinnuauðgylsing greip mig, að þarna þurfti að byggja upp nýja einingu, sem enginn hafði gert áður á sviði ferðaþjónustu í starfi sem enginn

hafði sinnt áður. Það kitlaði verulega, enda hafði ég lengi haft þá trú að ferðaþjónustan ætti mikið inni og væri það sem við þyrftum að þróa til lengri tíma, hætta þessu röfli um að þetta væri nú bara bóla eða í besta falli gott að hafa með, svona til að krydda tilveruna,“ segir Ásta Kristín um ástæður þess að hún hafði áhuga á starfi framkvæmdastjóra klasans.

„Það skal þó tekið fram að ástæðan fyrir því að þetta var verulega spennandi var líka sú staðreynd að vel hafði verið vandad til alls undirbúnings og skipulags svo ég tók við mjög góðum tillögum,“ bætir hún við.

Mótunarár klasans

Ásta Kristín segir að vegna hins öra vaxtar greinarinnar hafi þurft að huga að ýmsum vaxtarverkjum hennar, sem gert var í aðdraganda stofnunar klasans. „Á þessum tíma var ferðaþjónustan búin að vera í stöðugum vexti frá árinu 2010 og margir aðilar í greininni farnir að finna fyrir því að vöxturinn væri jafnvel ekki sjálfbær til lengri tíma og vildu því koma á fót verkefnadrifnu samstarfi í breiðri virðiskeðju ferðaþjónustunnar til að ná utan um ýmis mál sem þörfuðust meiri athygli. Mestar áhyggjur á þessum tíma voru af gæðamálum og hæfni, ímynd Íslands og hreinleika sökum ójafnvægis í fjölda ferðamanna á ýmsum vinsælum áfangastöðum og svo var stöðug barátta um skattlagningu og gjaldtöku á greinina sem enn var á viðkvæmum stað í mótun og að fóta sig í örum vexti.

Á mótunarárum Ferðaklasans, frá 2012–2014, voru haldnar ótal vinnustofur um allt land og úr þeim var unnið að tíu skilgreindum verkefnum sem mótuð voru í breiðum hópi með þátttöku meira en 100 fyrirtækja. Þau fólu meðal annars í sér uppbyggingu ferðamannastaða og fjármögnun, einföldun skipulags og styttingu boðleiða, endurskilgreiningu leyfa og eftirlits, einföldun skattkerfis, samræmingu markaðsmála, markhópagreiningu, gagnabanka ferðaþjónustunnar, vörupróun og að efla samtal við menntastofnanir og nýliðanámskeið. Búinir voru til verkefna- og rýnihópar með aðilum úr breiðri keðju ferðaþjónustunnar þar sem mismunandi reynsla og þekking var til staðar og mótaðar voru tillögur til úrbóta þar sem við átti. Seinna í þessu ferli og á sama tíma og formlegt félag um Íslenska ferðaklasann var stofnað ákváðu stjórnvöld að setja á stofn Stjórnstöð ferðamála, sem síðar tók yfir hluta af þessum upphafsverkefnum. Öðrum verkefnum var jafnóðum skilað úr vinnuhópum með tillögum til þeirra aðila sem fara með þau mál samkvæmt lögum, svo sem Íslandsstofu, Ferðamálastofu og skrifstofu ferðamála, sem síðar var stofnuð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.“

Mikilvægt hlutverk Ferðaklasans

Það mætti kannski segja að Ferðaklasinn hafi verið örlítið óþægilegur og ekki passað inn í hefðbundið fyrirkomulag stjórnsýslunnar eða þeirra stofnana sem fyrir voru, en það er einmitt mikilvægasta „elementið“ í svona fyrirtækjadrifnu

klasasamstarfi ólíkra aðila. Það þurfti að hreyfa sig hratt, ýta við gömlum gildum, vinna með ólíkum aðilum og þróa grein sem hafði ekki tíma til að bíða eftir öllu formlega kerfinu. Þegar það síðan nær okkur, þá er tími til að breyta verkefnum og byrja á einhverju öðru sem enginn er að sinna, þar sem þörfin er mest hverju sinni og passar fyrir klasasamstarf að stíga inn, brúa bil og móta vettvanginn. Þannig breyttist áhersla og verkefnasamsetningin eftir góða stefnumótun með klasaaðilum árin 2016–2017 þegar fókusinn var settur á fjóra megin verkefnastofna. Þeir voru, Fjárfestingar í ferðaþjónustu, Ábyrg ferðaþjónusta, Svæðisbundið samstarf og Uppbygging á Húsi ferðaklasans. Öll verkefni klasans miða að fjórum meginþáttum, það er að: Efla samvinnu og samstarf, efla nýsköpun, stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum auk þess að efla innviði. Kjarni klasasamstarfs gengur út á að efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun í íslenskri ferðaþjónustu til framtíðar,” segir Ásta Kristín um uppruna og eðli starfsemi Íslenska ferðaklasans.

Heilt ár í heimsfaraldri

„Núna, þegar heilt ár er liðið af heimsfaraldri og í miðju hans, hefur Ferðaklasinn lagt áherslu á að hlúa að aðildarfélögum sínum ásamt því að opna vettvanginn fyrir öðrum sem gætu nýtt sér þau verkfæri, viðburði, verkefni og samtál sem á sér stað. Við búum að því að hafa litla yfirbyggingu yfir okkar rekstri og getum því hagað verkefnum dálítið eins og harmonikka, við getum þanið þau út og fengið með okkur fjölda fólks í skilgreind verkefni eða dregið okkur saman alveg inn að kjarna, eins og við þurftum að gera þegar við sjálf misstum um 70 prósent af okkar rekstrartekjum.

Þá skiptir máli að hugsa hratt og út fyrir hinn margrómaða kassa. Við erum tveir starfsmenn í Íslenska ferðaklasanum en ásamt mér er Árni Freyr Magnússon, sem hefur starfað í klasanum frá því um mitt ár 2018,” segir Ásta Kristín.

Hún segir að erfitt hafi verið að fylgjast með þróun ferðaþjónustunnar undanfarið ár; horfa upp á stjórnendur fyrirtækja

verða vitni að því þegar hæfileikafólk hverfur inn í aðrar greinar og kostnaðarsama fjárfestingu ýmist hverfa eða setta í mikla óvissu. Ríkið hafi með réttu þurft að endurgjalda ferðaþjónustunni það sem hún gaf þjóðfélaginu í endurreisninni eftir fjármálahrunið, með því að bjóða upp á ýmsar leiðir og úrræði fyrir einhver fyrirtæki til að lifa af.

„Gríðarlegar fjárfestingar hafa átt sér stað í ferðaþjónustunni síðasta áratuginn og hefur meginþorri þjónustaaðila fjárfest nánast hverri krónu inn í reksturinn sinn, hvort sem það eru bætt húsakynni, tækni og tækjabúnaður eða fjárfesting í mannauði og menntun. Það er því frekar ósanngjarnt að hlusta á ýmsa sérfræðinga velta vöngum yfir því hvar allur gróðinn úr vexti síðustu ára sé og af hverju þessir aðilar þurfi aðstoð stjórnvalda til þess að komast yfir algjört tekjufrost í að verða heilt ár.

Staðreyndin er sú að við værum alls ekki á þeim stað í efnahagsmálum ef ekki hefði verið fyrir öfluga gjaldeyrisinnkomu

Við treystum á íslenskan landbúnað

Íslenskur landbúnaður er mikilvægur fyrir fæðuframleiðslu þjóðarinnar og atvinnulíf í landinu öllu.



Hross í haga. Mynd/HKr.



Vök Baths í vetrarbúningi, á bökkum Urriðavatns við Egilsstaði.

Mynd / Aðsend

ferðaþjónustunnar síðustu tíu árin sem gerði ríkissjóði kleift að greiða niður skuldir í stórum stíl, sem leiðir þá til þess að það er svigrúm til að styðja myndarlega við þau sömu fyrirtæki og gerðu þessa stöðu mögulega. Íslenskt samfélag á mikið undir því að ferðaþjónusta nái fótunum undir sig á ný um allan heim því erlendir ferðalangar koma með verðmættan gjaldeyri til landsins sem gera okkur, íbúnum, aftur kleift að stunda viðskipti við útlönd, kaupa vörur og þjónustu fyrir þann gjaldeyri. Við gleymum því nefnilega oftast, eða hreinlega gerum okkur ekki grein fyrir því, að erlendir gjaldeyrir er nýr peningur inn í hagkerfið, alveg eins og þegar við seljum fisk til útlanda eða ál, það virðist oft vera auðveldara að setja slíka verðmætasköpun í samhengi.“

Flest ferðaþjónustufyrirtæki glíma við rekstrarvanda

Staða greinarinnar er í dag mjög þung, að sögn Ástu Kristínar, og flest öll fyrirtæki í ferðaþjónustu í einhvers konar rekstrarvanda – þótt hann sé misdjúpur eða erfiður. „Það geta fæst fyrirtæki lifað af lengi við eins mikinn tekjusaðrátt eða algjört tekjufrost eins og á við um flest hefðbundin fyrirtæki í ferðaþjónustu,“ segir hún.

„Sum hver geta breytt þjónustuframboði og/eða aðlagð vöruna sína betur að íslenskum markaði en mörg hver treysta alfarið á erlenda gesti og á það hvað mest við um stórar hótélkeðjur, ferðaskipuleggjendur, flugfélög og ýmsa afþreyingu. Flest fyrirtæki hafa nýtt sér úrræði stjórnvalda á einn eða annan hátt.“

Á síðasta ári fóru 92 ferðaþjónustufyrirtæki í þrot

Að sögn Ástu Kristínar hafa úrræði stjórnvalda gert gæfumuninn fyrir mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu og auðveldað þeim að leggjast í híði á meðan faraldurinn geisar. Þau hafi þó ekki dugað fyrir þau 92 fyrirtæki í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar sem voru með rekstur á árinu 2019 og fóru í þrot á síðasta ári.

Hún segir að komið hefði í ljós í nýlegri könnun í tengslum við Nýársfund Ferðaklasans, KPMG og SAF að 53 prósent fyrirtækja í ferðaþjónustu hefðu fengið greiðsluhlé hjá lánastofnunum vegna COVID-19. Af þeim sem sóttu um var umsóknunum 5,4 prósentu fyrirtækja hafnað.

„Árið 2021 mun svo leiða í ljós hversu mörg fyrirtæki bætast við eða hvort að-



Ásta Kristín á skrifstofu Íslenska ferðaklasans í Grósku í Vatnsmýrinni. Mynd / smh

gerðir og samstillt áttak til viðreisnar fyrir ferðaþjónustuna munu varna því að um fjöldagjaldþrot í greininni verði að ræða. Í þessu samhengi þarf líka að hafa í huga að mikill fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu eru lítil og meðalstór fyrirtæki, auk þess að fjöldi aðila eru einyrkjar í sjálfstæðum atvinnurekstri. Margir hverjir hafa þurft að hverfa til annarra starfa tímabundið á meðan enn aðrir hafa náð að nýta tímann til að sinna ýmsu viðhaldi og uppbyggingu sem hefur hingað til setið á hakanum. Mjög mismunandi er hvernig fyrirtæki eru í stakk búin til að hefja viðspyrnuna og því mikilvægt að þau fái nægilegt súrefni núna til þess að halda sér í formi.“

Ratsjain

„Á haustmánuðum 2020 voru nokkur landshlutasamtök búin að nálgast okkur með hugmyndir að verkefnum sem gætu komið ferðaþjónustunni að notum á þessum furðulegu tímum. Við vorum sjálf búin að vera að velta upp hvernig við gætum haldið áfram með hefðbundin verkefni í gegnum fjarfundarbúnað og hvernig við gætum breytt, bætt og þróað nýsköpunar- og þróunarverkefnið okkar, Ratsjána, að nýjum stafrænum veruleika,“ segir Ásta Kristín um bakgrunn Ratsjárinnar. „Verkefnið hefur hingað til verið í hefðbundnum heimi og gengið út á heimsóknir og rýni fyrirtækja á rekstur hvert annars þar sem kjarninn gengur út á að hittast og skiptast á ráðum og

dáðum. Frá árinu 2019 hefur verkefnið hlotið styrk í gegnum Byggðaaætlun en frá upphafi hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands verið með Ferðaklasanum í framkvæmd og undirbúningi. Fyrsta Ratsjain var haldin árið 2016 með þátttöku níu fyrirtækja um allt land þar sem mikið var um ferðalög og markvissa vinnu við greiningar og tillögur til fyrirtækjanna.

Við náðum í frábæru samstarfi sjö landshluta og með ráðgjafarfyrirtækinu RATA að vippa verkefninu inn í stafrænan heim þar sem fyrirtæki um allt land leiða saman hesta sína á vikulegum fundum þar sem mismunandi viðfangsefni eru tekin fyrir hverju sinni. Ratsjain er ákveðið verkfæri ætlað stjórnendum í ferðapjónustu og tengdum greinum sem vilja auka nýsköpunarhæfni sína, hraða mikilvægum breytingaferlum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu.

Ljóst var að fyrirtæki í virðisbættu ferðapjónustunnar voru og eru í miklum ólgu-sjó sem ekki sér fyrir endann á. Á næstu mánuðum er því lykiltríði að halda fast um taumana, nýta sér þau úrræði sem í boði eru af hendi stjórnvalda ásamt því að nýta tímann til að efla nýsköpun, vöruþróun og stafræna ferla fyrirtækisins,“ útskýrir Ásta Kristín.

Þátttakendur í Ratsjaini frá 85 fyrirtækjum

Ratsjain hófst með formlegum hætti í janúar 2021 og stendur yfir í 16 vikur, eða til 16. apríl. „Þátttakendur eru frá 85 fyrirtækjum frá öllum landshlutum en þeir hittast á tveggja vikna fresti á sameiginlegum vinnustofum á netinu þar sem kafað er í kjarna þeirra verkfæra sem unnið er að hverju sinni. Á milli sameiginlegu vinnustofanna eru haldnir svæðisbundnir heimafundir sem eru í umsjón landshlutanna sjálfra. Þar er farið nánar yfir efnistöð frá sameiginlegu fundunum og unnið með sérstöðu hvers svæðis fyrir sig á þeirra forsendum.

Ratsjain snertir á helstu áskorunum sem fyrirtækjaeigendur standa frammi fyrir í dag en endanleg dagskrá og þemu fræðslufunda voru unnin í samstarfi við þátttakendur sem kusu efnisþætti um leið og þeir sóttu um þátttöku í verkefninu. Meðal efnisþátta sem valin voru eru: nýsköpun og vöruþróun, markaðsmál og

markhópar, rekstur og sviðsmyndagreiningar, sjálfbærni og ábyrg ferðapjónusta, stafræn þróun og tæknibylting fyrirtækja, breyttir tímar og tækifærin, kaupákvörðunarhringurinn, heimasíður – hvernig skarar síðan mín fram úr?, jákvæð sálfræði, endurhugsaðu viðskiptamódelið, skapandi hugsun sem verkfæri til framfara, samkeppnishæfni og sérstöðugreining, svo dæmi séu tekin.“

Allir ferðapjónustuaðilar aftur orðnir frumkvöðlar

Ásta Kristín segir að mikil bjartsýni ríki meðal þátttakenda í Ratsjaini. „Öll fyrirtækin sem taka þátt í Ratsjaini eiga það sameiginlegt að trú á því að ferðapjónustan muni ná sér að nýju og að það hvernig þau nýti tímann núna skipti sköpum fyrir rekstrargrundvöllinn þegar hjólin fara að snúast á ný. Í raun eru öll fyrirtæki í ferðapjónustu komin á þann upphafspunkt að vera frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtæki, það sem einkennir þann fasa er að hafa elju, vilja og trú að vopni en að sama skapi eru vasarnir oftast tómir. Þá skiptir máli að þekking á rekstri og löng reynsla muni verða til

þess að endurræsingin muni ganga hraðar fyrir sig og að batinn muni koma skref fyrir skref.

Næstu skref hjá okkur í Íslenska ferðaklasanum er að halda áfram að koma að sem mestu gagni fyrir þá sem treysta á okkur, þróa verkefni okkar í takti við þarfir okkar félaga og vonandi að koma fleiri Ratsjaini í loftið, t.d. væri frábært að keyra af stað Ratsjain með fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu næst. Þá munum við halda áfram að halda merkjum Ábyrgrar ferðapjónustu á lofti ásamt því að vinna að stafrænni hæfni fyrirtækja í ferðapjónustu. Við leggjum töluvert upp úr því að sækja um erlenda verkefnastyrki til að auka tekjustrauma og efla klasavettvanginn enn frekar. Verkefni okkar munu að öllum líkindum taka breytingum og þróast á næstu misserum og treystum við þar á að aðildarfélagar okkar haldi okkur á tánum og vísi okkur veginn, við vitum að ferðapjónusta er og verður til fyrir fólk í leit að upplifun og ævintýrum, sem sinnt er af fólki sem vill veita framúrskarandi þjónustu,“ segir Ásta Kristín að lokum.

Byggingarstjórn - Verkstýring

Sérhæfi mig í byggingarstjórn og verkstýringu.

Tek einnig að mér ýmis önnur verkefni smbr. nýbyggingar, breytingar á húsnæði, viðhald og fleira.

Hafðu samband

Örn Úlfar

S. 844-5169

orn@byggingarstjorn.is



Mikilvægt er að marka stefnu um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar. Í því felst að sett séu markmið um getu innlendrar matvælaframleiðslu til að takast á við skyndilegar breytingar á aðgengi að innfluttri matvöru og aðföngum þannig að fæðuöryggi þjóðarinnar sé tryggt.

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Hver er staða fæðuöryggis á Íslandi?

Erla Sturludóttir
Guðni Þorvaldsson
Guðríður Helgadóttir
Ingólfur Guðnason
Jóhannes Sveinbjörnsson
Ólafur Ingi Sigurgeirsson
Þóroddur Sveinsson

Umræða um fæðuöryggi þjóðarinnar hefur ekki alltaf verið áberandi. Eftir efnahagshrunið 2008 og aftur núna í heimsfaraldri COVID-19 hafa spurningar vaknað um hvernig því sé háttað. Íslendingar eru mjög háðir innfluttum matvælum og aðföngum til matvælaframleiðslu. Því er eðlilegt að spurningar vakni um hvort og hvernig við gætum framfleytt okkur ef innflutningsleiðir lokuðust.

Í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland sem kom út árið 2009 kemur fram að staða fæðuöryggis Íslendinga er veikari en nágrannaþjóðanna. Getu til fjölbreyttrar matvælaframleiðslu sé takmörkuð vegna legu landsins og flutningsleiðir langar yfir hafið. Þar segir að ýmislegt, svo sem heimsfaraldrar og stríðsátök, geti leitt til raskana á innflutningi. Þá gæti efnahagshrun einnig orðið til þess að Íslendingar hefðu ekki lengur ráð á að flytja matvæli og aðföng til landsins.

Hvað er fæðuöryggi? Fæðuöryggi er sagt vera til staðar þegar allt fólk hefur ávallt raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum til að uppfylla næringarþarfir sínar með frjálsu

fæðuvali, til að geta lifað virku og heilsusamlegu lífi. Matvælaframleiðslan þarf því að vera sjálfbær til að fólk hafi ávallt aðgang að fæðu. Ekki má ganga á auðlindir og vistkerfi sem standa undir matvælaframleiðslu þannig að framleiðslan minnki með tíma. Framleiðslan þarf að vera nægilega fjölbreytt til að uppfylla næringarþarfir fólks. Allir framleiðsluferlar þurfa að vera þannig að matvælin séu örugg til neyslu, þ.e. að matvælaöryggi sé til staðar. Heilnæmi matvælna og heilbrigði plantna og dýra sem heyra undir matvælaframleiðslu eru lykilatriði sem skipta neytendum sífellt meira máli. Ágæt staða innlendu framleiðslunnar réttlætir tilvist hennar. Ágætt dæmi er íslensk framleiðsla alifuglakjöts.




Umfjöllun um fæðuöryggi á Hlöðunni

Rætt er við Jóhannes Sveinbjörnsson, einn skýrsluhöfundar, í fjórða þætti um Fæðuöryggi á Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins. Þar fer hann dýpra í verkefni hópsins sem vann skýrsluna sem kynnt er í þessari grein. Guðrún Hulda Pálsdóttir leiðir umræðu um margar hliðar fæðuöryggis í samnefndum þáttum, en þar ræðir hún við fjölbreyttan hóp fólks sem hefur látið sig málefnið varða. Þætti Hlöðunnar má nálgast á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is, en einnig í helstu hlaðvarpsveitum, s.s. á Spotify og Apple Podcasts.

Matvæli eins og alifuglakjöt er vara sem er viðkvæm fyrir sýkingum (Campylobacter og Salmonella) en sjúkdómsstaða og smitvarnir í íslenskrum alifuglarækt er með því besta sem gerist í heiminum og byggist á mjög öflugri sýnatöku og eftirliti hjá afurðastöðvum, fuglabúum og fóðurverksmiðjum. Það er því full ástæða til að framleiða þessa vöru hérlendis þó að flytja þurfi inn stóran hluta fóðurhráefna. Notkun sýklalyfja í íslenskrum matvælaframleiðslu er ein sú minnsta sem þekkt er. Þá má nefna að framleiðsla matjurta í gróðurhúsum er af miklum gæðum þar sem nánast eingöngu er notað neysluhæft vatn til framleiðslunnar.

Skiptar skoðanir eru á hvernig best sé að tryggja fæðuöryggi á Íslandi. Sumir vilja meina að öruggast sé að vera með sem mest af matvælaframleiðslunni innanlands meðan aðrir segja að það sé ekki nóg því matvælaframleiðslan sé svo háð innfluttum aðföngum. Fjölbreytni matvælaframleiðslunnar og aðdráttu til hennar getur stuðlað að auknu fæðuöryggi á sama hátt og fjölbreytni atvinnulífs getur stuðlað að auknu atvinnuöryggi.



Hlutfall erlends og innlands grænmetis og dýraafurða árin 2009 og 2019.

Ljóst er að veiki hlekkurinn í fæðuöryggi Íslendinga er hversu háð við erum innfluttum matvælum og aðföngum til innleðrar matvælaframleiðslu. Þó núverandi staða sé góð er óvíst um framvinduna ef upp kæmu fordæmalausar aðstæður sem á einhvern hátt hindruðu innflutning og greið viðskipti milli landa.

Í skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi sem gefin var út af Landbúnaðarháskóla Íslands á dögnum (http://www.lbhi.is/rit_lbhi_1) var lagt mat á hver áhrifin yrðu ef upp kæmi skortur á nauðsynlegum aðföngum til innleðrar matvælaframleiðslu. Farið er yfir hvernig matvælaframleiðsla er háttáð á Íslandi, hvað og hversu mikið er framleitt og hvað þarf til framleiðslunnar. Þá er birt samantekt um magn og hlutfall innfluttra matvæla í tilteknum fæðuflokkum. Einnig er fjallað um þætti sem gætu stuðlað að auknu fæðuöryggi á Íslandi. Hér á eftir verður farið yfir helstu atriði skýrslunnar.

Matvælaframleiðsla á Íslandi
Matvælaframleiðsla á Íslandi byggist á landbúnaði, fiskveiðum og fiskeldi. Landbúnaðarframleiðslunni má skipta upp í þrjár greinar: garðyrkju sem sér þjóðinni fyrir grænmeti, jarðrækt sem framleiðir fóður en einnig korn og olíu til mannelis og loks búfjárrækt sem framleiðir dýraafurðir (kjöt, mjólk, egg). Framleiðsla hvernar greinar á misstóran hlut í fæðuframboði á Íslandi en stór hluti matvæla er innfluttur. Garðyrkjan sér fyrir um 43% af framboði grænmetis, búfjárræktin sér fyrir um 90% af kjöti, 96% af eggjum og 99% af mjólkurvörum. Innleð framleiðsla á korni til mannelis er um 1% af heildarneyslu. Framleiðsla fiskis má skipta upp í veiðar og fiskeldi. Veiðarnar eru mjög umfangsmiklar og er framleiðslan fyrst og fremst miðuð við útflutning. Fiskeldi hefur verið mjög vaxandi á undanföllum árum. Framleiðsla fiskeldis beinist einnig einkum að útflutningi. Lítið er flutt inn af fiski enda framleiðsla langt umfram innleða eftirspurn.

Matvælaframleiðsla á Íslandi

Íslensk matvælaframleiðsla er mjög háð innfluttum aðföngum og þá sérstaklega eldsneyti og áburði en einnig fódri og sáðvöru, ásamt ýmsum tólum og tækjum. Framleiðslugreinarnar eru misháðar aðföngunum og áhrif skorts á einhverjum þeirra eru því mismikil eftir greinum. Til að mynda eru alifugla- og svínaræktin mjög háðar innfluttu fódri. Því myndi skortur leiða til framleiðslustöðvunar á meðan framleiðslan myndi dragast saman í nautgriparrækt og mjólkurframleiðslu. Skortur á fódri myndi ekki hafa samsvarandi áhrif á lamba- og hrossakjötsframleiðsluna. Skortur á áburði myndi hafa þau áhrif að fóðurframleiðslan drægist saman og uppskerumagn gæti minnkað um 25–35% strax á fyrsta ári og héldi síðan áfram að minnka ef ekkert yrði borið á.



Erfið samkeppnisstaða leiðir til að lágt verð fæst fyrir innlendar vörur. Rekstrarkostnaður er hærri en víða erlendis, ræktun í gróðurhúsi krefst kostnaðar vegna bygginga, raforku og fleiri kostnaðarliða. Þá er launakostnaður hærri hérlendis en í mörgum þeirra löndum sem við kaupum matjurtir frá. Því er nauðsynlegt fyrir framleiðendur að fá ákveðið lágmarksverð fyrir framleiðsluna. Bætt samkeppnisstaða myndi stuðla að auknu fæðuöryggi. Mynd/smh

Það myndi leiða af sér samdrátt í þeim greinum búfjárræktar sem reiða sig á innlenda fóðurframleiðslu. Einnig myndi framleiðsla í garðyrkju dragast saman. Fiskveiðar eru mjög háðar innflutningi á eldsneyti sem og öll innlend framleiðsla á fódri.

Landnotkun

Áætlað hefur verið að mögulegt ræktunarland á Íslandi sé 200–600 þúsund hektarar, það er land sem gæti nýst fyrir gróffóðurframleiðslu (gras og grænfróður). Möguleiki er að rækta korn á stórum hluta þess lands. Undanfarnir ár hafa um 90 þúsund hektarar lands verið í ræktun, þar af um 97% í gróffóðurframleiðslu, 3% í kornrækt og <1% er nýtt til útiræktunar matjurta. Ljóst er að hér er mikið af ónotuðu ræktanlegu landi en þörf er á nákvæmari gögnum til að meta umfang og gæði ræktanlegs lands á Íslandi.

Ísland er á mörkum þess að hér sé hægt að rækta korn og ýmsar matjurtir. Undanfarna áratugi hefur mikil þekking og reynsla fengist um hvar á landinu hentugt er að rækta korn og hvernig að því skuli staðið. Það sama á við í matjurtaræktinni. Nálægð við jarðhita

er mikilvæg fyrir framleiðslu í gróðurhúsum. Mikilvægt er að gera áætlanir um landnotkun og landnýtingu svo besta ræktunarlendið tapist ekki undir aðra starfsemi.

Orkuskipti

Öll matvælaframleiðsla á Íslandi er háð ýmsum tækjum og tólum sem mörg eru drifin af innfluttu eldsneyti. Stefna stjórnvalda er að flýta orkuskiptum sem mest þar sem innlendir endurnýjanlegir orkugjafir eiga að koma í stað innflutts jarðefnaeldsneytis. Þetta er gert með það að markmiði að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Slík orkuskipti myndu ekki eingöngu minnka kolefnislosun okkar heldur einnig auka fæðuöryggi þjóðarinnar. Ef innflutningur eldsneytis myndi af einhverjum ástæðum raskast hefði það mun minni áhrif á matvælaframleiðsluna ef stór hluti véla sem notaðar eru við framleiðslu væru knúnar af innlendum orkugjöfum (raforku, vetni, metani eða etanóli).

Rannsóknir og nýsköpun

Rannsóknir og nýsköpun hafa mikið hlutverk við að auka fæðuöryggi á Íslandi í framtíðinni. Nú er allur tilbúinn áburður

innfluttur en köfnunarefnisáburður var framleiddur hér um árabil. Rannsóknarverkefni og prófanir á nýrri aðferð við framleiðslu nituráburðar (www.atmonia.com), sem krefst mun minni orku en hefðbundin aðferð, standa nú yfir á Íslandi. Ef þessi aðferð stendur undir væntingum mun hún verða okkur afar mikilvæg. Betur má nýta næringarefni sem falla til hér innanlands og koma á hringrás næringarefna milli bújarða og þéttbýlis.

Sumar jurtir er ekki hægt að rækta hérlendis nema í gróðurhúsum sem gerir það að verkum að það er ekki skynsamlegt að fara út í ræktun allra tegunda hérlendis. Með kynbótum og frekari rannsóknum á ræktunaraðferðum má gera ræktun ýmissa tegunda hérlendis öruggari og arðbærari. Einnig þyrfti að þróa ræktunar- og geymsluaðferðir innlands grænmetis til að lengja tímann sem það er á boðstólum. Veikleiki við ræktun tegunda sem eru á mörkum þess að þrífast hér er að oft reynist erfitt að fá þær til að þroska sáningarhæft fræ. Sem stendur er korn- og matjurtaræktin mjög háð innfluttri sáðvöru. Möguleiki er að auka framleiðslu á innlendri sáðvöru á mörgum tegundum með sértækum aðgerðum.

Birgðahald til að minnka áhættu

Núna eru Íslendingar mjög háðir innfluttu eldsneyti, áburði, sáðvöru og fódri. Góðir möguleikar eru þó á að verða minna háð innfluttum aðföngum í framtíðinni en það krefst uppbyggingar, rannsókna og þróunar. Meðan við erum háð slíkum aðföngum um framleiðsluna væri skynsamlegt að eiga birgðir af helstu aðföngum. Hingað til hafa birgðir helstu hráefna dugað frá nokkrum vikum upp í örfáa mánuði. Mun auðveldara er að geyma eldsneyti, áburð, sáðvöru og fóður en flest matvæli. Auknar birgðir lykilhráefna myndu auka fæðuöryggi Íslendinga mikið.

Rekstrarumhverfi

Mikilvægt er að tryggja rekstraröryggi matvælaframleiðenda til að framleiðslan haldist í landinu. Samkeppni á markaði við innfluttar landbúnaðarvörur er erfið. Matvælaframleiðendur hafa ekki náð að keppa í verði við erlenda vöru og hafa því einbeitt sér að því að keppa í gæðum, bæði í matjurta- og kjötframleiðslu.



Áætlað hefur verið að mögulegt ræktunarland á Íslandi sé 200–600 þúsund hektarar, það er land sem gæti nýst fyrir gröffóðurframleiðslu (gras og græn fóður). Möguleiki er að rækta korn á stórum hluta þess lands. Mynd/H.Kr.

Innflutningur á kjöti er að stórum hluta dýrari partar gripanna, þeir sem gefa mesta framlegð. Það rýrir afkomu innlendarar kjötframleiðslu og minnkar líkurnar á að sú framleiðsla viðhaldist. Kjötgreinarnar eru ekki einangraðar hver frá annarri hvað þetta varðar. Innfluttar nautalundir eru ekki einungis í samkeppni við íslenskar nautalundir, heldur líka íslenskar lambalundir.

Sama á við í matjurtaframleiðslunni. Erfið samkeppnistaða leiðir til að lágt verð fæst fyrir innlendar vörur. Rekstrararkostnaður er hærri en víða erlendis, ræktun í gróðurhúsi krefst kostnaðar vegna bygginga, raforku og fleiri kostnaðarliða. Þá er launakostnaður hærri hérlendis en í mörgum þeirra landa sem

við kaupum matjurtir frá. Því er nauðsynlegt fyrir framleiðendur að fá ákveðið lágmarksverð fyrir framleiðsluna. Bætt samkeppnisstaða myndi stuðla að auknu fæðuöryggi.

Stjórnvöld þurfa að sjá til að rekstrarumhverfi gefi íslenskri matvælaframleiðslu færi á að vaxa og dafna. Að öðrum kosti er hætt við að framleiðslan stöðvist. Einnig er mikilvægt að sú þekking sem skapast hefur á matvælaframleiðslu við íslenskar aðstæður tapist ekki.

Hvernig getum við aukið fæðuöryggi á Íslandi?

Niðurstaða skýrsluhöfunda er að mikilvægt sé að marka stefnu um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar. Í

því felst að sett séu markmið um getu innlendarar matvælaframleiðslu til að takast á við skyndilegar breytingar á aðgengi að innfluttri matvöru og aðföngum þannig að fæðuöryggi þjóðarinnar sé tryggt. Í slíkri stefnu þyrfti að meta: 1) hvaða fæðuframboð tryggir fæðuöryggi með tilliti til fæðutegunda og magns, 2) þarfir fyrir auðlindir til framleiðslunnar, 3) hvaða þekking og tækjabúnaður er nauðsynlegur, og 4) hver þyrfti nauðsynleg birgðastaða matvæla og lykilaðfanga að vera. Þá er einnig nauðsynlegt að horfa fram á veginn og setja stefnu um þarfir fyrir rannsóknir og nýsköpun í framleiðslu og vinnslu með það að markmiði að tryggja að þjóðin geti verið minna háð innfluttum aðföngum og þannig búið við raunverulegt fæðuöryggi.





BÆTIR HVERS DAGINN

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT – NÁTTÚRULEGA

Íslenskt lambakjöt er hrein hollustuvara, enda framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni.

Það býður upp á endalaus möguleika í eldamennsku, hvort sem við sækjumst eftir hefðbundnu læri, hrygg og kótelettum eða spennandi pottréttum með austurlensku kryddi, lamba-taco eða lambakjötssalati. Við getum alltaf treyst á hollustu og hreinleika vörunnar enda er íslenska lambakjötíð eina matvaran sem fengið hefur staðfestingu Matvælastofnunar sem verndað afurðaheiti.

Fjölskyldurnar sem standa að framleiðslu íslenska lambakjötsins gera hversdaginn betri.



Þó nokkrar leiðir eru færar þeim sem hyggja á landbúnaðartengd verkefni, en möguleikarnir verða ávallt meiri ef verkefnið fellur undir hatt nýsköpunar. Mynd/ghp

Nýsköpun í landbúnaði:

Hvar er hægt að sækja fjármagn og stuðning?

Guðrún Hulda
Pálsdóttir

Sjaldan eða aldrei hefur skilningur landsmanna á mikilvægi innlendra matvælaframleiðslu verið meiri. Kófið alkunna minnti okkur á fallvæðleika þess munaðar sem við búum við sem auðug þjóð á alþjóðamælikvarða. Í landi nægra auðlinda og endalausra möguleika virðist lítið standa þeim hugkvæmu og framkvæmdaglöðu fyrir þrifum. En leiðin frá hugmynd, gegnum framkvæmd, til afurðar og útbreiðslu, er flókin og grundvöllur þess að vel til takist byggir oft en ekki á stuðningi, tíma og fjármagni. Fjármagni sem oft en ekki er af skornum skammti, sér í lagi þegar landbúnaður er annars vegar.

Þegar Framleiðnisjóður landbúnaðarins var lagður niður í lok síðasta árs og fjármagn þess flutt undir Matvælasjóð sitja eftir spurningar er varða fjármögnun á fjölmörgum verkefnum sem lúta ekki beint að matvælaframleiðslu. Rannsóknir í landbúnaði falla ekki alltaf undir skilgreiningu nýsköpunar en er ugglaust undirstaða framþróunar innan búfjár- og jarðræktar og eru um leið þýðingarmiklar bæði fyrir landbúnað og dreifbýlið í heild. Fræðslu- og þróunarverkefni í landbúnaði

mega sín lítils þegar sótt er í almenna samkeppnissjóði þar sem kjarnaheilbrigðismál og tækniframfarir sem skipta sköpum eru metin skör ofar en mikilvægi grunnrannsókna á plöntum, svo dæmi sé tekið.

Á hinn bóginn liggur fyrir að hægt er að sækja bæði um styrki og stuðning frá ýmsum stofnunum og samtökum innanlands vegna nýrra verkefna, sér í lagi undir hatti nýsköpunar, en enn fremur ef

um verkefni í dreifbýli er að ræða. Verða hér á eftir tilteknir nokkrir styrkja- og stuðningsmöguleikar en tilgangurinn er þó ekki að birta tæmandi lista, enda virðist styrkjaumhverfi landbúnaðar vera að gangast undir töluverðar breytingar á þessu ári. Hér er meira um vettvangs-sköðun að ræða.

Stuðningur

Fyrsta stopp þeirra bænda sem hyggja á ný verkefni sem tengjast rekstri bújarða og afurðum sínum með beinum hætti ætti að vera hjá **Bændasamtökum Íslands** sem bjóða félagsmönnum aukinn stuðning við mótun þróunar- og nýsköpunarverkefna og ráðgjöf vegna umsókna. Um er að ræða reynsluverkefni sem stendur til 1. júní 2021 í samstarfi við **Byggðastofnun og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins**. Félagsmönnum býðst viðtal við ráðgjafa þar sem boðin er aðstoð við að móta og lýsa verkefnishugmynd í stuttu ágripi. Í framhaldinu fær viðkomandi félagsmaður upplýsingar um með hvaða hætti væri unnt að fá áframhaldandi stuðning við útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Miðað er við að hver félagsmaður fái tvær vinnustundir án endurgjalds vegna þessa. Athugið að þessi leið er ekki í boði fyrir verkefni sem ætluð eru til hagnýtingar fyrir búgreinar eða landsvæði í heild, né fyrir fræðilegar rannsóknir. Hægt er að panta viðtal við ráðgjafa í síma 563 0300 eða senda tölvupóst á netfangið kma@bondi.is.

Landbúnaðarklasanum er ætlað að tengja saman þá aðila sem vinna í landbúnaði og matvælaframleiðslu og stuðla að aukinni arðsemi og nýsköpun innan greinarinnar. Markmið hans er að gæta sameiginlegra hagsmuna og kynna fjölpætta starfsemi í landbúnaði. Þá geta frumkvöðlar fengið aðstöðu í húsnæði Sjávarklasans. Vefsíða: landbunadarklasinn.is

Lífrænt Ísland er samstarfsverkefni VOR – Verndun og ræktun, BÍ og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til að auka lífræna framleiðslu á Íslandi. Þar geta lífrænir framleiðendur komið sér á framfæri en einnig er þar hægt að sækja sér handhæga þekkingu og afla sér upplýsinga um styrki og stuðning ef aðlaga á búskapinn að lífrænum stöðlum. Vefsíða: lifraentisland.is



Rannsóknir í landbúnaði falla ekki alltaf undir skilgreiningu nýsköpunar en er ugglaut undirstaða framþróunar innan búfjár- og jarðræktar. Mynd/Jarðræktarmiðstöð Lbhí

MATÍS vinnur að fjölbreyttum verkefnum í matvælaíðnaði með nýsköpun og verðmætaaukningu að leiðarljósi. Markmið þeirra er að hámarka áhrif fjárfestinga í rannsóknum og nýsköpun og er stuðningur þeirra við frumkvöðla í matvælageiranum því mikilvægur. Unnið er að verkefnum sem tengjast erfða- og líftækni, matvælaöryggi, umhverfismálum og rekjanleika, vöruþróun og vinnslutækni svo eitthvað sé nefnt. Meðal þess stuðnings sem MATÍS getur veitt er byrjunar- aðstoð og þjónusta þegar hefja á hvers konar matvælavinnslu, auk rannsóknarrýma með tækjabúnaði. Vefsíða: matis.is

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) sér um hvers kyns leiðbeiningaþjónustu til bænda og heldur m.a. utan um ýmis sameiginleg verkefni í umboði BÍ. Þar má meðal annars nefna **Loftslagsvænan landbúnað**, sem er samstarfsverkefni sauðfjábænda um minni losun og að auka bindingu við búskap og landnotkun og er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá samstarfsaðilum, auk þátttökustyrk, styrk til efnagreininga og aðgerða- og árangurstengdar greiðslur. Þá er **LOGN: Landbúnaður og náttúruvernd** samstarfsverkefni BÍ og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Tilgangur er að kanna möguleika á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar. Bændur og landeigendur sem hafa áhuga á að stunda náttúruvernd af einhverju tagi á landbúnaðarlandi geta orðið aðilar að verkefninu. Vefsíða: rml.is

Samtök smáframleiðenda: Nýstofnaður samstarfsvettvangur fyrir smáframleiðendur, þangað sem hægt er að leita bæði stuðnings og upplýsinga. Félagið vinnur að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla og er málsvari þeirra. Saman hafa félagsmenn m.a. komið á koppinn horni í Krónunni með vörum frá litlum framleiðendum. Vefsíða: ssfm.is

Viðskiptahraðlar er verkfæri til að styrkja og bæta viðskiptahugmynd, stofna til og/eða efla tengslanet og koma fyrirtæki og vöru á kortið. Á Íslandi hafa landbúnaðartengd verkefni fengið byr undir báða vængi hjá Icelandic Startup. Á þeirra vegum eru eftirfarandi hraðlar:

Til sjávar og sveita: Viðskiptahraðall sem veitir frumkvöðlum tækifæri á að fá handleiðslu sérfróðra aðila við þróun hugmynda sinna og kynna hana fyrir mögulega fjárfesta. Með þessu er stuðlað að því að viðskiptahugmynd raungerist. Vefsíða: tilsjarovogsveita.is

Startup Orkidea: Samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Lbhí og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Tilgangur þess snýr að uppbyggingu orkutengdra tækifæra á Suðurlandi, til dæmis við hátækni framleiðslu matvæla og líftækni. Landsvirkjun býður þátttakendum einnar milljónar kr. fjárfesting gegn kauprétti. Vefsíða: orkidea.is

Eimur er systurhraðall Orkideu á Norðurlandi. Það er í samstarfi við Landsvirkjun, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og SSNE og er ætlað að



Styrkir eyrnamerkir dreifbýlinu eru nokkrir. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög búa að einhverjum upplýsingum, enn fremur hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sett á fót Lóu – nýsköpunarstyrk fyrir landsbyggðina. Mynd/H.Kr.

bæta nýtingu orkuauðlinda og auka nýsköpun í orkumálum á Norðausturlandi.
Vefsíða: eimur.is

Aðrir viðskiptahraðlar Icelandic Startup á borð við Gulleggið hefur einnig styrkt landbúnaðartengd verkefni.

Styrkir

Matvælasjóður: Fjármagn sem áður fór í gegnum Framleiðnisjóð landbúnaðarins er nú fallið undir Matvælasjóð. Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Sjóðurinn styrkir verkefni á mörgum stigum, frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna. Fyrsta úthlutun fór fram um miðjan desember 2020 þar sem 62 verkefni hlutu alls 480 milljónir króna. Áætlað er að Matvælasjóður muni hafa 628 milljónir til umráða á árinu 2021. Opnað var fyrir umsóknir í mars og verður önnur úthlutun sjóðsins í maí 2021. *Vefsíða: matvaelasjodur.is*

Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina er nýr samkeppnisstyrkur á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Hlutverk hans er að styðja nýsköpun á landsbyggðinni, eflingu

atvinnulífs og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni á forsendum svæðanna. Lóa er liður í breytingum á opinberu stuðningsumhverfi vegna niðurlagningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og styður við nýsköpunarstefnu ríkisstjórnarinnar. *Vefsíða: stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/nyskopun/loa-nyskopunarstyrkir-fyrir-landsbyggdina/*

Erfðanefnd landbúnaðarins úthlutar árlega styrkjum til verkefna sem vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Þau styrkja m.a. rannsóknir, lokaverkefni og fræðslu sem falla að gildum nefndarinnar. *Vefsíða: agrogen.is*

Rannís heldur utan um fjölda sjóða sem hægt er að sækja í með landbúnaðartengd verkefni s.s. **Tækniþróunarsjóð, Nýsköpunarsjóð námsmanna, Markáætlun um samfélagslegar áskoranir, Rannsóknarsjóð og Loftslagssjóð.** Þá er þar hægt að sækja í alþjóðlega samkeppnisjóði gegnum Rannís. Tækniþróunarsjóður styrkir lítil og meðalstór fyrirtæki til þróunarverkefna sem komin eru af frumstigi hugmynda sem og öndvegisstyrki. Þá geta ung nýsköpunar-

fyrirtæki og frumkvöðlar sótt í styrk fyrir verkefni á byrjunarstigi. Einnig styrkir Rannís sérstök markaðsátök og uppbyggingu innviða fyrirtækis. Háskólar, opinberar rannsóknastofnanir og opinber fyrirtæki geta einnig sótt þangað styrki til hagnýtra rannsóknarverkefna. *Vefsíða: rannis.is*

Byggðastofnun veitir landbúnaðar- og nýsköpunarlán og styður við byggðir og verkefni í dreifbýli. Stofnunin er í forsvari fyrir flutningsjöfnunarstyrki og verkefni á borð við Brothættar byggðir, þá styður hún rekstur á verslunum í strjálbýli og er ráðgefandi samstarfsaðili við atvinnuþróunarfélög víða um land. *Vefsíða: byggdastofnun.is*

Starfandi landshlutasamtök sveitarfélaga tengjast flest öll **atvinnuþróunarfélögum**. Þar má nefna Austurbrú, Hekluna, SASS (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga), SSNE (Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra), SSVN, SSV, SSS og Vestfjarðastofu. Atvinnuþróunarfélög veita ráðgjöf við atvinnusköpun, sér í lagi í litlum byggðarlögum. Þá búa þau oft að uppbyggingarsjóðum sem hægt er að sækja í.

GARÐYRKJA

ALLT FRÁ FRÆJUM TIL AFURÐA



HEILDARLAUSNIR FYRIR GARÐYRKJUNA

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ,
Furuvöllum 3, 600 Akureyri
sími 575 8000, www.samhentir.is
sala@samhentir.is



SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR



Julie Encausse, framkvæmdastjóri Marea í Húsi sjávarklasans.

Marea vinnur að þróun á matvælaumbúðum úr þara:

Vörur í þróun fyrir garðyrkjubændur, sjávarútveginn og heimilin

Sigurður Már
Harðarson

Plastumbúðir eru á hröðu undanhaldi á Íslandi og víðar í þróuðum löndum. Fryst hopaði óendurvinnanlegt plast hér og mun hverfa í nánustu framtíð. Nú er farið í vaxandi mæli að huga að því að finna lausnir á því að leysa það af hólmi og því endurvinnanlega líka. Ein af vænlegum lausnum gæti falist í þróun umbúða úr þara og sprotaverkefni hafa skotið upp kollinum sem veðja á hann. Eitt af þeim heitir Marea og tók frumkvöðullinn Julie Encausse þátt í viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita í haust, í þeim tilgangi að þoka verkefninu svolítið lengra í þróunarferlinu.

Marea er með í þróun vöru sem kölluð er Þaraplast og stefnt er á að hafi sömu eiginleika og plastið hefur, en sé þar að auki fullkomlega umhverfisvænt. Til að uppfylla þau skilyrði þurfa slíkar umbúðir að geta komið í veg fyrir matarskemmdir, þolað lofttæmisþökkun, vera fullkomlega niðurbjótanlegar, gegnsæjar, mótanlegar, með vörn gegn örverumyndun, þola raka, með engum skaðlegum efnum og drepa bakteríur.

Markaðssetning á næsta ári

Vonast er til að fyrsta varan komi á markað á næsta ári – og fyrst í heildsölu til fyrirtækja. Samhliða er þó vinna í gangi við þróun á þaraplasti til heimilisnota, sem þaraplastfilma, sem nota má til dæmis til að vefja matarafgöngum inn í.

Julie segir að nýlega hafi Marea samið við Háskólann á Akureyri, en helsta rannsóknar- og vöruþróunarvinnan verður framkvæmd þar. „Tæknilega hlið verkefnisins verður unnin á Akureyri, Eydís Sigurðardóttir Schiöth leiðir verkefnið en hún hefur einnig kost á að leita til sérfræðinga í HA. Við munum einnig fá aðgang að rannsóknarstofu á Akureyri,“ segir Julie.

Samtal við Sölufélag garðyrkjubænda

Marea hefur átt samtal við Sölufélag garðyrkjubænda (SFG) um þróun á umbúðum fyrir garðyrkjubændur, en SFG hefur unnið markvisst að því að minnka plastnotkunina og hefur náð þeim áfanga að allt umbúðaplast þeirra er nú endurvinnanlegt. „SFG hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga og vita af okkar starfsemi og við hlökkum til að varan verði tilbúin svo þau geti prufukeyrt hana. Það skiptir okkur miklu máli að fá endurgjöf frá neytendum og viðskiptavinum þegar varan er nýkomin á markaðinn svo við getum unnið að því að gera hana sem notendavænsta og tryggt sem bestu gæðin á sem hagkvæmasta máta. Eina leiðin til að leysa vandamálið þegar kemur að einnota plasti á Íslandi er einmitt að bæði einstaklingar og fyrirtæki taki á vandanum,“ segir Julie.

Þörf á lausnum fyrir sjávarútveginn

Að sögn Julie er mikil þörf á vöru sem



Julie Encausse ásamt Oddi Þór Vilhemssyni, forseta viðskipta- og raunvísindasviðs í Háskólanum á Akureyri, að undirrita samning. Mynd / Aðsend

getur komið í staðinn fyrir einnota plast í sjávarútveginum. „Við höfum rætt við nokkra aðila í sjávarútveginum en það er einmitt næsta skref hjá okkur að tengjast formlega við fyrirtæki í sjávarútvegi sem er til í að vera samstarfsaðili með okkur í þessari þróun fyrir fiskiðnaðinn frá upphafi. Gott er að nefna að það er langur vegur fram undan í þessari þróun en það hefst allt með góðum vilja, drifkrafti, þrautseigju og að hafa rétta fólkið í kringum sig, sem er einmitt það sem við höfum verið að sjá.“

Eftir samtöl okkar við aðila í sjávarútveginum sjáum við að þar eru hvað mestu tækifærin þegar kemur að því að skipta út venjulegu plasti yfir í þaraplastið og þá sérstaklega þegar kemur að útflutningi. Við viljum einblína á að koma með lausnir fyrir umbúðir og milliplast sem fylgja útflutningi á fiski.“

Fengu hugmyndina í nýsköpunaráfanga í HR

Hugmyndin að „þaraplasti“ spratt fram árið 2019 í frumkvöðla- og nýsköpunaráfanga í Háskólanum í Reykjavík. „Við vorum þar saman að klára meistaranám okkar, við Edda Björk Bolladóttir,“ segir Julie.

„Fyrsta útgáfa hugmyndarinnar var byggð á þeim eiginleikum sem hægt er að finna í þörungum og í raun möguleikunum á því að nýta þarann sem ofurfæðu. Því má segja að hugmyndin hafi þróast ótrúlega mikið síðan þá,“ segir hún.

„Eftir að hafa farið í gegnum ákveðna hugmyndavinnu fræddumst við mikið um þörunga hérlandis, virkni þeirra og eiginleika. Samhliða því fórum við mikið að hugsa um það hvernig hægt er að leysa einnota plastvandamálið þegar kemur að uppsöfnun einnota plasts á heimilunum. Á mínu heimili erum við þrjú, ég og maðurinn minn ásamt þrettán mánaða drengnum okkar, og er skelfilegt að sjá magnið af plasti sem kemur bara af matvælaumbúðum til dæmis, en þar kom þessi tenging á milli notkunar þörunga og þróunar á lífplasti.“

Með Julie og Eddu Björk í þróunarvinnunni fram að þessu hefur verið Védís Pálsdóttir vöruhönnuður. Julie segir að von sé á að það fjölgi í teyminu á næstu mánuðum.

Hröð þróun verkefnisins

Verkefnið fór svo af stað af fullum krafti í maí á síðasta ári, að sögn Julie, en mjög margt hefur gerst síðan þá.

„Við ákváðum að byrja á því að kynna hugmyndina fyrir Þóri Sigfússyni, stofnanda Íslenska sjávarklasans, og fengum í kjölfarið stuðning og tækifæri til að efla tengslanet okkar í sjávarnýsköpunarheiminum. Innan veggja Sjávarklasans höfum við unnið hörðum höndum að verkefninu og meðal annars gert markaðsrannsóknir, unnið að viðskiptaþróun og hugmyndavinnu. Guðrún Berta Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri Sjávarklasans, hefur einnig verið okkar stoð og stytta í vegferðinni og erum við gífurlega

spenntar fyrir áframhaldandi samstarfi við Sjávarklasann.

Einnig tókum við þátt í viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita, sem var gífurlega lærdómsríkt ferli og var teymið hjá Icelandic Startups alltaf til í að aðstoða við mismunandi þætti verkefnisins, allt frá markaðsgreiningu til þróunar á viðskiptamódelinu og framtíðarsýninni.

Hraðallinn hjálpaði okkur svo sannarlega að flýta fyrir ferlinu sem snýr að því að koma vörunni á markað og tengja okkur við fjöldann allan af leiðandi sérfræðingum.

Á stuttum tíma hef ég myndað frábært teymi sem samanstendur af einstaklingum með sérþekkingu og reynslu á mismunandi sviðum; viðskipta- og markaðsfræði, nýsköpun, efnifræði og vöruhönnun.“

Ísland – land tækifæra

„Ég held að okkar verkefni sé gott dæmi um tækifærin sem standa til boða á Íslandi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki og þá sérstaklega sprotafyrirtæki sem eru að vinna í nýsköpun eða nýnæmi, eins og við erum í.

En kannski er ég sjálf í rauninni líka gott dæmi um hvernig tækifæri standa til boða á Íslandi fyrir einstaklinga sem eru aðfluttir. Í það minnsta er það mín upplifun. Ég er sem sagt bæði argentínsk og frönsk. Ég á franskan föður og argentínska móður og er þar af leiðandi tvítengd. Ég fæddist í Argentínu og bjó þar þangað til ég var unglingur, þá flutti ég til Frakklands og kláraði menntaskólann. Ég var byrjuð í háskóla í París, en eftir fyrsta árið ákvað ég að skella mér til Íslands til að vinna sem au pair í eitt sumar, sumarið 2007. Ég var fljót að taka flug aftur til Parísar til að ná í dótið mitt, skrá mig úr háskóla og sækja um búsetu á Íslandi, þá var ég 19 ára gömul.

Það var eitthvað sem heillaði mig mjög mikið við menninguna og tungumál landsins þá og gerir enn í dag. Það er eitthvað í hugsunarhætti Íslendinga sem, eftir að hafa búið hér nánast öll mín fullorðinsár, er orðinn mjög stór partur af mér og það er þetta að bara framkvæma hlutina. Ég kann líka mikið að meta hvað fólk er opið fyrir hugmyndum og að það

er hægt að taka fólk á orðinu,“ segir Julie um bakgrunn sambands síns við Ísland.

Það var alveg vinna að læra íslensku og satt að segja held ég að ég muni aldrei hætta að læra tungumálið, ég ruglast enn í málfræðinni, þarf oft að nýta mér netið til að sjá hvernig rétt er að beygja orð í þágufalli, en það er allt partur af því að kjósa að búa á landi sem er ekki fæðingarland manns.

Frumkvöðlavinna og sprotastarfsemi

„Ég hef búið nánast öll mín fullorðinsár á Íslandi, en fór aftur til Argentínu til að ná mér í BA-gráðu og núna í janúar 2021 var ég að klára meistaranám í markaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Ég hef unnið í vínbransanum, í innflutningi, sölu og markaðssetningu, en svo hef ég alltaf verið að taka aukaverkefni að mér tengd frumkvöðlastarfsemi, en ég hef meðal annars unnið verkefni fyrir Félag kvenna í atvinnulífínu og sprotafyrirtækið Eldstæðið.“

Stærsta áskorunin er líftími varanna

Sem fyrr segir heitir fyrsta varan þarplast – og er hugsuð fyrir garðyrkjubændur og síðan sjávarútveginn. „Úr þarplastinu er einnig hægt að framleiða mismunandi vörur eins og lífplastfilmu og lífplastumbúðir. Stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir er líftími matvaranna. Því ætlum við að byrja á því að einblína á íslenska grænmetismarkaðinn og bjóða upp á umbúðir fyrir alls kyns íslenskt grænmeti og matvæli.

Við erum að vinna í því að þróa vöru sem getur verið staðkvæmdarvara plasts, mun vera niðurbrytjanleg, byggð á íslenskum sjávarafurðum og framleidd hérlandis. Það er okkar verðmætasköpun sem við viljum byggja fyrir leiðandi atvinnugreinar Íslands.“

Bedið með þróun á frumgerðinni

Enn hefur ekki verið þróuð frumgerð af umbúðunum sem hægt er að prófa, en að sögn Julie helgast það af því að ákveðið hafi verið að vinna undirbúningsvinnuna fyrst sómasamlega – með rannsóknum og mælingum – áður en slík framleiðsla hæfist. Með samstarfinu

við Háskólann á Akureyri mun þróun á frumgerð hins vegar verða mjög hraðað, enda sé stefnan sett á að selja vöruna til fyrirtækja í heildsölu í lok næsta árs.

„Þar sem við erum enn í þróunarfasa getur allt breyst. Eins og staðan er í dag höfum við kost á að nota sjávarþang, þara og stórþara í þróun á þarplastinu.

Sjálfbærni er eitt af okkar grunnildum og höfum við það að leiðarljósi. Sem fyrirtæki viljum við alltaf hafa heildarmyndina í huga þegar kemur að því að útvega hráefni, hráefnisvinnslu, framleiðslu, koma því til neytenda og þegar kemur að förgun vörunnar. Við erum ekki með töfralausn en við erum að vinna okkur eitt skref í einu í þessa sjálfbæru átt, til dæmis er eitt fyrsta skrefið í ferlinu að velja og útvega hráefnið. Þá viljum við nýta okkur bæði hráefni beint úr náttúrunni og þörungaráæktun, en við erum að fylgjast vel með sprotaverkefnum sem einblína á þörungaráæktun.“

Verkefninu deilt á milli landshluta

„Samstarfið sem er að mótaskast við Háskólann á Akureyri – og er rétt að byrja – gerir okkur kleift að deila verkþáttum verkefnisins milli landshluta.

Staðan í dag er sú að viðskipta- og markaðshlið verkefnisins er í Reykjavík, nánar tiltekið á skrifstofunni okkar í Sjávarklasannum, en rannsóknar- og vöruþróunarvinna er fyrir norðan þar sem rannsóknar- og vöruþróunarteymið okkar er staðsett,“ segir Julie og er bjartsýn á framtíð sprotafyrirtækja eins og hennar á Íslandi.

„Það hefur verið ljóst á undanförmum vikum og mánuðum að stefna Íslands almennt er að leggja áherslu á nýsköpun og veita sprotafyrirtækjum stuðning, en þetta er eitthvað sem jókst með áberandi hætti í kjölfar faraldursins.

Stuðningur í formi styrkveitinga og aðgengi að viðskiptahröðlum hefur gert það að verkum að til dæmis í okkar tilfelli, eftir einungis átta mánuði, frá upphafi verkefnisins erum við búin að skapa tvö störf og tengjast menntastofnunum, rannsóknarstofnun og leiðandi sérfræðingum sem hefur haft jákvæð áhrif á verkefnið og gert útfærslu þess að veruleika.“

Kolefnisbrúin

Hafliði Hörður
Hafliðason og
Hlynur Gauti
Sigurðsson

Á síðustu misserum hefur umræðan um vottaða kolefnisbindingu með skógrækt verið í loftinu. Landssamtök skógareigenda (LSE) í samvinnu við Skógræktina, Bændasamtök Íslands og fleiri aðila, hafa unnið að verkefni sem kallað hefur verið Kolefnisbrúin og er því ætlað að efla fyrst og fremst skógrækt á tímum loftslagbreytinga og vinna fýsilega aðferð til kolefnisjöfnunar og þar með kolefnisjafna landbúnað á Íslandi.



Verkefni Kolefnisbrúarinnar er reyndar viðameira, en til að kolefnisbinding með skógrækt geti orðið að veruleika þarf að framleiða vöru sem nýst getur fjárfest- um skógræktarinnar. Varan er „kolefniseining“ og er hver eining eitt tonn af kolefni en reikna má með að um 10 tonn sé hægt að búa til á einum hektara lands að meðaltali og fer það eftir vexti trjáanna hversu hratt sú framleiðsla á sér stað. En auk bindingarinnar sjálfar er aðalatriðið með hverri kolefniseiningu trygging á því að bindingin eigi sér stað. Því þarf óháðan aðila til að votta að svo sé. Þar með verður virðisaukning til og hægt er að eiga viðskipti með kolefni-einingarnar. Engar kvaðir eru á um aðra notkun á því tiltekna landi, sem notað er undir skóg, aðrar en að trén gildni og stækki eins og til er ætlast. Nota má skóginn: það má grisja hann, beita hann eða fara um hann á skíðum, svo lengi sem trén binda kolefni úr andrúmsloftinu.

Verkefnið er viðamikilið og nokkuð flókið þó að í grunninn snúist þetta bara um að rækta skóg. Um mitt síðasta ár fékk LSE styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í verkefnið, ráðinn var verkefnisstjóri og síðan þá hafa hjólin aldeilis farið að snúast. Segja má að grunnvinnu sé að ljúka og það styttest í að allir hlekkir í virðiskeðjunni verði orðnir tengdir. Í framhaldinu verður hægt að sýsla með vottaðar kolefniseiningar með skógrækt, nýta í eigin þágu eða selja á markaði.

Landssamtök skógareigenda og Bændasamtök Íslands stofnuðu nýverið hlutfélag utan um Kolefnisbrúna og er því félagi ætlað að tengja saman bændur við að framleiða vottaðar kolefniseiningar með skógi. Stefnt er að því að Kolefnisbrúin kalli eftir áhugasömum bændum um verkefni kolefnisbindingar á næstu vikum og lagt verði af stað í vegferð sem muni skila sér í vottuðum



Landssamtök skógareigenda og Bændasamtök Íslands stofnuðu nýverið hlutfélag utan um Kolefnisbrúna og er því félagi ætlað að tengja saman bændur við að framleiða vottaðar kolefniseiningar með skógi.

Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

kolefniseiningum. Þetta er algerlega nýtt á Íslandi, því hingað til hefur ekki verið hægt að bjóða upp á vottaðar kolefniseiningar til sölu. Þessar vottuðu einingar

munu nýtast fyrirtækjum mjög vel sem vilja jafna kolefnisbókhald sitt og einnig skapa tekjur fyrir bændur og landeigendur. Landi og þjóð til heilla.



Horft yfir hampakur.

Mynd / Pálmi Einarsson

Hampur er til margs nytsamlegur

Vilmundur Hansen

*Af öllum þeim um það bil 400 þúsund plöntum sem greindar hafa verið í heiminum er engin jafn umdeild og á sama tíma jafn nytsamleg og **Cannabis sativa**.*

Plantan telst til tveggja heima. Nytja-planta með marga möguleika til lækninga og iðnaðar og planta sem getur leyst úr læðingi hlátur og hughrif, vanlíðan og þunglyndi.

Samkvæmt flokkun grasafraeðinnar er *Cannabis sativa* ein tegund sem skiptist í tvær undirtegundir, *C. sativa* og *C. indica*, eftir að plantan þróaðist við ræktun í mismunandi áttir frá upprunalegum heimkynnum sínum í Mið-Asíu og við Himalajafjöll. Undirtegundin *C. sativa* þróaðist í norður frá fjöllum til textílgærdar en *C. indica* í suður sem vímugjafi.

Undirtegundin *C. sativa*, hampur, hefur um aldaðir gegnt veigamiklu hlutverki vegna þess hversu trefjaríkir stofnar plöntunnar eru. Trefjarnar hafa í aldaðir verið nýttar í vefnaðarvöru sem var

meðal annars hráefni í klæði, segl, tjöld og kaðla sem voru undirstaða landafundanna miklu. Í seinni tíð hafa yrki af *C. sativa* verið kynbætt þannig að þau veiti vímu.

Talið er að hermenn Napóleons hafi flutt þann sið að reykja plöntuna með sér til Evrópu eftir stríð þeirra í Egyptalandi þar sem slíkar reykingar voru vel þekktar. Kannabis til reykinga er unnið úr þurrkuðum blómum og laufum *C. Indica* og í seinni tíð einnig úr kynbættri *C. sativa*.

Plantan fyrst bönnuð í Bretlandi

Reglur til að takmarka neyslu á kannabis voru fyrst settar í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1829 en kannabis var bannað í Bretlandi 1928 og árið 1937 í Bandaríkjunum. Lögin í Bandaríkjunum gerðu ráð fyrir að sérstakt leyfi þyrfti til að rækta

Hampur

Dæmi um notagildi

Fræ

Matvörur

Fræ með skel
Fræ án skeljar
Frækaka / fóður
Olía
Próteinduft
Hveiti / trefjaduft
Bjór

Iðnaður

Málning
Lakk
Blek
Lífdísill
Leysiefni
Húðunarefni

Trefjar/fíber

Iðnaður

Trefjaplötur (í stað timbers)
Bio-plast
Fylliefni
Bremsuborðar/klossar
Olíu- og spilliefnavörn
Hita- og hljóðeinangrun
Batteri
Ethanol eldsneyti

Pappír

Dagblöð
Skrifstofupappír
Salernispappír
Pappakassar
Umbúðir
Bleyjur

Grænn börkur

Jarðvegsbætir
Húðvörur
Safi / heilsudrykkir

Húð- og hárvörur

Sápur
Sjampó
Krem
Smyrsl
Húðolíur
Snyrtivörur

Vefnaður

Föt
Töskur
Skór
Segl/tjöld
Reipi
Net



Blóm og lauf

Fæðubótarefni

Kannabínóðar einangraðir
og settir í burðarolíu

Snyrtivörur

Kannabínóðar einangraðir
og settir í krem, smyrsl
og olíur

Matvæli

Tejurtir
Kryddjurtir

Laufblöð

Dýrafóður
Lífdísill
Undirburður
Matvæli (salat, safi)
Sápur

Tréni/kjöt

Steypa
Einangrun/plötur
Lífdísill
Undirburður
Dýrafóður

Rætur

Fæðubótarefni
Smyrsl
Jarðvegsbætir
Litarefni

og nota kannabis og hamp en þar sem leyfið var aldrei veitt var í raun um bann að ræða. Viðhorf stjórnvalda í Bandaríkjunum breyttust í seinni heimsstyrjöldinni og var almenningur þá hvattur til að rækta iðnaðarhamp undir slagorðinu „Hemp For Victory“ enda stór hluti þeirrar vefnaðarvöru sem var notuð í stríðinu,

eins og fatnaður, reipi, fallhlífar og strigapokar, unnin úr hampi. Ræktunin var stöðvuð aftur árið 1957.

Árið 1974 var á Alþingi ákveðið að flokka kannabisefni sem ávana- og fíkniefni og varð *Cannabis* plantan þar með ólögleg.

Grasfræði, ræktun og útbreiðsla

Einær, einkynja planta með öflugri trefjarót og stinnum og trefjaríkkum stöngli sem getur náð sex metra hæð. Blöðin stakstæð, handskipt og grófsagtennt. Fjöldi smálaufa á hverju blaði eykst eftir því sem plantan eldist, eitt í fyrstu en geta orðið þrettán, sjö til níu

blöð algengust. Smáblöðum á laufum fækkar að jafnaði í eitt næst blómunum. Blómin lítil, grænleit og mörg saman í hnapp á toppi plöntunnar eða blaðöxlum. Einstaka planta ber bæði karl- og kvenblóm. Vindfrjóvgandi í náttúrunni. Fræin olíurík, þrír til fjórir millimetrar að lengd eða svipuð að stærð og brennisteinn á eldspýtu.

Plantan er hraðvaxta og kýs sandblandaðan, næringarríkan og hæfilega rakan jarðveg. Kjörsýrustig er pH 6,5 til 7. Fræin geta spírað við 3° á Celsíus og stönglarnir sem innihalda etanól þola alltaf að mínus 5° á Celsíus. Yfirleitt er plantan ræktuð af fræi en auðvelt er að fjölga henni með græðlingum.

Í dag vex *Cannabis sp.* nánast á hvaða byggða bóli í heiminum, annaðhvort sem nýbúi í náttúrunni eða í umsjón áhugasamra ræktenda.

Saga hampræktunar

Samkvæmt kínverskri goðsögn færðu guðirnir mannkyninu eina plöntu að gjöf sem átti að uppfylla alla þarfir þess. Plantan er formóðir allra kannabis- og hamplantna í heiminum.

Fornminjar benda til að nytjar á *Cannabis sp.* nái að minnsta kosti tólf þúsund ár aftur í tímann og að fræ plöntunnar hafi verið nýtt til matar. Seinni tíma minjar benda til að blómin og lafin hafi verið notuð sem vímugjafar við trúarlegar athafnir. Talið er að Kínverjar hafi manna fyrstir ofið léreft úr hampi fyrir um 4.500 árum og um síðustu aldamót voru þeir stærstu framleiðendur á hampræði í heiminum. Í kjölfar þeirra komu svo lönd eins og Úkraína, Rúmenía, Ungverjaland, Spánn, Síle og Frakkland.

Kannabis er fyrst getið í Veda-bókum hindúa frá því um 2000 fyrir Krist þar sem plantan er kölluð fæða guðanna. Elsta skráða vestræna heimildin um notkun á kannabis er að finna í riti gríska sagnfræðingsins Heródotusar. Þar segir hann frá sið Skýtha, þjóð sem bjó í Mið-Asíu, sem fólst í því að brenna plöntuna og anda að sér reyknun.

Á 17. og 18. öld réðu Rússar stórum hluta verslunar með hamp í heiminum og framleiddu þjóða mest af seglum og köðlum. Spánverjar fluttu hampræ



Þverskurður af hampstöngli

Mynd / Pálmi Einarsson

með sér vestur yfir haf og hófu ræktun á honum í Síle 1545 en fyrsta hampinum var sáð í Norður-Ameríku 1607. Nánar tiltekið í Virginíu þar sem höfuðborg ríkisins Richmond byggðist upp í kringum þá ræktun.

Í frelsisstríði Bandaríkjanna undan Bretum bönnuðu hinir síðarnefndu innflutning á hampi til nýlendunnar og var hampræktun í Bandaríkjunum því mikil allt frá stofnun þeirra. Bæði *George Washington* og *Thomas Jefferson*, fyrsti og þriðji forseti Bandaríkjanna, ræktuðu hamp til iðnaðar. Hampur var lengi nothæfur sem gjaldmiðill í Bandaríkjunum og um tíma hægt að borga skatt með honum. Árið 1916 voru bændur í Bandaríkjunum skyldaðir til að rækta ákveðið magn af hampi árlega.

Nytjar

Marjúána sem er umdeilt orð notað yfir kannabis með háu THC hlutfalli er, eins

og segir hér að ofan, þurrkuð lauf og blóm plantna sem innihalda hátt hlutfall af kannabínóðanum THC. Hass er notað yfir kannabínóða sem hafa verið einangraðir af blómum og laufum THC ríkra plantna og er klístrað, þétt efni. Hassolía er búin til með því að blanda hassi út í burðarolíu. Plantan hefur lengi verið álitin lækningajurt og efni úr henni notuð til að lina þjáningar við langvarandi veikindi. Neysla á kannabis er trúarlegs eðlis hjá rastaförum sem rekja uppruna sinn til Eþíópíu en búddistar líta almennt svo á að víman sem fylgir neyslu kannabis hafi slæm áhrif á hugleiðslu og tefji fyrir hreinsun hugans.

Nytjar á hampi, *C. sativa*, eru ótrúlega margar og ólíkar. Úr trefjum hamps er meðal annars unninn pappír og vefnaðarvara. Í dag er fatnaður sem í er hamppráður yfirleitt blanda af hampi og bómull eða silki til að mýkja áferðina. Hamptrefjar eru notaðar í trefjaplast og er meðal annars að finna í gólfteppum, áklæði húsgagna og sem byggingarefni og einangrun í húsum, hjólhýsum og bifreiðum. Flestir stærstu bíla- og flugvélaframleiðendur eru í síauknum mæli farnir að nota hamptréni við framleiðslu á innra og ytra borði bifreiða.

Plöntuhlutar hamps eru einnig notaðir sem dýrafóður, undirburður og sem þekja til að halda niðri illgresi í gróðurhúsum. Tilraunir með að framleiða lífdísil úr hampi lofa góðu.

CBD olía er gerð með því að einangra kannabínóðana af CBD ríkum blómum og laufum hamps (*C. Sativa*) og blanda þeim út í burðarolíu. CBD olía er meðal annars notuð sem fæðubótarefni og kannabínóðarnir nýttir í lyf og bætt út í mat- og drykkjarvörur, húð- og snyrtivörur. Olían úr fræjunum er meðal annars notuð sem íblöndunarefni í málningu, snyrtivörur og öðrum iðnaði. Fræin eru notuð til matargerðar og úr þeim unnin hampmatarolía, hamphveiti, prótein- og trefjaduft, hampmjólk og fleira. Auk þess sem fræin eru gefin sem dýra- og fuglafóður.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið CBD af lista yfir lyfjaefni og Evrópusambandið hefur veitt leyfi til að markaðssetja CBD sem matvöru í aðildarlöndum sambandsins.



Fjallið Hestur fyrir botni Öundurarfjarðar skilur að Korpudal (til vinstri) og Hestdal. Hestá rennur um miðjan Hestdal, en vestan árinna heitir dalurinn Tungudalur.
Mynd/Hörður Kristjánsson.

Við sjáum tækifæri í íslenskum landbúnaði

Nútímalandbúnaður er fjölbreyttur
og skapar verðmæti fyrir þjóðina.



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA



Landssamtök
sauðfjárbænda



ÆÐARRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS



Samtök
smáframleiðenda
matvæla



VOR VERNDUN
OGRÆKTUN



BruggVarpið er hlaðvarpsþáttur í umsjón Stefáns Pálssonar og Höskuldar Sæmundssonar. Báðir eru þeir áhugamenn um bjór, hafa skrifað bók um bjór, drukkið bjór í meira magni en þeir kjósa að viðurkenna og hafa talað um bjór í áratug að minnsta kosti, hvor um sig. Hér er Höskuldur að lýsa einhverjum öndvegis bjórnum fyrir hlustendum.

Hlaðan – Hlaðvarp Bændablaðsins

Síauknað vinsældir hlaðvarpsþátta Hlöðunnar

Erla Gunnarsdóttir og
Tjörvi Bjarnason

Nú hefur Hlaðan, hlaðvarp Bændablaðsins, verið starfrækt í rúmt ár og fá þættir þar góða hlustun. Sífellt bætast nýir þættir í hópinn þannig að fjölbreytni og áhugaverð málefni eru sett á oddinn.

Meðal þess sem hlustendur geta hlýtt á í Hlöðunni, en það er nafn hlaðvarpsins, eru þættir um efni og auglýsingar Bændablaðsins, nýsköpun og þróun í landbúnaði, garðrækt, landgræðslu, mat, skógrækt og lífrænan landbúnað. Fleiri þættir eru í burðarliðnum en með tíð og tíma er ætlunin að byggja upp flóru hlaðvarpsþátta um fjölbreyttar hliðar landbúnaðarins.

Hlaðvörp, sem á ensku nefnast podcast, hafa notið mikilla vinsælda á síðustu



missurum og æ fleiri kjósa að hlusta á hlaðvarpsþætti við leik og störf.



Stefán Pálsson með vaska sveit mann í bjórumfjöllun í BruggVarpinu.

Hlaðvarp er í raun útvarpsþættir sem geymdir eru á netinu á svokölluðum hlaðvarpsveitum. Hægt er að sækja þætti og hlaða þeim niður í símann sinn eða í tölvuna. Kosturinn við hlaðvörp er að hlustendur hafa úr miklu úrvali að velja og geta ákveðið hvar og hvenær þeir hlusta á sína uppáhalds hlaðvarpsþætti. Hlustendur geta nálgast efni Hlöðunnar á streymisveitunum Spotify, Apple Podcasts SoundCloud, Anchor, Breaker, Google Podcasts, Overcast, Pocket Casts, Stitcher, Castbox og RadioPublic. Þættina er að auki að finna á vef Bændablaðsins, www.bbl.is.

Flóran

Vilmundur Hansen og Guðrún Hulda Pálsdóttir eiga það sameiginlegt að vera nokkuð upptekin af ætiplöntum. Uppistaða þáttanna eru fræðslugreinar Vilmundar um nytjaplöntur heimsins en stefnan er að taka fyrir eina nytjaplöntu í hverjum þætti.



Máltíð

Í hlaðvarpsþættinum Máltíð er fjallað um mat og matarmenningu á Íslandi. Hafliði Halldórsson matreiðslumeistari hittir áhugaverða kokka og annað fagfólk úr matvælageiranum.



Í fréttum er þetta helst

Erla Gunnarsdóttir og Vilmundur Hansen fletta gegnum nýjasta tölublað Bændablaðsins eftir útkomu hvers blaðs með kaffi og neftóbak við hönd.



Fæðuöryggi

Guðrún Hulda Pálsdóttir blaðamaður fjallar um málefni fæðuöryggis í fræðandi þáttaröð. Þar skoðar hún þetta marglaga hugtak út frá forsendum einstaklinga, framleiðenda sem og stjórnenda.



Ræktaðu garðinn þinn

Samvinnuverkefni Facebook-síðunnar Ræktaðu garðinn þinn og Hlöðunnar. Í þættinum fjallar Vilmundur Hansen, blaða- og garðyrkjumaður, um plöntur og valin fyrirbæri í garðinum á einfaldan og aðgengilegan hátt.



Vilt þú gera hlaðvarpsþátt?

Stúdíó Hlöðunnar er í Bændahöllinni á skrifstofum BÍ. Þar er viðeigandi tæknibúnaður og býður Bændablaðið þáttastjórnendum þjónustu við frágang og klippingu hlaðvarpsþáttanna.

Ef þú hefur áhuga á því að gera hlaðvarpsþátt og birta undir merkjum Hlöðunnar, þá máttu gjarnan hafa samband í netfangið tb@bondi.is.

Fylgist með Hlöðunni

Fleiri hlaðvarpsþættir munu birtast í Hlöðunni á næstu mánuðum.

Sveitahljómur

Þáttur um kántrítónlist í umsjón Drífu Viðarsdóttur og Erlu Gunnarsdóttur. Í þáttunum ætla þær stöllur að beina spjótum sínum að rótum kántrítónlistar, upphafinu og rekja slóðina til dagsins í dag.



Lífrænt Ísland

Berglind Häsler, verkefnastjóri og eigandi Havarí í Berufirði, fær til sín góða gesti og ræðir um lífrænan landbúnað út frá ýmsum sjónarhornum.



Konur í nýsköpun

Alma Dóra Ríkarsdóttir ræðir við konur í nýsköpun um nýsköpunarumhverfið á Íslandi, jöfn tækifæri, fjölbreytni og valdeflingu kvenna til nýsköpunar.



Kaupfélagið með Jóni Gnarr

Fyrverandi borgarstjóri, rithöfundur og hinn landskunní skemmtikraftur Jón Gnarr ræðir um efni Bændablaðsins og gefur auglýsingunum sérstakan gaum.



Viltu auglýsa í Hlöðunni?

Hlaðvarpið er enn fremur nýr auglýsingavettvangur. Fyrirtæki og þjónustuaðilar geta náð á áhugaverðan hátt til væntanlegra viðskiptavina með talsettum

útvarpsauglýsingum. Nánari upplýsingar gefur Guðrún Hulda Pálsdóttir auglýsingastjóri gegnum netfangið gudrunhulda@bondi.is.



Við Dyrhólaós. Búrfell fyrir miðri mynd og Mýrdalsjökull í baksýn.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Einar E. Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda:

Erfitt ár að baki en ný tækifæri blasa við

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Það eru spennandi tímar fram undan. Þrátt fyrir allt eru tækifæri í þessari stöðu, við þurfum bara að vinna rétt úr þeim,“ segir Einar E. Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda. Liðið ár ein-kennist af heimsfaraldri og var loðdýrabændum þungt, lítil sala og verð fyrir það sem þó seldist langt undir framleiðsluverði. Stuðningur ríkisins bjargaði því sem bjargað varð, hélt þeim fáu bændum sem enn eru eftir í greininni á floti.

„Það eru miklir möguleikar í minkarækt þegar horft er til umhverfissjónarmiða og það ætluð við að nýta okkur.“

Einar segir að skinnamarkaðir hafi verið erfiðir undanfarin ár, eða frá 2016, vegna offramleiðslu á minkaskinum með tilheyrandi verðfalli. Vísbendingar um að rofa væri til og betri tímar í vændum komu fram í lok árs 2019, m.a. að uppsafnaðar birgðir skinna væru á þrotum. Þá gerðist hið óvænta, Covid-19 kom til sögunnar og hafði strax neikvæðar afleiðingar fyrir loðdýrabændur. Uppboðum var ítrekað frestað og ekki virkaði vel að efna til uppboðs á netinu, enda staðan sú að allt var frosið um allan heim, enginn að ferðast, halda veislur eða kaupa gjafir.

„Salan fór aðeins að glæðast þegar komið var fram í ágúst, september, en skilaverð var algjörlega óviðunandi,“ segir Einar.

„Þetta er eitt erfiðasta ár sem minkabændur hafa upplifað.“

Umhverfisvæn búgrein með mikla möguleika

Stuðningur fékkst frá ríki til niðurgreiðslu á hráefnum og létti hann undir með bændum. Einar segir stuðninginn hafa að hluta verið umhverfisverkefni tengt greininni og var í upphafi þessa árs verið að útfæra hann. Verkefnið er til tveggja ára.

„Það eru fyrir hendi möguleikar á að nýta minkarækt til eyðingar á lífrænum úrgangi frá matvælavinnslunni og gera á þann hátt úr honum útflutningsverðmæti og skapa um leið atvinnu,“ segir hann.



Skinnamarkaðir hafi verið erfiðir undanfarin ár, eða frá 2016.

„Minkaræktin er umhverfisvæn búgrein og eðlilegur hlekkur í þeirri keðju sem búskapur og matvælaframleiðsla er.“

Einar nefnir að af öllu því óvænta sem 2020 bauð upp á hafi aðgerðir dönsku ríkisstjórnarinnar gagnvart kórónuveirusmiti í minkum þar í landi slegið allt út. Ljóst sé að minkar og fleiri dýr geti smitast af veirunni, en þeir myndi mótefni hratt. Viðbrögðin endurspegluðu ótta manna á að á stórum búum gætu orðið til illviðráðanlegar stökkbreytingar.

„Stjórnvöld hefðu getað brugðist við á annan hátt og þá með það að markmiði að bjarga lífdýrastofninum og þar með greininni sem er umfangsmikil atvinnugrein í Danmörku,“ segir hann og bætir við að einkennilegt hafi verið hversu seint var brugðist við og að ekkert hafi verið gert í að verja þau bú sem ekki voru sýkt.

Við blasir að engin skinn verða framleidd í Danmörku í ár og tíminn verður að leiða



Einar E. Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, segir að þrátt fyrir erfiðleika á liðnu ári séu fyrir hendi ný tækifæri í greininni sem vinna þurfi rétt úr.

í ljós hvað verði síðar. Áhrif af þessum aðgerðum ættu að sögn Einars að koma íslenskum minkabændum til góða, en á það beri líka að líta að þeir hafi fengið þjónustu og leiðbeiningar í miklum mæli frá Danmörku og selt sín skinn þar í landi.

„En það mun allt breytast núna. Hvernig og með hvaða hætti við leysum úr þessum málum vitum við ekki nú en það mun skýrast á komandi mánuðum. Er það ekki þannig að þegar einar dyr lokast opnast aðrar?“ segir hann.

Ný tækifæri sem þarf að spila rétt úr

Íslenskir minkabændur hafa lagt áherslu á að fá ekki kórónuveirusmit inn á sín bú og það hefur gengið vel. Eftir því sem bólusetningum vindur fram í samfélaginu verður einnig minna mál þótt smit komist inn á búin. Framleiðsla íslenskra loðdýrabænda er lítil í heildarsamhenginu og langt er á milli búna, svo aðstæður sambærilegar þeim sem upp komu í Danmörku koma ekki upp hér á landi.

„Það munu koma upp í hendur okkar ný tækifæri og úr þeim þurfum við að spila rétt. Umræða um aukna nýtingu á sláturmat er háværi en áður. Í stað þess að urða hann er hægt að búa til fóður úr þessum úrgangi, sem er ódýrari en t.d. rekstur gas- og jarðgerðarstöðva,“ segir Einar.

Helga Ragna Pálsdóttir, varaformaður Sambands garðyrkjubænda

Finum fyrir mikilli jákvæðni í okkar garð

Margrét Þóra Þórsdóttir.

„Neytendur kölluðu eftir íslensku grænmeti og markaðurinn hefði getað tekið við mun meira magni, af t.d. tómötum, gúrkum og paprikum. Uppskeyra á útiræktuðu grænmeti í fyrrasumar var í góðu meðallagi og seldist nánast allt upp um leið og það var uppskorið,“ segir Helga Ragna Pálsdóttir, varaformaður Sambands garðyrkjubænda og garðplöntuframleiðandi, en hún á Gróðrarstöðina Kjarr í Ölfusi þar sem framleidd eru tré, runnar og skógarplöntur.

Liðið ár var krefjandi fyrir garðyrkjubændur og setti heimsfaraldur mark sitt á störf þeirra, huga þurfti að sóttvörnum og gera breytingar á vinnutilhögun. Þá var sett upp viðbragðsteymi sem sá til þess að nauðsynleg aðföng væru til staðar og að hægt væri að leysa bændur af kæmu veikindi upp á stöðvunum.

„Það tókst vel til og engin teljandi vandamál komu upp,“ segir Helga.

Hún segir að faraldurinn hafi haft í för með sér töluverðar breytingar á markaðsaðstæðum. Eftirspurn eftir afskornum blómum, pottaplöntum, sem og öllum tegundum garð- og skógarplantna jókst.

„Það voru allir heima og höfðu tíma til að huga að sínu nánasta umhverfi, fegra og snyrta með blómum, trjám og runnum,“ segir hún. Markaðurinn hafi einnig breyst að því leyti að söluaukning varð í matvöruverslunum en stóru kaupendurnir, mótuneyti og veitingastaðir, keyptu minna en vanalega.

Aukning í ræktun bæði úti og inni

Garðyrkjubændur hafa aukið við þegar kemur að berjaframleiðslu og segir Helga hana nú töluverða. Landinn hafi tekið vel við sér og neysla íslenskra berja hafi aukist. Bæði hafi fólk gert vel við sig í faraldrinum og eins hugi margir að hollustunni við þær aðstæður.

„Almennt má segja að eftirspurn eftir garðyrkjuaufurðum sé mikil og fari vaxandi, almenningur kys holla og góða vöru og við finnum fyrir mikilli jákvæðni í okkar garð,“ segir hún.

Á liðnu ári bættist við rúmlega níu þúsund fermetra rými fyrir ræktun undir gleri og útiræktun jók einnig við sitt rými. Við endurskoðun búvörusamnings á síðastliðnu ári var áhersla lögð á að auka framleiðslu á matvælum, m.a. með því að styðja við starfsumhverfi garðyrkjubænda og gera það aðlaðandi. Framlag til jarðræktarstyrkja vegna útiræktunar jókst svo dæmi sé tekið. Ýmis fleiri atriði eru í endurskoðuðum samningi sem til hagsbóta eru fyrir garðyrkjubændur.

Fjöldmörg spennandi verkefni fram undan

„Fram undan hjá okkur garðyrkjubændum eru mörg spennandi verkefni að fást við,“ segir Helga. Hún nefnir þar m.a. samstarf um fjögur verkefni þar sem tvö þeirra tengjast lífrænum framleiðslu-háttum og tvö tengjast loftslagsmálum, allt brýn og þörf verkefni. Lífrænu verkefni snúast um að útbúa fræðslufni fyrir þá sem vilja hefja lífræna ræktun og að gera úttekt á fyrirkomulagi vottana um lífræna framleiðslu.

„Reynslan hefur sýnt að of fáir sýna því áhuga að hefja lífræna ræktun og því er nauðsynlegt að kanna hvort hægt sé að hrinda hindrunum úr vegi og opna glugga fyrir bændur í þá átt,“ segir hún.

Verkefni tengd loftslagsmálum eru einnig áhugaverð og snúast að sögn Helgu um að auka áhuga og þátttöku almennings á ræktun gróðurs til kolefnisbindingar. Garðplöntuframleiðendur sjá um framkvæmd þess og taka jafnframt þátt í hinu verkefninu ásamt skógar-eigendum en það snýst um hvernig megi



Helga Ragna Pálsdóttir, varaformaður Sambands garðyrkjubænda, segir liðið ár hafa verið krefjandi fyrir garðyrkjubændur, heimsfaraldur setti sitt mark á árið, en sala á íslensku grænmeti til almennings jókst.



Rúmlega níu þúsund fermetra rými fyrir ræktun undir gleri bættist við á síðastliðnu ári.

með fyrirsjáanlegum hætti auka framleiðslu á plöntum til kolefnisbindingar hér á landi.

Horfum björtum augum til framtíðar

„Það er ekki annað hægt en að vera bjartsýnn fyrir hönd íslenskrar garðyrkju. Það er uppgangur í greininni og við sem störfum í garðyrkjugeiranum sjáum ótal tækifæri og möguleika. Ég vil nota tækifærið og hvetja ungt fólk til að gefa garðyrkjunni gaum og kynna sér garðyrkjunámið. Það leynast margar greinar innan garðyrkjunnar og að námi loknu bíða störf á mjög breiðum vettvangi,“ segir Helga.

Þorsteinn Sigmundsson, formaður félags eggjaframleiðenda

Bændur fljótir að aðlagast breyttum aðstæðum

Margrét Þóra Þórsdóttir.

„Okkar áætlanir gera ekki ráð fyrir að framleiðsla aukist í bráð. Ástandið í heiminum er víða slæmt og nágrannalöndin eru í hálfgerðu útgöngubanni enn þá. Það verður því ekki mikið um ferðamenn til Íslands alveg á næstunni, að minnsta kosti ekki neitt í líkingu við það sem var árið 2019,“ segir Þorsteinn Sigmundsson, formaður Félags eggjaframleiðenda.

Heimsfaraldurinn hafði veruleg áhrif á rekstur eggjabúa á Íslandi. Bændur gripu til þess að draga saman og hagræða hjá sér. Þorsteinn segir að markaðurinn hafi mörg undanfarin ár verið í örum vexti og bændur upplifað hagstæð ár. Markaðurinn stækkaði með tilkomu ferðamanna og salan jókst en heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn.

Innanlandsmarkaður góður

„Þetta var í fyrsta sinn í mörg herrans ár sem við eggjabændur höfum þurft að grípa til þess ráðs að draga úr framleiðslu okkar. Egg eru ferskvara og ekki hægt að framleiða á lager og geyma. Innanlandsmarkaður hefur verið ágætur. Viðhorf neytenda hefur breyst og fleiri hafa hollustuvörur í öndvegi og þar koma eggin sterkt inn. Landsmenn hafa verið duglegir að neyta eggja og fólk var meira heima við. Margir tóku sig til og bökuðu, sem var ánægjuleg þróun. Innanlandsmarkaður var því með skárra móti. Salan í verslunum var með ágætum síðastliðið ár en sala hótela, veitingastaða og mötuneyta hefur dregist verulega saman og gerir það eflaust fram eftir ári,“ segir Þorsteinn.

Kórónuveirufaraldur hafði í för með sér að fyrirkomulag við stofnrækt raskaðist en ekki var hægt að flytja inn frjóvguð egg til útungunar eins og verið hafði áður. Sérfræðingar frá Evrópu sem komið höfðu til landsins til að fylgja útungunarferlinu eftir áttu heldur ekki heimangengt í faraldrinum. Var þá að sögn Þorsteins farin sú leið að flytja inn lifandi unga í staðinn. Það ferli tekur lengri tíma og kostar meira.

„En þetta fyrirkomulag gekk upp og starfsmenn félagsins og bændum tókst sem betur fer að leysa þetta mál farsælega,“ segir hann.



Þorsteinn Sigmundsson, formaður Félags eggjaframleiðenda, telur að rekstur eggjabúa verði í svipuðum farvegi og verið hefur þar sem staða faraldursins víða um heim geri að verkum að ekki sé að vænta að ferðamenn komi til Íslands í nokkrum máli fyrir en með haustinu.

Tilbúin að auka framleiðslu um leið og færi gefst

Þorsteinn segir að miklar hækkanir hafi dunið yfir á liðnum mánuðum, fóður og önnur aðföng til eggjaframleiðslu hafi hækkað umtalsvert.

„Við erum að fást við þessar hækkanir í okkar rekstri, það er ekki möguleiki fyrir okkur að velta þeim út í verðlagið þannig að við, framleiðendurnir, höfum tekið þær á okkur,“ segir hann.

Gerir Þorsteinn ráð fyrir að rekstur eggjabúa verði í svipuðum farvegi næstu mánuði, eða fram á haustið hið minnsta. Staða faraldursins sé með þeim hætti víða um heim að ekki sé við því að búast að ferðamenn verði á faraldsfæti strax.

„Það tekur tíma að vinda ofan af þessu, en eggjabændur verða tilbúnir að auka framleiðslu um leið og færi gefst. Þeir eru duglegt fólk. Ég er viss um að bændur standa þetta af sér,“ segir hann.

Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR – Verndun og ræktun, félag framleiðenda í lífrænum búskap

Tækifærin eru víða og lífræna vottunarkerkið í vexti

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Við skynjum ákveðið ákall um aukna framleiðslu lífrænna afurða og það er því mjög brýnt að bretta upp ermar,“ segir Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR – Verndun og ræktun, sem er félag framleiðenda í lífrænum búskap. Fjöldi vottaðra aðila í landbúnaði skv. vottunarskrá Vottunarstofunnar Túns, ásamt þeim sem eru í aðlögun, eru nú alls 32. Staða lífrænnar framleiðslu eftir greinum er misjöfn.

Eygló segir að félagið hafi tekið þátt í ýmsum verkefnum sem tengjast lífrænum landbúnaði á liðnu ári. Verkefnið

„Lífrænt Ísland“ varð að veruleika með samnefndri vefsíðu, en það snýst um að miðla upplýsingum um gæði og aðferðir að baki lífrænu vottuninni Evrópulaufinu. Skoðanakönnun sem gerð var meðal almennings um viðhorf til lífrænna matvæla leiddi í ljós að landsmenn eru jákvæðir gagnvart henni, um 77% þeirra sem svöruðu sögðust þannig alltaf, oft eða stundum velja lífrænar íslenskar vörur umfram hefðbundnar. Þá nefnir hún að Fagráð fyrir lífrænan landbúnað hafi verið endurreist og efndi það til vel heppnaðs málþings í nóvember með yfirskriftinni „Lífræn ræktun, umhverfi og lýðheilsa“.

Nær ekkert vottað lambakjöt á markaði

Eygló segir áhyggjuefni að nýjar reglur um afnám grindargólfa í fjárhúsum hafi valdið brottfalli úr vottun úr hópi sauðfjærbænda.

„Um þessar mundir er nær ekkert af lífrænu lambakjöti til á markaði hér á landi,“ segir hún, en þeir bændur sem eru í aðlögun samkvæmt nýjum reglum munu væntanlega skila framleiðsluvörum inn á markað á árinu 2023.

„Staða lífrænnar framleiðslu á markaði hér á landi er misjöfn eftir greinum. Þannig er staða í korni til manneldis góð, sem og einnig í unnum mjólkurvörum, og



Bíobú og Sláturhús Vesturlands hefja samstarf um sláttun og fullvinnslu á lífrænt vottuðu nautakjöti.

nokkuð góð einnig hvað varðar garðyrkjuuna. Staðan er öllu lakari þegar kemur að kjötfremleiðslu sem er nánast engin um þessar mundir,“ segir Eygló. Lífrænt vottuð egg komu nýverið á markað og fást í flestum verslunum og á liðnu ári bættist lífrænt ræktaður eldisfiskur við aðrar vörutegundir.

Þá segir Eygló að útlit sé fyrir að framleiðsla á lífrænni mjólk aukist á næstu tveimur árum. Sláturhús Vesturlands hafi fengið vottun nýverið og lífrænt vottað nautakjöt væntanlegt á markað á næstunni frá því. Stöðugt framboð sé á lífrænni íslenskri jurtaolíu og vænta megi að úrvinnsla á lífrænt vottuðu hráefni eflist enn frekar innan tíðar í takt við þróun á neyslu- og snyrtivörum sem og margs konar náttúruvörum.



Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR – Verndun og ræktun, segist skynja ákveðið ákall um aukna framleiðslu lífrænna afurða.

„Tækifærin eru víða og lífræna vottunarkerkið, Evrópulaufið, er mjög vaxandi úti um alla Evrópu og sést á vörum um allan heim,“ segir Eygló.

Lífrænn landbúnaður verði að stefnumáli

Bendir hún á að til að þróa og efla atvinnugreinina sé ljóst að kennsla, rannsóknir og ráðgjöf skipti miklu máli. Tilurð lífrænu brautarinnar á Reykjum sé mjög jákvæð og hafi þegar borið ávöxt með kraftmiklum nýjum ræktendum, t.a.m. á Norðurlandi, þar sem framleiðsla sé þegar hafin. VOR hafi hafið samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands í þeirri viðleitni að koma á rannsóknarstarfi hér á landi og þá nefnir Eygló að efla þurfi kennslu enn frekar á þessu sviði. Hvarvetna sé kallað eftir auknu framboði lífrænna afurða.

„Sú spurning sem brennur á okkur, ekki síst í ljósi uppstokkunar á félagakerfi bænda, er hvaða skipulag sé best til þess fallið að stuðla að fjölgun framleiðenda lífrænt vottaðra afurða hér á landi. Það er mikilvægt að bændur fái góðar upplýsingar og hvatningu og án efa þarf að huga að styrkjakerfinu. Stjórnvöld og Bændasamtökin verða að gera lífrænan landbúnað að stefnumáli því Ísland þarf að vera þátttakandi í að framleiða lífrænt ræktaðar afurðir sem njóta trausts neytenda, eru framleiddar með sjálfbæra þróun að markmiði, sem leggja baráttunni gegn loftslagsvánni lið,“ segir Eygló.

Jón Magnús Jónsson, formaður Félags kjúklingabænda:

Þungt ár að baki og staðan þrengri en áður

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Staðan hjá okkur kjúklingabændum er þannig að við erum að bíða ástandið af okkur eins og fleiri,“ segir Jón Magnús Jónsson, formaður Félags kjúklingabænda. Sala á kjúklingum dróst saman á liðnu ári, samkvæmt því sem fram kemur í opinberum skýrslum, og er sá samdráttur í takt við fækkun erlendra ferðamanna sem að hluta til hífðu kjúklingamarkaðinn upp. „Nú eru þeir ekki neytendur í landinu eins og sakir standa og það kemur niður á sölnunni.“

Jón Magnús segir að minni framleiðsla og sala hafi í för með sér að afkoma kjúklingabænda eftir liðið ár hafi versnað.

„Sem betur fer er staðan hjá flestum þannig að menn lifa þetta af, en við reynum vissulega að haga seglum eftir vindi. Þetta síðasta ár verður mun þyngra en fyrri ár og staðan þrengri,“ segir hann. „Menn eru þó bjartsýnir á að þetta ástand sem nú ríkir gangi yfir með tímanum.“

Áríðandi að standa vörð um íslenska framleiðslu

Bendir Jón Magnús á að innflutningur á kjúklingum hafi á kórónuveirutíma verið allnokkur þótt markaður hafi skroppið saman. Hann segir að þó unnt sé að fá erlenda framleiðslu á mun lægra verði, þá hafi innlend framleiðsla ótvíræða kosti fram yfir innflutta. Hér skapist mikil verðmæti við framleiðsluna, nýttar séu innlendar rekstrarvörur, vinnuafli í landinu og ruðningsáhrif séu einnig mikil inn í ýmsar þjónustugreinar. Þá sé ferskleikinn aldrei sá sami í innfluttu kjöti. Einnig sé hér á landi mikið eftirlit með framleiðslunni sem skilar sér í öruggri matvöru.

„Það er heilmikill ávinningur fyrir okkur sem þjóð að kaupa íslenskar vörur og við þurfum að ræða afleiðingarnar ef við fórnum þessu öllu fyrir t.d. ódýrari kjúkling. Hvaða gildi hefur ódýr kjúklingur fyrir þjóðarbúið?“ segir hann.

Uppruni ekki alltaf ljós

Jón Magnús segir að mun meira þurfi að gera þegar kemur að upprunamerkingum. Skilaboð neytenda í þeim efnum séu skýr. Þeir vilji vita hvaðan varan kemur. Í raun



Jón Magnús Jónsson, formaður Félags kjúklingabænda, segir að kórónuveiran hafi sett sinn á rekstur kjúklingaframleiðenda hér á landi. Staðan sé þyngrri en áður, en þeir muni lifa ástandið af.



væri æskilegt, segir hann, að uppruni sé aðgengilegur í mötuneytum og veitingahúsum. Á þeim stöðum er það oft þannig að neytandinn hefur enga möguleika á að kynna sér það.

Jón Magnús segir að umræður um innflutning séu bændum alltaf erfiðar. Það sé ekki bara íslenskt fyrirbæri. Mörg lönd sendi frá sér ódýra framleiðslu inn á önnur markaðssvæði í heiminum sem yfirleitt er erfitt að glíma við hjá bændum á þeim svæðum.

„Stundum er bent á að íslenskir bændur nái ekki að framleiða fyrir markaðinn og því sé nauðsynlegt að fylla upp í það gat með innfluttum landbúnaðarvörum. Það má svo velta því fyrir sér, nú þegar landið er ferðamannalaust og markaðurinn mun minni fyrir vikið, af hverju þurfi að flytja svona mikið inn. Íslenskir kjúklingabændur eru duglegir og fljóttir að bregðast við ef kjöt vantar,“ segir hann.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður Landssambands kúabænda:

Verður íslensk nautakjötsframleiðsla afsett á kostnað innflutnings?

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Íslensk nautakjötsframleiðsla er á ákveðnum þröskuldi þar sem lyft er undir með annarri hendi en togað niður með hinni. Töluvert þarf að koma til svo framleiðsluvilji haldi sér og sá árangur sem nú hefur náðst, á undraskömmum tíma, glattist ekki. Framleiðendur nautakjöts spyrja sig hvort innlendri framleiðslu verði fórn að fyrir innflutning á erlendu nautakjöti,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður Landssambands kúabænda.

Kórónuveirufaraldur setti mark sitt á starf kúabænda líkt og annarra á liðnu ári og fundu þeir sem stunda nautakjötsframleiðslu verulega fyrir fækkun ferðamanna, sala var minni og í ofanálag fengur þeir yfir sig verðlækkningar. Herdís Magna segir rót vanda nautakjötsframleiðslunnar þó ná fyrir tíma faraldursins.

„Það er beint orsakasamhengi á milli verðlækkana og breytinga á tollasamningum, tollkvótar frá ESB hafa sjöfaldast frá því í maí árið 2018 og lækkað í verði um 60%,“ segir hún. Uppgangur sé í íslenskri nautakjötsframleiðslu og hafi bændur aukið fallþunga og gæðaflokkun hefur tekið stökk upp á við. Álagsgreiðslur og nýtt erfðaeefni Angus holdanautakyns hefði veitt bændum hvatningu og innblástur til að bæta framleiðsluna. „Það er sérstakt að fá miklar verðlækkningar fyrir framleiðsluna á sama tíma og hún tekur svo miklum framförum,“ segir Herdís Magna og bendir á að innlend nautakjötsframleiðsla anni einungis um 80% af markaðinum.

Hvað mjólk varðar segir hún að hámarksverð á markaði greiðslumarks mjólkur hafi verið fest í sessi á liðnu ári og sáu bændur hreyfingu komast aftur á viðskiptin. Framleiðslan var á svipuðu róli og undanfarin ár, eða 151,2 milljónir lítra.

„Við höfðum áhyggjur af áhrifum á sölu afurða vegna fækkunar ferðamanna. Reyndin varð sú að sala til stórneytenda, hótela og veitingastaða dróst verulega saman en aftur á móti jókst sala í matvöruverslunum og vó að mestu leyti upp

söluna,“ segir Herdís Magna. „Við sjáum svo að ný tækifæri gætu verið að opnast fyrir íslenska mjólkurframleiðslu ef áform um útflutning á undanrennudufti til framleiðslu á íslensku skyri fyrir erlenda markaði ganga upp.“

Algengur misskilningur að bændur vilji banna innflutning

Herdís Magna segir tollamálin brenna á kúabændum sem og einnig umhverfis- og loftslagsmál. Ánægjulegt sé að óskað hafi verið eftir endurskoðun á tollasamningi um landbúnaðarvörur við ESB, enda hafi forsendur hans breyst og mikilvægt sé að draga úr ójafnvægi sem ríkir milli inn- og útflutnings.

„Það er algengur misskilningur að bændur vilji banna allan innflutning. Framleiðsla landbúnaðarvara erlendis fer fram við önnur skilyrði en sú innlenda. Við verðum að vernda þann auð sem við eigum í innlendri matvælaframleiðslu með því að veita bændum sanngjarnt starfsumhverfi.“

Hún nefnir að hagsmunasamtök og afurðastöð geti áorkað miklu með því að taka höndum saman líkt og gert var þegar upp komst um stórkostlega misbrest í tollskráningu innfluttra matvæla í fyrra. Þar hafi pottur víða verið brotinn en góð samvinna hafi áorkað miklu og fært hluti til betri vegar.

Margar aðgerðir geta skilað bættum rekstri og lækkun kolefnisspors

Herdís Magna segir kúabændur fyrir alla



Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður Landssambands kúabænda, segir að íslensk nautakjötsframleiðsla hafi tekið miklum framförum, m.a. hafi álagsgreiðslur og nýtt erfðaeefni Angus holdanautakyns komið þar við sögu. Það sé sérstakt að á sama tíma búi bændur við miklar verðlækkningar á nautakjöti.

muni vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar þegar kemur að loftslagsmálum. Fyrstu aðgerðir sem horft sé til í þeim efnum snúa að bættum skráningum og búskaparhátum.

„Það er mikilvægt að bæta skráningarform þannig að hægt sé að reikna sannanleg umhverfisáhrif á hverju búi fyrir sig. Það má heldur ekki einblína á kolefnislosun heldur nettólosun eftir að binding hefur verið tekin inn. Það er okkur afar mikilvægt að fá núverandi bindingu metna inn í reikningsdæmið, þ.e. þá skógrækt og skjólbelti sem þegar eru til staðar og sömuleiðis endurræktun túna,“ segir hún.

Margar aðgerðir geti skilað bættum rekstri og lækkun kolefnisspors, betri bútækni, aukin nýting afurða og aðfanga, bætt fóðuröflun og allar kynbótaframfarir séu þess eðlis að draga úr kolefnisspori.

„Loftslags- og umhverfismálin eru stóru málin til framtíðar litið. En á heimsvísu ekki síður fæðuöryggi og hvernig við ætlum að fara að því að framleiða næg matvæli eftir 50 ár. Það er krefjandi hugsun á sama tíma og við ræðum loftslagsmálin.“

Guðmundur Jón Guðmundsson, stjórnarmaður í Beint frá býli:

Stöðug fjölgun þeirra sem framleiða vörur heima

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Framtíð heimavinnslunnar er björt og stöðugt fjölgar í þeim hópi sem framleiðir og selur margvíslegan varning heima við. Þessi þróun er á fljúgandi siglingu,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson, gjaldkeri stjórnar samtakanna Beint frá býli.

Hann segir að nú á tímum kórónuveirunnar sé áberandi hversu mikinn áhuga Íslendingar sýni innlendra framleiðslu og eins hafi margir gefið aukinn gaum að matvælaöryggi landsins. Þetta merki þeir vel sem stundi framleiðslu ýmiss konar og verslunarrekstur, sala hafi aukist liðna mánuði. Mikið var að gera hjá þeim sem útbjuggu matvæli og seldu.

„Þar stóð fólk víða á haus, því eftirspurn var mikil en mönnun vegna ástandsins var víða í lágmarki,“ segir Guðmundur Jón.

Trúum því að betri tímar séu handan hornsins


Hann segir marga félagsmenn í Beint frá býli treysta á erlenda ferðamenn í sínum rekstri. Þeir hafi fundið verulega fyrir samdrætti eftir að heimsfaraldur blossaði upp.

„Þetta á við bæði þá sem selja sína framleiðslu á veitingastaði og urðu fyrir miklum bresti á þeim markaði og eins á þetta líka almennt við um ferðapjónustubændur sem upplifðu mjög erfitt sumar. Innlendir ferðamenn löguðu stöðuna þó mikið. Við trúum því að heimurinn muni á endanum ná tökum á þessum faraldri og betri tímar séu handan hornsins,“ segir Guðmundur Jón.

Forsvarsmenn félagsins hafa sinnt ýmsum verkefnum liðna mánuði, vefsíða félagsins var uppfærð og þá gerði Beint frá býli samning við félagið Beit, framleiðslufyrirtæki um myndbandagerð. Í fyrravor hófust tölur á kynningarmyndum sem



hugsuð er sem stutt og tímalaus kynning á félaginu og þeim vörum sem verið er að framleiða og selja í sveitum landsins. Guðmundur Jón segir að þessi verkefni séu liður í að styrkja markaðshliðina á starfsemi samtakanna, en þörf hafi verið talin á að efla þann þátt.



Guðmundur Jón Guðmundsson, stjórnarmaður í samtökunum Beint frá býli.

Geta styrkt hvort annað

Stjórnarmenn áttu einnig í nokkrum samskiptum við þá sem stóðu að stofnun Félags smáframleiðenda sem stofnað var í fyrra. Segir Guðmundur Jón að innan Beint frá býli hafi menn álitid að þörf væri fyrir nýja félagið og að félögin tvö ættu að hluta til samleið í mörgum málum.

„Mín skoðun er sú að þessi tvö félög geti styrkt hvort annað,“ segir hann.

Guðmundur Jón nefnir að óljóst sé enn hvernig Beint frá býli muni passa inn í nýtt félagakerfi Bændasamtaka Íslands, en þar eru breytingar í farvatni sem kunnugt er.

„Félagið okkar gengur þvert á búgreinar og líka landsvæði, innan okkar vébenda eru bændur í alls kyns búskap og þeir búa úti um allt land. Við höfum rætt þessi mál við forsvarsmenn Bændasamtakanna og ég er bjartsýnn á að niðurstaðan verði á þann veg að bændur geti skilgreint sinn búskap í mismunandi búgreinar og verið einnig innan Beint frá býli. Þannig gætu Bændasamtökin tekið utan um fleiri bændur sem selja beint frá sínu býli,“ segir hann.

Guðmundur Bjarnason, formaður Samtaka ungra bænda:

Aukið fjármagn í nýliðunarstuðning yrði til bóta

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Eitt helsta baráttumál okkar er nýliðunarstyrkurinn, það er hann sem hjálpar nýliðum að komast inn í búrekstur,“ segir Guðmundur Bjarnason, formaður Samtaka ungra bænda. Önnur mál sem brenna á ungunum bændum eru rekstrar- og framleiðsluöryggi, loftslagsmál og auknar rannsóknir í tengslum við þau sem og fæðuöryggi.

Guðmundur segir að undanfarin ár hafi ungir bændur sótt um nýliðunarstyrki í töluverðum mæli og það sé gott. Sú fjárhæð sem til skiptanna er fari þó æði oft í of fáar hendur.

„Nýliðun er afar mikilvæg fyrir landbúnaðinn, ef hún gengur ekki nokkurn veginn eðlilega fyrir sig verður enginn landbúnaður stundaður hér á landi til framtíðar. Það viljum við ekki sjá. Meðalaldur bænda í mörgum greinum er hár sem þýðir að nýliðun hefur ekki átt sér stað um langt skeið innan hennar. Það er því okkar mat að auka þurfi fjármagn í nýliðunarstuðninginn þannig að þeim sem hafa áhuga verði gefinn kostur á að koma sér inni í landbúnaðinn,“ segir Guðmundur.

Bóndinn borgar brúsann

Hann nefnir einnig að til að geta rekið gott bú þurfi rekstrar- og framleiðsluöryggi að vera fyrir hendi, bændur þurfi að geta séð hverjar horfur eru til lengri tíma litid. Það taki tíma að framleiða matvöru og þurfi sinni undirbúning.

„Það er nauðsynlegt að geta séð hver rekstrargrundvöllur greinarinnar er, t.d. áður en menn fara út í miklar fjárfestingar,“ segir hann.

Guðmundur nefnir að heimsfaraldur hafi sett svip sinn á liðið ár, en menn hafi líka lært ýmislegt. Hann furðar sig á miklum innflutningi matvæla til landsins á tímum þegar ferðamenn skorti, tekjur manna séu minni og neyslan þar með sömuleiðis. Matvælabirgðir landsins séu á sama tíma í hæstu hæðum.



Guðmundur Bjarnason, formaður Samtaka ungra bænda, segir brýnt að aukið fjármagn komi til í nýliðunarstuðninginn, svo fleirum sem áhuga hafa gefist kostur á að komast inn í búskap. Mynd /Ómar Ragnarsson

„Er ekki eitthvað rangt við þetta?“ spyr hann og mælir með auknum tollum til að stemma stigu við innflutningi matvæla sem framleiða má hér á landi.

„Á sama tíma eru aðföng til bænda að hækka, afurðaverð að lækka, þetta er alltaf sama gamla tuggan, sem er sú að bóndinn borgar brúsann með því að fá lægri laun fyrir sitt vinnuframlag,“ segir Guðmundur.

Loftslagsmálin mikilvæg

Hann segir bændur sem og alla aðra þurfa í auknum mæli að huga að loftslagsmálum. Margir vaði þó í villu um hver

þáttur landbúnaðar er í þeim málum og virðist sem sitt sýnist hverjum. Því væri brýnt að auka rannsóknir svo fá mætti út hver áhrif landbúnaðar eru þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda. Það þyrfti m.a. að gera sérstakar rannsóknir sem gilda fyrir Ísland.

„Við viljum vita hvar við stöndum og hvaða möguleika við höfum, hvað við getum gert til að færa hluti til betri vegar,“ segir hann. Hann bætir við að innflutt matvæli ættu einnig að lúta sömu kröfum og þau innlendu þegar kemur að kolefnisbókhalddi. Þannig sé líka nauðsynlegt að upprunamerkja matvæli og að þau séu rekjanleg, hvort heldur um er að ræða innflutt eða innlend matvæli.

Guðmundur segir að neytendur vilji gjarnan kaupa íslensk matvæli og nefnir afurðir garð- og akuryrkjunnar meðal annars. Grænmeti sé flutt til landsins í stórum stífl en á borðinu séu fjölmörg tækifæri til að auka þar við á Íslandi. Nýliðun í garðyrkju sé því miður lítil en hvetja ætti ungt fólk til að horfa til hennar sem framtíðaratvinnugreinar. Hann nefnir einnig mikilvægi þess að sinna nýsköpun á þessu sviði, bæði hvað mannelldi varðar og til að bæta innlenda fóðuröflun. Heimsfaraldur hafi m.a. beint sjónum að fæðuöryggi þjóða og Íslendingar verði að horfa til þess að auka við sína framleiðslu þar sem hægt er.

Guðmundur hvetur unga áhugamenn um búskap og yngri bændur að ganga til liðs við samtökin til að skoðanir ungs fólk í landbúnaði komist til skila.

Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda:

Mikilvægt að við verðum sem mest sjálfbær í okkar matvælaframleiðslu

Margrét Þóra Þórsdóttir

Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda, segist leyfa sér, þegar til lengri tíma er lítið, að vera bjartsýnn á að við sem þjóð lærum af heimsfaraldri mikilvægi þess að við Íslendingar getum orðið sem mest sjálfbær í okkar matvælaframleiðslu.

„Afleiðingar kórónuveirufaraldursins hafði sín áhrif fyrir okkur svínabændur. Það varð umtalsverður samdráttur í eftirspurn eftir okkar vörum, sem helgast m.a. af því að ferðamenn hurfu alveg af landinu. Það hjálpaði vissulega upp á að landinn komst lítið í burtu líka, flestir hafa verið hér á klakanum og landsmenn hafa því að einhverju leyti fyllt upp í það gat sem ferðamenn skildu eftir sig,“ segir Ingvi. Hann bætir við að á liðnu ári hafi orðið talsverðar verðlækkanir á afurðum svínabænda á sama tíma og aðföng hækkuðu í verði.

Bendir Ingvi á að Ísland sé eyja í Atlants-hafi og Íslendingar stundi búskap við skilyrði sem Evrópusambandið skilgreini sem heimskaualandbúnað.

„Það er því miður ekki sjálfgefið að við komumst ætíð í matarkistur Evrópu. Þegar á reynir er hver sjálfum sér næstur og það gildir jafnt um einstaklinga og þjóðir. Ég held að kórónuveiran hafi sýnt okkur með skýrum hætti hvað íslenskur landbúnaður er berskjaldaður til að takast á við afleiðingar faraldursins,“ segir hann. – „Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur þegar horft er til framtíðar að við drögum þann lærdóm af faraldrinum að við gerum ráðstafanir til að milda höggið þegar sá næsti kemur.“

Miklar birgðir til af innlendu og innfluttu kjöti

Vísar Ingvi til þess að á undanförunum árum og áratugum hafi sífellt dregið úr tollverndinni og innflutningur á land-



Frændurnir Frans Heiðar Ingvason og Ísak Helgason eru liðtækir aðstoðarmenn.

búnaðarvörum margfaldast að magni á skömmum tíma. Á sama tíma hafi svínarækt í Evrópu farið úr miklum blóma niður í hálfgerðt kreppuástand, bæði vegna afrísku svínapestarinnar og kórónuveirunnar.

„Afleiðingarnar eru mikið verðfall. Svínakjöt er nú flutt inn frá Evrópu í stórum stíl á verði sem stendur ekki undir framleiðslukostnaði þar ytra. Talsverðar birgðir eru til hér á landi af bæði innlendu svínakjöti og innfluttu, sem og reyndar öðru kjöti líka. Maður hefur jafnvel heyrt



Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda, segir miklar birgðir hafa hlaðist upp bæði af innlendu og innfluttu svínakjöti í kjölfar heimsfaraldurs. Samdráttur varð á markaði við brotthvarf erlendra ferðamanna en Íslendingar sem komust einnig lítið til útlanda fylltu að hluta til upp í gatið.

því fleygt að stjórnvöld eigi að koma með fjármagn til að kaupa upp kjöt svo léttu megi á ástandinu innanlands,“ segir Ingvi. „Maður veit ekki hvort á að hlæja eða gráta yfir þessari endemis vitleysu.“

Getum ekki samið um tonn á móti tonni

Kveðst hann ekki vita hvort það standist skoðun að skattfé sé notað til að kaupa upp kjötfjöll þannig að hægt sé að búa til pláss fyrir aukinn innflutning.

„Það hlýtur að vera skynsamlegra að búa svo um hnútana varðandi tollverndina að við höfum einhver tæki til að minnka innflutning þegar aðstæður sem þessar koma upp. Örríki sem semur við markað með hundruð milljóna manna getur einfaldlega ekki samið um tonn á móti tonni, svo einfalt er það,“ segir Ingvi og bætir við að fram undan sé endurskoðun á samningi við ESB frá árinu 2015 um þessi mál. – „Ég leyfi mér að vona að eitthvað skynsamlegt komi út úr þeirri endurskoðun,“ segir Ingvi Stefánsson.

Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands

Liðið ár einkenndist af áföllum og óvissu

Margrét Þóra Þórsdóttir

Áföll og óvissa einkenndu liðið ár hjá Geitfjárræktarfélagi Íslands. Félagið fagnar 30 ára afmæli sínu á þessu ári og velta stjórnarmenn vöngum yfir hvort færi gefist til að minnast tímamótanna með einhverjum hætti. Um 60 félagsmenn eru innan vébanda félagsins og segir Anna María Flygenring, formaður þess, að einnig þurfi að huga almennt að framtíð þessa litla félags nú þegar í farvatni séu breytingar á félagskerfi Bændasamtaka Íslands.



Íslendingum ber samkvæmt alþjóðlegum samningum að viðhalda og forða frá útrýmingu stofnum eins og íslenska geitin er.

„Nýliðið ár var okkur félagsmönnum þungt í skauti,“ segir Anna María. Versta áfallið var niðurskurður stórs geitahóps í Skagafirði á liðnu hausti. Geitur falla undir sömu reglur og sauðfé þegar kemur að niðurskurði vegna riðu en hún kom upp í Skagafirði með skelfilegum afleiðingum.

„Það skiptir þá engu hvort þau sýni sem tekin voru úr geitonum sönnuðu að ekki var um að ræða sýkingu í þeim. Stofninn hefur verið og er í útrýmingarhættu og því var þetta mikil blóðtaka,“ segir Anna María.

Stórt skref var stigið haustið 2019 þegar hafrastöð á Hvanneyri var tekin í notkun, en þar fer fram sæðistaka sem félagsmenn geta nýtt sér. Geitfjárræktarfélagið á búnað og lánar félagsmönnum án endurgjalds.

„Við þurfum að leggja meiri áherslu á að sæðingar verði nýttar í meira mæli en nú er,“ segir Anna María.

Fær sess við háborðið gangi allt að óskum

Ákveðið var á síðasta aðalfundi að útbúa rafræna uppskriftabók með leiðbeiningum um eldun og almenna matargerð úr geitakjöti. Einnig var ákveðið að halda áfram þeirri vinnu sem Dominique Plédel Jónsdóttir hefur umsjón með innan Slow Food-samtakanna. Gangi allt að óskum í þeirri vinnu fær íslenska geitin sess við háborð samtakanna, líkt og íslenska landnámshænan hefur þegar fengið. Nokkrir geitabændur hafi lagt áherslu á að vinna úr kiða/geitakjöti og þróað vörutegundir með góðum stuðningi frá Matís. Geitaostagerð hófst nýverið á Brúnastöðum



Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands. Félagið verður 30 ára á þessu ári og er verið að skoða hvort hægt verði að minnast tímamótanna með einhverjum hætti.

í Fljóttum þar sem ábúendur hafa komið sér upp fyrirmyndaraðstöðu.

Bjartsýnin dalaði

Anna María kveðst fram undir þetta hafa verið mjög bjartsýn á framtíð geitfjárræktar á Íslandi en sé hugsji eftir að eini geitfjárræktandinn sem sótti um í nýjan Matvælasjóð fékk höfnun. Málið snúist ekki um að viðkomandi ræktandi hafi fengið höfnun, margir voru í þeim hópi. Það sé umsögn frá stjórn Matvælasjóðsins sem hún velti fyrir sér en að hennar mati beri hún vott um að þeir sem hana skrifuðu viti ekki mikið um geitur og háttalag þeirra. Hún beri vott um fáfræði þeirra sem settu hana á blað. Nefnt er í umsögninni að landið sé víða örfoka m.a.

vegna búfjárbeitar, en geitur eiga þar enga sök, eru sjaldnast á afrétti heldur halda sér innan girðinga á ræktuðu landi. Þeim 1.500 geitum sem til eru í landinu verði því varla kennt um uppblástur þess.

„Okkur ber samkvæmt alþjóðlegum samningum að viðhalda og forða frá útrýmingu stofnum eins og íslenska geitin er. Ein leiðin til þess er að auka afurðir og virði geitanna en það sé sú leið sem Erfðanefnd landbúnaðarins hefur ráðlagt. Í þessari umsögn Matvælasjóðs felst algjör mótsögn við verndun viðkvæmra búfjárstofna á Íslandi, þar undir fellur einungis íslenska geitin sem er óblönduð frá landnámi og hvergi til annars staðar í heiminum,“ segir hún.

Sölvi Arnarsson, formaður Félags ferðapjónustubænda:

Uppbygging á öruggan, sanngjarnan og loftslagsvænan hátt

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Ég hef þá trú að upprisa ferðapjónustunnar eigi eftir að verða lykill að efnahagsbata landsins. Það er að mínu mati afar mikilvægt að endurreisa ferðapjónustuna með þann lærdóm sem við drögum af síðustu bylgu heimsfaraldursins í farteskinu,“ segir Sölvi Arnarsson, formaður Félags ferðapjónustubænda.

Ferðapjónustan er ein þeirra atvinnugreina sem hvað sárast eiga um að binda eftir að kórónuveiran hefur geisað um heimsbyggðina. Samdrátturinn í kjölfar hennar hefur áhrif inn í alla anga þjóðfélagsins og lífsviðurværi fólks ógnað.

„Það hefur mikið mætt á ferðapjónustunni undanfarin misseri, hinn skæði heimsfaraldur og við urðum fyrir miklu höggi líka við fall flugfélagsins Wow air,“ segir Sölvi.

„Það er gríðarlega mikilvægt, ef tryggja á áframhaldandi vöxt ferðapjónustunnar og að ná henni upp úr því ölduróti sem dunið hefur yfir, að horfa til þess hversu góð áhrif greinin hefur fyrir landsbyggðina. Það er nauðsynlegt að hlúa að þeim frumkvöðlum sem hafa mótað og drifið þessa þróun áfram undanfarin ár. Ferðapjónusta bænda hefur þar verið í stóru hlutverki. Þar innanborðs er fólk frá fyrirtækjum og bæjum sem hafa staðið af sér miklar breytingar, farið í gegnum hraðan vöxt sem fylgdi mikilli innviðaupbyggingu, það hefur verið mikið álag í greininni í þessari öru þróun.“

Að byrja upp á nýtt en ekki með tómt borð

Hann segir að undangengin ár hafi áhersla verið lögð á að byggja upp heilsárs ferðapjónustu víða um land og ferðapjónustubændur hafi staðið vaktina og m.a. verið á vaktinni þegar fyrst var farið að hafa opið allt árið um kring. Jafnvel þegar lítið var að gera fyrstu árin á mörgum svæðum.

„Það má orða það svo að við þurfum að byrja upp á nýtt eftir þær hamfarir sem yfir okkur hafa gengið. Mannauðurinn er samt til staðar, sem og innviðirnir, landið jafn fagurt og áður og fer hvergi og þá



Sölvi Arnarsson, formaður Félags ferðapjónustubænda, segir mikilvægt ef tryggja eigi áframhaldandi vöxt ferðapjónustunnar og ná henni upp úr því ölduróti sem dunið hefur yfir að horfa til þess hversu góð áhrif greinin hefur fyrir landsbyggðina.

er víða verið að vinna við uppbyggingu á þessum dauða tíma. Þannig að í því ljósi erum við ekki alveg að byrja upp á nýtt með tómt borð,“ segir Sölvi.

Aðstoð stjórnvalda ómetanleg

Hann segir að aðstoð stjórnvalda á yfirstandandi kórónuveirutíma hafi skipt sköpum fyrir mörg ferðapjónustufyrirtæki og verið þeim ómetanleg. Hlutabótaleiðin hafi þar einkum og sér í lagi skorið sig úr, margir nýtt þá leið og lifað fyrir vikið af. Tekjufalls- og viðspyrnustyrkir hafi einnig komið sterkir inn og fleytt ferðapjónustunni yfir dimmstu mánuðina.

„Við hefðum gjarnan viljað sjá sveitarfélögin koma meira til móts við ferðapjónustuna líkt og ríkið hefur gert. Þar hefði lækkun eða niðurfelling á fasteignagjöldum komið sér vel fyrir greinina, en hefur fallið undir radar sveitarfélaganna. Samræming í þeim þó litlu aðgerðum



Stjórn Félags ferðapjónustubænda, Friðbjörg Matthíasdóttir, Karl Jónsson, Einar Þór Jóhannsson, Sölvi Arnarsson og Arna Björg Bjarnadóttir.

sem gripið hefur verið til eru engar og því þykir mér nauðsynlegt að greinin og sveitarfélögin ræði þessi mál,“ segir Sölvi.

Mun þetta hagsmunagæsluna

Bindur hann miklar vonir við að reynslan af hamförunum hjálpi ferðapjónustunni að koma sér í gang á ný, finna rétta hagræðingu og réttan vaxtarhraða.

„En það verður líka að gera á öruggan, sanngjarnan og loftslagsvænan hátt,“ segir hann og nefnir að kolefnisjöfnun allra ferða innan Hey Iceland verði veigamikill þáttur í starfi félagsins. Eins bindur hann vonir við að ferðapjónustubændur nái að tengja sig við kolefnisbrúna og þá áhugaverðu vegferð sem þar er verið að leggja upp í. Nefndi Sölvi einnig að innan Félags ferðapjónustubænda væru menn spenntir fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á félagakerfi Bændasamtakanna.

„Ég hef trú á því að það muni þetta okkar hagsmunagæslu, leiða af sér meiri fagmennsku og flottar afurðir,“ segir hann.

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda:

Ekki verið flutt út fleiri hross í tvo áratugi

Margrét Þóra Þórsdóttir

Sala á hrossum til útlanda í fyrra náði hæstu hæðum, fara þarf riflega tvo áratugi aftur í tímann til að finna sambærilega tölu og var á liðnu ári. Í fyrra voru flutt út 2.321 hross, 53% meira en árið á undan þegar þau voru um 1.500 talsins.

„Árið var því sögulega gott þegar kemur að útflutningi á hrossum, sala og eftirspurn innanlands hefur einnig verið góð þó að við höfum ekki nákvæmar tölur um það,“ segir Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda.

Á fimm ára tímabili frá og með 2015 til 2019 hafa verið flutt út alls 7.179 hross, eða að jafnaði um 1.400 hross hvert ár, „en svo fengum við þennan svakalega kipp í fyrra,“ segir Sveinn.

„Greinilega hefur safnast upp þörf, eftirspurnin hefur alltaf verið þó nokkur eftir íslenskum hrossum en hún sprakk út í fyrra. Við höfum í sjálfu sér ekki algerar skýringar á reiðum höndum, en vera má að kórónuveirufaraldurinn komi þar við sögu að einhverju leyti. Fólk var meira heima við, gaf sér tíma til að sinna áhugamálum sínum og líkast til hafa fleiri látið eftir sér að eignast íslenskt hross. En það má heldur ekki gleyma því að við höfum um árabíl stundað skipulagt markaðsstarf og kynningarstarf með verkefninu Horses of Iceland sem hlýtur að hafa sín áhrif.“

Langflest hrossanna eru flutt út til Þýskalands, af þeim 2.321 hrossi sem selt var til útlanda í fyrra fóru 950 þangað. Næst í röðinni koma Svíþjóð með 306 hross og Danir keyptu 271 hross á liðnu ári.

Kom niður á hestaferðamenskunni

„Liðið ár reyndist okkur hrossabændum því vonum frammar í heildina, þó auðvitað að skiptist aðeins í tvö horn. Þeir sem stunda ferðatengda hestamenskunu, eru með hestaleigur og því um líkt hafa þurft að takast á við heimsfaraldurinn



Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, segir liðið ár í heildina hafa reynst hrossabændum vonum frammar. Sögulega mikill útflutningur á hrossum og sala innanlands var líka með besta móti. Þeir sem stunda hestatengda ferðamenskunu urðu eins og aðrir fyrir barðinu á kórónuveirunni. Mynd / jE

eins og margir í almennri ferðaþjónustu, eftir að erlendir ferðamenn nánast hurfu á braut,“ segir Sveinn. Hestaferðaþjónusta sé orðin mjög umfangsmikil starfsemi hér á landi og því ljóst að síðasta ár hefur verið þeim aðilum erfitt.

„Það er mikill áhugi í greininni og ég held að við séum flest sammála um að miklar framfarir hafa orðið á liðnum árum. Þá er nýlega búið að uppfæra dómaáherslur og ræktunarmarkmið, en það á við um hrossaræktarstarfið eins og annað starf að við þurfum að reyna að gera betur í dag en í gær,“ segir Sveinn.

Hlakka til móta sumarsins

Mótahald fór úr skorðum í fyrra vegna samkomubanns sem í gildi var. „Við trúum því að betur gangi á þessu ári og horfum með tilhlökkun til móta sumarsins, bæði hér heima og eins heimsmeistaramótsins í Danmörku. Það er stór partur af hestamenskunni að sækja mót og eiga þessar samverustundir í kringum þau, bera saman bækur sínar með félögum og fylgjast með gangi mála á vellinum. Mér sýnst sem betur fer allt stefna frekar vel hvað varðar samkomumöguleika næsta sumar en við getum ekki annað en vonað það besta,“ segir Sveinn.

Guðrún Gauksdóttir, formaður Æðarræktarfélags Íslands

Vísbendingar um að sala á æðardúni sé að glæðast

Margrét Þóra Þórsdóttir

Vísbendingar eru um að sala á æðardúni sé að glæðast á ný og að mesta samdráttarskeiði í þeim efnum sé lokið. Guðrún Gauksdóttir, formaður Æðarræktarfélags Íslands, segir að undanfarið hafi sala á fullunninni vöru úr æðardún tekið kipp upp á við. Það eigi fyrst og fremst við um sængur og er þá jöfnum höndum verið að selja til útlanda og hér innanlands.

„Sumarið 2020 var æðarvarpinu almennt hagstætt og dúntekja góð. Það hefur því miður verið nokkur samdráttur undanfarin þrjú ár í útflutningi á æðardúni en við erum bjartsýn um að því tímabili sé lokið,“ segir Guðrún. Verðmæti útflutts dúns á árunum 2018 til 2020 nam á bilinu 220 til tæplega 360 milljóna króna, en til samanburðar var verðmæti á útfluttum dúni á tímabilinu 2012 til 2016 frá tæplega 508 milljónum króna og upp í um 694 milljónir.

Samstarf við Íslandsstofu um markaðsátak

Guðrún segir að eitt af meginverkefnum stjórnar félagsins hafi verið að leita leiða til að vekja athygli á þeirri einstöku afurð sem æðardúnn er sem og að tryggja eftirspurn og stöðugleika á markaði. Félagið hóf á liðnu hausti samstarf við Íslandsstofu um markaðssetningu á æðardúni og segir Guðrún að æðarrækt falli vel að stefnumarkmiðum Íslandsstofu um að Íslands verði þekkt sem upprunaland hreinna og heilnæmra náttúruafurða sem unnar séu með sjálfbærum hætti.

„Við bindum miklar vonir við þetta samstarf og það er okkur ómetanlegt að njóta þeirrar sérþekkingar sem starfsfólk Íslandsstofu býr yfir. Við höfum haldið stefnumótunarfundi og áherslur varðandi markaðssetningu á æðardúni eru að skýrast,“ segir hún. Vilji er til þess að leggja áherslu á markaði í Bandaríkjunum og Þýskalandi og segir hún að félagið telji mikilvægt að rækta helstu markaði sína jafnframt því sem nýrra sé leitað. Þá sé



Síðastliðið sumar var æðarvarpi hagstætt að mestu leyti og dúntekja var góð.

horft til þess að bjóða á þessum mörkuðum fullunna vöru.

Endurskoða vottunarkerfi fyrir æðardún

Guðrún segir að félagið hafi unnið að ýmsum verkefnum að undanfögnu. Unnið var að gerð gagnvirkis kortagrunns fyrir æðarvarp á Íslandi í samstarfi við RML og er því verki nú lokið. Í farvatninu er umsókn um að vernda afurðaheiti fyrir íslenskan æðardún sem verður að loknu samþykki þýðingarmikið í markaðsátakinu, auk þess að leggja grunn að fleiri vottunum. Þá nefnir hún að til standi að uppfæra vefsíðu félagsins og eins þurfi að leita leiða til að tryggja fjármagn í þau verkefni sem fram undan eru.

„Starfshópur á vegum ÆÍ er að endurskoða vottunarkerfi æðardúns og kanna hvernig megi efla það,“ segir Guðrún en samstarf er við landbúnaðarráðuneyti, staðlaráð og fleiri vegna þess verkefnis.



Guðrún Gauksdóttir, formaður Æðarræktarfélags Íslands.

„Fyrsta baráttumál félagsins þegar það var stofnað árið 1969 var að sett yrðu lög um gæðamat á æðardúni og enn er skylt að allur æðardúnn sem seldur er sé veginn og metinn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinun og vottað fyrir hreinleika hans. Þetta opinbera vottunarkerfi hefur lagt grunn að trausti í viðskiptum með dún og skapað íslenskum æðardúni sérstöðu,“ segir Guðrún.

Hugur í félagsmönnum

Hún segir að hugað sé að nýsköpun, m.a. við hreinun æðardúns. Vélar sem notaðar eru við hreinun dúns voru hannaðar og smíðaðar af íslenskum hugvitsmönnum. Umræður eru nú meðal félagsmanna um á hvern hátt best verði staðið að nýsköpun þegar kemur að þróun á nýrri tækni við hreinun á æðardúni.

„Það er mikill hugur í æðarbændum og margt í gangi sem horfir til að efla æðarrækt.“

Hópur listamanna er að vinna að fræðslu- og upplifunarsýningu um æðarrækt sem sjálfbærs sambýlis dýra og manna og um möguleika á nýtingu dúns. Sýningin er farandsýning og verður opnuð í Norræna húsinu vorið 2022. Um haustið fer hún til Hafnar í Hornafirði.

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður Landssamtaka skógareigenda

Fé til skógræktar jókst í fyrsta sinn frá hruni

Margrét Þóra Þórsdóttir

Fjárveitingar til skógræktar jukust á liðnu ári sem þykja nokkur tíðindi. Allar götur frá efnahagshruni drógust fjárveitingar saman ár frá ári og í fyrra upplifðu skógareigendur aukið framlag í fyrsta sinn frá hruni. Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður Landssamtaka skógareigenda, segir skógrækt njóta meiri velvilja nú en oft áður og haldist hann eflaust í hendur við þau tækifæri sem m.a. stjórnvöld sjái við að nýta skógana til kolefnisjöfnunar.

Skógræktin fékk á liðnu ári um 270 milljóna króna framlag frá ríkinu í verkefnið „Skógrækt á lögbýlum“, ríflega 30 milljónum króna meira en árið á undan.

„Þetta er fyrsta hækkun á framlagi sem við sjáum í góðan áratug og það blæs okkur vissulega baráttuanda í brjóst,“ segir Jóhann Gísli. Á samningssvæðum Skógræktarinnar var gróðursett vel yfir tvær milljónir plantna árið 2020, en tæplega tvær milljónir árið á undan. Einnig var ágætis innspýting í kærkomna grisjun í fyrra. Gert er ráð fyrir að nú í ár verði gróðursettar 3 milljónir plantna í skógrækt á lögbýlum og einhver aukning verði í grisjun.

Brýn þörf á að grisja skógana

Jóhann Gísli bendir á að þó svo að framlög hafi hækkað og meira sé gróðursett segi það ekki alla söguna. Fé vanti enn og aftur til að sinna öðrum verkefnum, eins og til að mynda grisjun.

„Það hefur safnast upp mikil þörf á að grisja skóga um land allt, en einkum og sér í lagi er hún mikil á Norður- og Austurlandi. Þar eru víða stórir skógar og komnir til ára sinna. Því miður hefur þessi málaflökkur verið vanræktur í allt of mörg ár þó vissulega sé aukin innspýting nú um stundir af hinu góða,“ segir hann. Verkefnin séu aðkallandi og lítið þýði fyrir bændur að fara sjálfa með sög inn í skógana. Eldri skógar séu orðnir það umfangsmiklir að ekkert hálfkák dugar. Um mannfrek og erfið verkefni sé að ræða. Brýnt sé að koma skógum í viðunandi horf, ella muni þeir breytast í verðlausa villiskóga áður en langt um líður.

Öll áherslan er á gróðursetningar

Skógur er ræktaður á um það bil 600 jörðum hér á landi og segir Jóhann Gísli



Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður Landssamtaka skógareigenda, segir að hækkun á framlagi ríkis til skógræktar blási mönnum baráttuanda í brjóst, en á sama tíma þurfi líka að huga að öðrum verkefnum eins og grisjun, vegagerð og girðingarvinnu. Framlag til þeirra verkefna mætti gjarnan vera meira.



Skógræktin fékk á liðnu ári um 270 milljóna króna framlag frá ríkinu í verkefnið „Skógrækt á lögbýlum“.

að áhugi sé meðal bænda og jarðeigenda að hefja skógrækt. Einhverjar jarðir séu í bið hjá Skógræktinni eftir að komast inn og gera skógaræktarsamning.

„Það sem meðal annars strandar á er að áður en bændur hefja skógrækt þarf að girða landið og engar fjárveitingar eru fyrir hendi til þeirra verka. Því miður virðist sem áhersla stjórnvalda sé öll á gróðursetningar. Vissulega er það gott mál að við spýtum í lófana í þeim efnunum, en á meðan einungis er horft til þess þáttar

sitja önnur verkefni á hakanum, svo sem grisjun, vegagerð og girðingarvinnu. Þetta eru líka nauðsynleg verkefni og brýnt að gefa þeim meiri gaum,“ segir hann.

Ýmislegt má laga í samskiptum

Bendir hann einnig á að samningar milli ríkisvalds og skógarbænda séu því marki brenndir að ríkið geti sett hinar ýmsu kvaðir á bændur sem þeir verði að beygja sig undir. Því er samningurinn einhliða og ekki að öllu leyti hagstæður bændum. Þá er m.a. átt við að eftirfylgni við umhirðu og gerð nýtingaráætla sé ófullnægjandi.

„Samruni Landshlutaverkefnanna við Skógrækt ríkisins, svo úr varð Skógræktin, var ekki að öllu leyti góð fyrir skógarbændur. Áður tóku heimamenn meiri þátt í stefnu og starfsemi skógræktar innan síns svæðis en nú er nándin við þjónustuna minni og ákvarðanatökur og utanumhald seinvirkari en áður. Enn er ýmislegt sem má laga í samskiptum skógarbænda og Skógræktarinnar og ég lít svo á að skógarbændur séu tilbúnir til að eiga það samtal,“ segir Jóhann.

Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

Óvissa enn fyrir hendi um hvernig kjötframleiðslu reiðir af eftir heimsfaraldur

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Enn er ríkjandi mikil óvissa varðandi það hvernig íslenski kjötframleiðslu reiðir af í kjölfar heimsfaraldurs. Við vitum ekki nú hversu hratt við komum til baka og byggjum greinarnar upp. Sjálf er ég vongóð um að öflug vöruþróun og nýsköpun samfara vélvæðingu og hagræðingu í afurðageiranum muni styrkja okkur til framtíðar. Við höfum ákveðið fjöregg í okkar framleiðsluháttum, búfjáarkyni, hreinu lofti, vatni og umhverfi. Á því þurfum við að byggja og standa sterkari á eftir,“ segir Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Liðið ár var sérstakt fyrir sauðfjárbændur líkt og aðra. Stóru tarnaverkefni, sauðburður, göngur, réttir og sláturtíð, voru með öðrum hætti en tíðkast þar sem í gildi voru takmarkanir á samskiptum manna í skugga heimsfaraldursins. Það var líka áskorun að takast á við nauðsynlegar sóttvarnir, en þeir bændur sem reiða sig á erlent vinnuafli í tarnavinnunni áttu erfitt með að manna t.d. sauðburðinn. Þá skapaðist kostnaðarauki hjá sláturleyfishöfum vegna ástandsins.

„Tíðin var okkur sauðfjárbændum hins vegar hagfelld og fallþungi með albasta móti og þá voru húsmet slegin í fleiri en einni afurðastöð,“ segir Guðfinna.

Þjartsýni var ríkjandi í upphafi liðins árs, sala á lambkjöti hafði verið góð undanfarin tvö ár og skráðar birgðir hæfilegar miðað við áætlaða sölu fram undan. Væntingar sauðfjárbænda um viðsnúning á afurðaverði til betri vegar voru því nokkrar. Vissulega segir Guðfinna að verð hafi hækkað lítillega, en minna en væntingar stóðu til og kom þar m.a. til aukinn kostnaður við sláturtíð, sölusamdráttur á liðnu sumri og óvissa varðandi sölu út árið.

Birgðir meiri en 1.000 tonn um áramót

Sölusamdráttur dilkakjöts á síðari hluta ársins 2020 nam um 1.000 tonnum og ekki kom til aukinn útflutningur, enda ástandið með svipuðum hætti um allan



Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að enn ríki óvissa varðandi það hvernig íslenski kjötframleiðslu reiðir af í kjölfar heimsfaraldurs. Mynd / Úr einkasafni

heim, framboð umfram eftirspurn á flestum mörkuðum. Birgðir um síðustu áramót voru því meiri en 1.000 tonn.

„Það er staða sem erfitt er að fara með inn í nýtt ár og í versta tilfelli nokkur næstu ár,“ segir Guðfinna.

„Til að bæta úr þeirri stöðu verðum við að horfa til útflutningsverkefna og af-

urðastöðvar hafa unnið í því. Það þarf að byggja undir þau verkefni svo viðspyrna geti orðið hraðari þegar við komumst út úr kófinu.“

Bændur héldu áfram að fækka fé á liðnu hausti og framleiðsla mun því minnka næsta haust líkt og verið hefur undanfarin ár. Segir Guðfinna að miðað við ásetning megi vænta þess að samdráttur muni nema frá 200 og upp í 400 tonn, eftir því hvernig afurðasemi verður.

Samdráttur í kjötsölu hvað mestur í lambkjöti

Guðfinna bendir á að samdráttur hafi verið í sölu á öllum kjötvörum, en neikvæð áhrif heimsfaraldurs hafi komið harðar niður á lambkjöti en öðrum tegundum og sé það að vissu leyti til marks um hversu vel hafi tekist að markaðssetja íslenska lambkjötið fyrir erlenda ferðamenn. „Sá samdráttur sem varð í sölu á lambkjöti er samspil fleiri þátta, ferðamenn vantar, hlutdeild veitingahúsa og mötuneyta hefur minnkað verulega. Við sjáum vonandi viðsnúning innan tíðar, þegar fjöldi ferðalanga eykst og innlendi veitingageirinn tekur við sér. Ég vona líka að sú staða sem við höfum verið í undanfarna mánuði hafi eftl markaðssetningu afurðastöðvanna til neytenda í gegnum smásöluverslun og eins til þeirra sem hafa snúið sér að netverslun,“ segir Guðfinna Harpa Árnadóttir.

Efnisyfirlit

	Ísmar ehf. 81 Snjallvæddu býlið þitt með GPS-búnaði frá Trimble	75
	Skógræktin Skógur er verðbréf – skógrækt er fjárfesting	82–83
	Samhentir Þjónusta garðyrkjuna á breiðum grunnu	84
	Kalksalt Takk fyrir okkur kæru bændur	84
	Bílabúð Benna Rótgróið frumkvöðlafyrirtæki	85
	Sláturfélag Suðurlands Ný steikingar- og eldunarlína tekin í notkun hjá SS Hvolsvelli	86–87
	Direkta Þar sem flókin úrlausnarefni eiga heima	88
	Nesdekk Höfuðáhersla á þjónustu og góð vörumerki	89
	Hið íslenska bókmenntafélag Yrkja vildi eg jörð	90
	Svansson ehf. JANSEN landbúnaðartæki, bátar og björgunartæki	91
	Hempliving Evrópuvottaðar hampvörur og fræ	91
	Búvörudeild SS Þekking í þágu bænda	92–93
	Hýsi-Verkheimar ehf. Ánægður viðskiptavinur er góður viðskiptavinur	94
	Landbúnaðarháskóli Íslands Efling á sviði jarðræktarrannsókna	95
	Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins Fjölbreytt starfsemi hjá RML	96
	Bændasamtök Íslands Fjölbreytt verkefni hagsmundagæslunnar	97
	Icelandic Lamb Ótvíræður vilji neytenda	98



Snjallvæðing í landbúnaði frá Trimble

Snjallvæddu býlið þitt með GPS-búnaði frá Trimble



Ísmar ehf.

Síðumúla 28,

108 Reykjavík

Sími: 510 5100

Netfang:

ismar@ismar.is

Vefur: www.ismar.is

Mikil þróun hefur orðið á undanförunum árum í GPS-tækni fyrir landbúnað og hafa Trimble verið mjög framarlega á því sviði. Þessi tæki eru fyrst og fremst hugsuð til að auðvelda bæendum þeirra vinnu og ná hagræðingu í þeirra rekstri, hvort sem það er að ná niður áburðar- og olúkostnaði eða með því að tryggja að það sé verið að dreifa rétt á túnin. Þannig má ná hámarksuppskeru og auka hagnað.

Trimble er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með 40 ára sögu í landbúnaði og hefur alla tíð leitast við að smíða framúrskarandi vörur sem mæta kröfum bænda um ókomin ár.

Fullkominn búnaður á hagkvæmu verði

Í dag er hægt að fá fullkominn GPS-búnað frá Trimble á hagkvæmu verði. GFX-350 er nýtt tæki frá Trimble sem býður upp á marga möguleika; nota það sem hefðbundið leiðsögukerfi, tengja það við áburðardreifara eða annan búnað, stýrishjálpi eða notast við skýjalausnir til að sækja og vinna úr öllum þeim upplýsingum sem tækin skila frá sér.

Ísmar býður upp á fjölbreytt úrval af lausnum; allt frá einföldum leiðsögukerfum sem eru hugsuð fyrir þá sem þurfa ekki mestu nákvæmnina, til tækja sem hægt er að nota tæknina til að stjórna áburðardreifurum og fleiri tækjum sem þurfa að hafa möguleika á meiri nákvæmni.

Sjálfstýringar og stýrishjálpi

Sjálfstýringar og stýrishjálpi er búnaður sem hefur vakið mikinn áhuga, en er bara ein af mörgum lausnum sem eru í boði frá Trimble. Nákvæmni er lykilatriði fyrir allan búnað og þá sérstaklega sjálfstýringar. Ísmar rekur sitt



Hátæknibúnaður í landbúnaði.

eigið leiðréttingakerfi sem er kallað VRS sem er nauðsynlegt þegar verið er að skoða lausnir sem krefjast mestu mögulegrar nákvæmni – eins og sjálfstýringar.

Trimble Farmer core er hugbúnaður sem sækir allar upplýsingar úr tækjunum í gegnum skýið og auðveldar bæendum að komast í öll gögn. Með þessum lausnum er hægt að einfalda alla skráningu á áburðardreifingu, þar sem tækið skráir allt niður og mögulegt er að senda þessar upplýsingar beint úr tækjunum.

Einfaldleiki og skilvirkni með Farmer core

Einfaldleiki og skilvirkni er það sem maður fær strax í upphafi með Farmer core, kerfið tengir saman allan þann búnað sem þú ert með og kemur í veg fyrir mannleg mistök í skráningum. Aukin krafa um skráningar og skýrslugerð eru eitthvað sem þessi lausn vinnur sjálfkrafa fyrir bænda.

Búnaður frá Trimble er ekki háður neinum framleiðendum á tækjum svo menn geta nýtt hann í öll tæki og flestan aukabúnað eins og áburðardreifara. Sömuleiðis leggur Trimble mikla áherslu á að allur búnaður sé eins einfaldur og þægilegur í notkun og mögulegt er.



Ísmar hefur verið framúrskarandi fyrirtæki frá 2015 til 2020.

Skógur er verðbréf – skógrækt er fjárfesting



Skógræktin

Miðvangi 2-4,
700 Egilsstöðum

Sími: 470 2000

Netfang:

skogur@skogur.is

Vefur: www.skogur.is

Skógur gefur arð og með kolefnisverkefnum er nú í augsýn að ræktaður skógur geti gefið seljanlegar afurðir á aðeins fimm árum frá því að skógrækt hefst. Í þessu felast mikil tækifæri fyrir bændur.

Upphafskostnaður er einungis brot af því sem fjárfesting í skógrækt gefur í fyllingu tímans. Á hálfri mannsævi getur skógur skilað margfalt til baka því fjármagni sem í hann var varið. Í töflu 1 er dregið upp dæmi af íslensku skógræktarverkefni. Á því sést að skógrækt er ekki kostnaður. Skógrækt er fjárfesting. Skógrækt er í raun skuldabréf.

Hálfa mannsævi þarf þó ekki til

Nýr skógur fer fljótt að binda verulegt kolefni og binding er í hámarki í 20–40 ára skógi. Ranglega er stundum haldið fram að biða þurfi í 60 ár eftir bindingunni. Áratuga mælingar Skógræktarinnar sýna að meðalbinding á hverju ári í íslenskum ræktuðum skógi er um tíu tonn af CO² á hverjum hektara. Mynd 1 gefur hugmynd um hvenær búast má við mestri bindingu frá helstu trjátegundum við eðlileg skilyrði.

Fyrsta grisjun í skógi gefur seljanlegt efni sem greiðir fyrir a.m.k. hluta kostnaðar við grisjunina. Grisjun er mikilvæg ef markmiðið er að fá hágæðaefni úr skóginum síðar. Ef skógur er ræktaður til að búa til seljanlegar kolefniseiningar er hins vegar hægt að fá tekjur af skóginum miklu fyrr, eins og síðar er vikið að.

Hvað er kolefnisbinding?

Plöntur nýta orku sólarinnar til að ná sér í byggingarefni úr andrúmsloftinu. Kolefnið sem hleðst upp í trjánum geymist þar meðan trén standa og enn lengur ef við búum eitthvað til úr timbrinu. Timburhús er til dæmis langtímageymsla fyrir kolefni. Timbur sem hráefni eða eldsneyti í stað olíu, plasts, stáls, steinsteypu eða annarra mengandi efna kemur í veg fyrir mikla losun.



Áratuga mælingar á vexti íslenskra skóga hafa gefið áreiðanlegar upplýsingar um kolefnisbindingu skóga héraendis. Á grunni þessara gagna hefur Skógræktin þróað svokallaðan Skógarkolefnisreikni.


Ljósmynd: Pétur Halldórsson



Ár	Meðferð	Kostnaður	Tekjur	Nettó	Sagviður	Kurlviður	Eldiviður	CO ₂ -binding tonn á ha
0	Undirbúningur	38.000	0	-38.000	0	0	0	
0	Gróðursetning	245.805	0	-245.805	0	0	0	
0	Áburður	30.520	0	-30.520	0	0	0	
15	Snemmgrisjun	201.744	0	-201.744	0	0	0	14
27	Grisjun	55.323	24.075	-31.248	0	0	5	63
48	Lokahögg/uppskera	965.117	5.151.023	4.185.905	190	37	7	137

Skógræktin

Tafla 1. Dæmi um ræktunarlötu nytjaskógar. Tölurnar eiga við hvern hektara lands. Við arðsemisútreikningana er gerð krafa um 3% ávöxtun á fjárfestinguna. Meðalvöxtur á ári er 5,1 m³ á hektara. Árlegar tekjur af hverjum hektara eru 76.288 kr. Gögn úr IceForest: Lárus Heiðarsson.



Mynd 1. Í Skógarkolefnisreikni getur þú áætlað t.d. bindingu helstu nytjatrjategunda eftir því hvar borid er niður á landinu. Þessi mynd gefur hugmynd um bindingu helstu trjategunda ef gert er ráð fyrir að þær fari allar vel af stað og komist áfallalaust í vöxt. Mynd: Skógræktin.

Tækifæri fyrir bændur

Nytjar af skógi geta verið mjög margvíslegar og nýjasta viðbótin er kolefnisnytjar. Smám saman er að byggjast upp markaður fyrir kolefni. Sá sem vill verða kolefnishlutlaus þarf að gera tvennt, annars vegar að draga úr losun sinni eins og mögulegt er og hins vegar að binda kolefni á móti því sem hann getur ekki hætt að losa. Til er orðin ný markaðsvara, bundið kolefni.

Skógarkolefni er regluverk sem Skógræktin hefur mótað til að gera kleift að setja bundið kolefni fram á markaði sem seljanlega vöru. Sambærileg kerfi eru ýmist í þróun eða komin í notkun víða um heim, s.s. breska kerfið Woodland Carbon Code.

Og út á hvað gengur slíkt kerfi? Í einföldustu máli er ferillinn á þessa leið:

- Fjármagn lagt í nýskógræktarverkefni
- Gerður samningur við Skógarkolefni eða sambærilegt kerfi
- Gerð skógræktaráætlunar með áætlun um bindingu á samningstímanum
- Gerður samningur, verkefni skráð í löglega kolefnisskrá
- Skógrækt hefst
- Reglulegar úttektir sérfræðinga
- 5 ára skógur: fyrsta úttekt löggildrar vottunarstofu → einingar í bið verða til
- 10 ára skógur: aftur úttekt og vottun → einingar í bið breytast í fullgildar einingar
- Nú má nota einingar á móti losun til kolefnisjöfnunar
- Áfram skuldbinding um ræktun skógar og reglulega vottun þar til samningstíma lýkur

Í þessu liggja tækifæri fyrir bændur. Sumum bændum gæti hentað best að fjármagna skógræktina á eigin spýtur og eignast sjálfir allar kolefniseiningarnar með tímanum. Þá eru komin seljanleg verðmæti eftir 5 ár ef allt gengur að óskum og fyrsta vottunin fæst gefin út. Önnur leið er að einhver sem þarf að kolefnisjafna sig fjármagni skóginn og eignist allar kolefniseiningarnar en bóndinn skóginn. Þriðja leiðin er

einnig til skoðunar, að búinn verði til nýr flokkur samninga um opinber framlög til skógræktar á lögbýlum, kolefnissamningar. Opinbera framlagið til viðkomandi verkefnis yrði þá lægra en í hefðbundnum skógræktarsamningum við bændur en bóndinn legði sjálfur til það sem upp á vantaði. Bóndinn eignaðist þá kolefniseingar í hlutfalli við framlag sitt og gæti mögulega selt fyrstu einingarnar eftir fimm ár.

Hvað er vottun?

Nokkuð er á reiki meðal fólks hvað felist í vottun. Sömuleiðis er gjarnan farið frjálstlega með hugtakið kolefnisjöfnun. Engin kolefnisjöfnun er marktæk nema óháður aðili hafi vottað að sú binding hafi örugglega farið fram sem lofað var. Í vottun felst úttekt hlutlaus aðila á því hvort tilteknum reglum og ferli hafi verið fylgt.

ALPJÓÐLEG VOTTUN

regluverk → samningur/áætlun/ræktun → úttekt

Þegar skógur er ræktaður og skógræðingur eða annar sérfræðingur gerir úttekt á vexti hans og viðgangi er sagan ekki sögð. Sú úttekt nægir ekki til þess að bindingin í skóginum sé viðurkennd. Vottunina vantar. Alpjóðleg vottunarkerfi eru hugsuð sem óháð staðfesting á því að tiltekin ferli hafi farið fram samkvæmt þeim reglum og viðmiðum sem kveðið var á um í upphafi. Vottun á kolefnisbindingu í skógi felst þannig í því að sannreyna allt ferlið, allt frá því að efnt var til skógræktarverkefnis, áætlanir gerðar, ræktun hafin, úttektir gerðar og þar til að vottun kemur.

Hvað er ábyrg kolefnisjöfnun?

Við munum ekki komast upp með það miklu lengur að tala á óábyrgan hátt um kolefnisjöfnun eða lofa kolefnisjöfnun án þess að fyrir liggja vandað, vottað ferli. Sýna þarf fram á með öruggum hætti að kolefnisbindingin fari örugglega fram. Til þess er kerfisbundið fyrirkomulag úttekta og vottunar nauðsyn. Leiðinni að kolefnishlutleysi er lýst á mynd 2.

Áratuga mælingar á vexti íslenskra skóga hafa gefið áreiðanlegar upplýsingar um kolefnisbindingu skóga hérlendis. Á grunni þessara gagna hefur Skógræktin þróað svokallaðan Skógarkolefnisreikni þar sem hver sem er getur gert grófar spár um kolefnisbindingu mismunandi trjategunda á hvaða landsvæði sem er á Íslandi. Hugbúnaður sem kallast IceForest gerir líka kleift að útbúa líkön og spár um afurðir og fjárhagslegan ábata tiltekens skógræktarverkefnis til skemmri og lengri tíma.

Tölum ekki um skógrækt sem kostnað. Skógur er skuldabréf og skógrækt er fjárfesting sem skilar sér margföld til baka.



Þjónusta garðyrkjuna á breiðum grunni



Samhentir –
Kassagerð ehf.

Suðurhraun 4A,
210 Garðabæ

Sími: 575-8000

Netfang:
sala@samhentir.is

Vefur: www.samhentir.is

Frjó umbúðasalan rann árið 2016 inn í Samhenta við kaup félagsins á Frjó umbúðasölu og hafa Samhentir því verið starfandi með beinum hætti í þágu garðyrkju á Íslandi allt frá þeim tíma. Óhætt er að segja að eftir sem áður þjónusti Samhentir ræktendur með hvers konar umbúðir fyrir þeirra einstöku íslensku landbúnaðarafurðir.

Hjá Samhentum starfar reynslumikill hópur starfsmanna sem setur þjónustu, gæði og áreiðanleika efst á blað enda metnaðarmál að geta stutt við þróun og uppgang íslenskra garðyrkjubænda. Til að mæta þörfum ræktenda hvað best er þjónusta Samhentra fyrir garðyrkjuna á mjög breiðum grunni; eða allt frá fræjum til umbúðalausna fyrir afurðir. Það þýðir meðal annars fræ fyrir innirækt sem og útirækt, mold og allt sem henni tengist, sáðtappa og tilheyrandi, ræktunarílát, áburð, varnarefni, jarðvegsdúka og ábreiður, fjölnotakassa og síðast en ekki síst allar tegundir umbúða fyrir afurðina sjálfa. Svo má ekki gleyma að Samhentir hafa upp á að bjóða ýmsar lausnir fyrir golfvelli, knattspyrnuvelli og aðra grasvelli, fræ og ýmis varnarefni, svo dæmi séu tekin.



Starfshópur Samhentra sem stendur að garðyrkjuni; frá vinstri eru Matthías Sturluson (lagerþjónusta), fyrir miðju Páll Einarsson (sölumaður) og Aad Groeneweg (ráðgjafi).

„Við hjá Samhentum hugsum í lausnum og erum ávallt til þjónustu reiðubúin, bregðumst fljótt og vel við með okkar trausta samstarfsfólki. Þá eru okkar traustu birgjar að veita okkur fyrsta flokks afurðir og þjónustu enda þekkjja þeir orðið aðstæður til ræktunar á Íslandi býsna vel í gegnum árin enda flestir þeirra staðsettir í Norður-Evrópu. Við göngum því samhent til verks og horfum björtum augum á framtíðina með garðyrkjubændum með gildin okkar að leiðarljósi; áreiðanleiki, gæði og þjónusta,“ segir Páll Einarsson, sölumaður garðyrkjudeildar Samhentra.

Kalksalt

Takk fyrir okkur, kærur bændur



Nafn: Kalksalt ehf

Sími:
843 0077 / 848 2085

Netfang:
kalksalt@kalksalt.is

Vefur: kalksalt.is

Þegar við keyptum fyrirtækið Kalksalt ehf. 2019 þá óráði okkur ekki fyrir hversu hratt fyrirtækið myndi vaxa og hversu vel bændur myndu taka okkur. Vissulega trúum við, eins og margir, á gildi þess að kaupa innlenda vöru frekar en innflutta, en að finna svo áþreifanlega fyrir stuðningnum hefur verið ólýsanlegt. Ástæða þess að við keyptum Kalksalt ehf. er sú að okkur langaði að skapa okkur störf sem við gætum þróað sjálf.

Við ætluðum alltaf að verða sauðfjárbændur, með nokkur hross, hænur og endur. Kyr finnst okkur ágætar og mjólk-in best beint frá kúnni en kindurnar kölluðu hærra. Og ekki síst það að stunda atvinnu þar sem við gætum ráðið tíma okkar sjálf, þyrftum að treysta eigin hyggjuviti og haga vinnu í kringum það. Og allra helst að geta stuðlað að sjálfbærni og nota það sem landið gefur okkur.

Framleiðsla á bætiefnafötum

Enginn ræður sínum næturstað, eins og stundum er sagt, og kindurnar fóru í sína hinstu ferð á Hvammstanga. Og við fórum að framleiða bætiefnafötur. Fyrsta árið áttum við lítinn VW Caddy til að keyra út vörur. Hann fór þó nokkrar ferðir á rassgatinu um allt land því við viljum



Sæbjörg Freyja Gísladóttir og Eyvindur Atli Ásvaldsson eiga og reka Kalksalt á Flateyri.

fara til sem flestra bænda, sýna okkur og sjá aðra, hlusta og læra hvað bændur vilja. Og þó það sé kannski ekki sérlega gróðavænlegt að keyra með 1–2 fötur út í ystu sveitir þá er það samt bæði skemmtilegt og fróðlegt. Og bændur hafa launað okkur vel.

Kærur bændur, það er ykkur að þakka að allar vörur Kalksalts fást nú í Vélavali Varmahlíð, KM þjónustunni, Kaupfélaginu á Hvammstanga, Búvís, hjá Baldvin og Þorvaldi, Líflandi, Fóðurbloðunni, Sláturfélagi Suðurlands, hjá B. Sturlusyni, Bústólpa og Verkstæði Svans.

Takk!

Sæbjörg og Eyvindur, Kalksalti ehf. Flateyri.



Bílabúð Benna kynnti á dögnum átakið „Bílabúð Benna og Opel styðja rafbílavæðinguna“ en í því felst vegleg verðlækkun á nokkrum rafmagnsbílum.

Rótgróið frumkvöðlafyrirtæki



Bílabúð Benna


Krókhálsi 9,
110 Reykjavík
Sími: 590-200
Vefsíða: benni.is

Bílabúð Benna er 46 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki sem hefur boðið landsmönnum upp á þjónustu og vörur frá mörgum af þekktustu framleiðendum heims. Fyrirtækið rekur upphaf sitt til kappaksturs stofnandans Benedikts Eyjólfssonar, sem var sigursæll ökuþór á áttunda áratugnum og varð meðal annars Íslandsmeistari í torfæruakstri, kvartmílu og sandspyrnu.

Á fyrstu árunum hét fyrirtækið Vagnhjólíð en nafn þess breyttist fljótlega í Bílabúð Benna þar sem bílaáhugamenn töluðu jafnan um að fara „til Benna“ að ná í nýjasta dótið. Bílabúð Benna var sannkallað frumkvöðlafyrirtæki á sviði jeppabreytinga og breytti meðal annars bílum fyrir bandaríska herinn svo að þeir gætu tekist á við erfiðar aðstæður hér á landi.

Árið 1996 hóf Bílabúð Benna sölu á Musso-jeppunum frá suður-kóreska framleiðandanum SsangYong, sem margir þekkja, en hundruð þeirra eru enn á götum landsins, yfir 20 árum síðar. Þessi 50 ára gamli jeppaframleiðandi hefur síðan tekið miklum stakkaskiptum og eru nú Jeppi ársins, SsangYong Rexton, sem og alvöru fjórhjóladrifnu jepplingarnir Korando og Tivoli búnir að margsanna sig við íslenskar aðstæður.

Árið 1998 tók fyrirtækið svo við sölu á suður-kóresku bílunum frá Daewoo og seldust þeir í bátsformum á árunum fyrir aldamót, enda eiga eflaust margir sætar minningar úr bílstjórasetinu í þessum skemmtilegu bílum. Á svipuðum tíma tók Bílabúð Benna við umboði fyrir Porsche, sem hafði þá í huga að framleiða ofur-jeppann Cayenne. Tölu margir að óðs manns æði væri að opna umboð þessara frægu sportbíla á Íslandi en síðan hefur Porsche á Íslandi orðið eitt af söluhæstu löndum heims, ef miðað er við hina víðfrægu höfðatölu. Stuttu síðar hafði fyrirtækið tekið yfir umboð fyrir Chevrolet-bíla, sem höfðu ekki verið seldir á Íslandi í langan tíma. Óhætt er að segja að Íslendingar



Bílabúð Benna er fjölskyldufyrirtæki sem á rætur að rekja til yfir 40 ára sögu.



Fjórhjóladrifni jepplingurinn Korando hefur margsannað sig við íslenskar aðstæður.

hafi tekið Chevrolet-bifriðunum fagnandi, enda var á tíma um tíundi hver bíll sem seldur var hér á landi af merkjum Chevrolet. Árið 2016 tók svo Bílabúð Benna við merkjum Opel á Íslandi og náðu þeir fljótt þó nokkrum vinsældum, ekki síst rafmagnsbíllinn Opel Ampera, sem hefur staðið sig vel í vetrarhörkunni hér á Fróni.

Margar nýjungar eru á döfnni frá framleiðendum Bílabúðar Benna en þar má helst nefna rafmagnsbíllinn Opel Mokka, sem mjög margir bíða spenntir eftir, enda einn myndarlegasti borgarjepplingurinn á markaðinum en forsale á honum er hafin. Jafnframt er á leiðinni sportjeppa-útgáfa af ofurrafmagnsbílunum Porsche Taycan, sem mun bæta enn frekar við notagildið á þessum ótrúlega bíl.

Bílabúð Benna kynnti á dögnum átakið „Bílabúð Benna og Opel styðja rafbílavæðinguna“ en í því felst vegleg verðlækkun á rafmagnsbílunum Opel Corsa og Opel Mokka ásamt Plug-in Hybrid bílum Opel Grandland. Með þessu vill Bílabúð Benna bjóða upp á fleiri kosti á hóflegu verði sem neytendur geta nýtt sér til að taka stökkið og fá sér rafvæddan bíl.

Söluaðilar Opel og SsangYong eru Bílaríki á Akureyri, Bílasala Suðurnesja í Reykjanesbæ og IB Bílar á Selfossi en þar starfa fagmenn fram í fingurgóma sem geta ráðlagt kaupendum með þá fararskjóta sem best henta hverjum og einum.



Olga Mörk Valsdóttir verksmiðjustjóri SS á Hvolsvelli.

Ný steikingar- og eldunarlína tekin í notkun hjá SS Hvolsvelli



Sláturfélag
Suðurlands

Ormsvellir 8,
860 Hvolsvöllur

Sími: 5756060

Netfang: ss@ss.is

Vefur: www.ss.is

Nýverið tók Sláturfélag Suðurlands (SS) í gagnið nýja og fullkomna steikingar- og eldunarlínu í matvælavinnslu sinni á Hvolsvelli. Línan er sú lang fullkonnasta í landinu.

Steikingarlínan er í raun fjölnota vinnslulína sem inniheldur formara sem getur búið til jafnt hamborgara og alls konar gerðir af bollum og mótaðri vöru. Svo tekur við raspúnaður, deigpottur, steikingarpottur, þurrsteikingarofn og spiralfrystir.

Þess má geta að vörur sem eru steiktar upp úr olíu eru nú minni tíma í olíunni, því þær fara einungis stutta stund í steikingarpottinn og eru síðan eldaðar áfram í þurrsteikingarofni, þannig að þær draga minni olíu í sig og verða hollari fyrir vikið.

Nýttist til framleiðslu á ýmsum vörum

Línan nýttist til framleiðslu á ýmsum vörum. Vörur sem fara í gegnum steikingarlínuna eru meðal annars forsteiktar kjötbollur, hakkabuff og fiskibollur. Raspaðar vörur eins og snitsel. Einnig kjúklingur, grænmetisbollur (falafel bollur) og fiskur í orlydeigi.

Að sögn Steinþórs Skúlasonar, forstjóra hjá SS, var stórt verkefni að koma steikingarlínunni fyrir í verksmiðjunni, sem kallaði á góða skipulagningu.

„Það þurfti meðal annars að koma fyrir nýrri spennustöð sérstaklega fyrir línuna og byggja við núverandi húsnæði.



Kjötbollur á fleygiferð í framleiðslunni.



Kjúklingasnítsel á leið í þurrsteikingarofninn.

Einnig þurfti að gera stórt gat á vegg vinnslunnar til að koma stærstu einingunum inn.

Reynt var að framkvæma eins mikið og hægt var án þess að það hefði áhrif á vinnsluna, en að lokum þurfti að

stoppa framleiðslu á vörum sem fóru í gegnum gömlu steikingarlínuna í um tvo mánuði þannig að hægt væri að koma þeirri nýju fyrir. Því þurfti að framleiða aukalega á lager til að ná að afgreiða vörur yfir það tímabil,“ segir Steinþór.

Meiri hraði, minni orkunotkun

Steinþór segir að með nýju steikingarlínunni fari vörur hraðar í gegnum steikingarlínuna en áður og með minni orku á kíló af framleiddri vöru, en það sé í samræmi við umhverfisstefnu SS.

„Meiri sjálfvirkni og tölvustýrt uppskriftakerfi eykur stöðugleika í framleiðslunni og auðveldar það að gera meira magn í einu. Afköst framleiðslulínunnar eru allt að 600 kg á klukkustund.

Í lokin fara vörurnar beint í gegnum spirálfrysti sem frystir vörurnar hraðar og skilar betri vöru og minnkar rýrnun.

Kælimiðillinn í frystinum er kolsýra sem þykir umhverfisvænni kostur en freon sem víða er notað.

Eftirspurn eftir fülleiddum og tilbúnum vörum í háum gæðum hefur aukist undanfarin ár og því mun þessi nýja steikingarlína hjálpa til við að anna þessari auknu eftirspurn.“

Nýir fullkomnir heitreykingarofnar

Um mitt síðasta ár endurnýjaði SS alla þrjá heitreykingarofnana í pylsugerð með nýjum tækjum sem eru með sambyggðum hraðkæli og gegnumstreymi þar sem hrá vara fer inn öðrum megin og tilbúin vara út hinum megin til að aðskilja hráar og soðnar vörur.

Ávinningurinn af slíkum sambyggðum tækjum af þessum toga eru að sögn Steinþórs margvíslegur.



Vínarpylsur á leið í heitreykingarofninn.

„Þannig tekst að tryggja gæði með því að kæling hefst um leið og reykingu er lokið og draga jafnframt úr orkunotkun í samræmi við stefnu félagsins í umhverfismálum.

SS er leiðandi í sölu á hágæða pylsum og er SS vínarpylsan, „Þessi eina sanna“, þekktasta varan.

Fagmenn SS hafa skapað sér mjög gott orð með frábærum árangri í fagkeppnum kjötiðnaðarins og sú fagmennska ásamt fullkomnasta tækjabúnaði og úrvals hráefni er lykillinn að afburðavörum á markaði.“

Orkugerðin ehf. er hluti af umhverfisstefnu SS

SS leggur mikla áherslu á umhverfismál og að starfsemi félagsins hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið. Steft er að fullnýtingu afurða þannig að gera megi allar afurðir að verðmætum eða koma þeim í endurnýjanlegan farveg sem skapar hringrás efna og dregur úr sóun og kolefnisspori framleiðslunnar. Sjúkdómavarnir setja takmarkanir á endurnýtingu nokkurra afurða en steft er að 85–90 prósentu nýtingarhlutfalli.

„Grundvallaratriði í frábærum árangri SS á þessu sviði er stór eignarhluti SS í fyrirtækinu Orkugerðinni ehf., sem er eina fyrirtækið sinnar tegundar í landinu. Orkugerðin er fyrirtæki sem tekur við lífrænum úrgangi frá sláturstöð SS á Selfossi, frá Matvælavinnslu SS á Hvolsvelli og frá dótturfélagi SS, Reykjagarði.

Orkugerðin skapar verðmæt afurðir úr um 4.000 tonn-um af lífrænum úrgangi á ári, sem verður að lífrænni fitu og kjötmjöli.

Nýr og fullkominn búnaður tryggir hámarks orkunýtingu. Allt framleiðsluferlið er tölvustýrt.

Framleidd eru um 800 tonn af kjötmjöli en kjötmjölið hefur verið notað með mjög góðum árangri til uppgræðslu lands hjá Landgræðslunni, Hekluskögum og fleiri aðilum.

Um 400 tonn af fitu eru framleidd á ári. Fitan er hreinsuð og geymd á tönkum og hefur verið notuð með tvennum hætti. Annars vegar er verksmiðja Orkugerðarinnar keyrð með eigin fitu sem eldsneyti sem lágmarkar kolefnisspor framleiðslunnar. Hins vegar er hluti fitunnar seldur úr landi þar sem hún er notuð til framleiðslu á lífdísel-eldsneyti og stuðlar því að minna kolefnisspori í öðrum löndum,“ segir Steinþór að lokum.



Ostapylsur og Pylsur fagmannsins eru vinsælar grillpylsur og fara í nýju heitreykingarofnana.



Sigríður Anna Ellerup, Ásta Sólveig Andrésdóttir og Bryndís Bachmann lögfræðingar hjá lögfræði og ráðgjafarþjónustunni Direkta.

Mynd / Ingimar Igimarrsson.

Direkta lögfræðiþjónusta og ráðgjöf:

Þar sem flókin úrlausnarefni eiga heima



Direkta

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Direkta
lögfræðiþjónusta sf.

Bæjarhraun 22,
220 Hafnarfjörður

Sími: 571 8600

Netfang:
direkta@direkta.is

Vefur:
www.direkta.is

Lögfræði og ráðgjafarþjónustan Direkta sérhæfir sig í fasteignarétti og býður meðal annars þjónustu sem snýr að skráningu jarða, landamerkja og skiptingu lands.

Direkta lögfræðiþjónusta og ráðgjöf tók til starfa í upphafi árs 2016 og hefur frá upphafi sérhæft sig í fasteignarétti. Eigendur Direktu eru lögfræðingarnir Ásta Sólveig Andrésdóttir, Sigríður Anna Ellerup og Bryndís Bachmann. Þær stöllur hafa áratuga reynslu á sviði fasteignaréttar og hafa m.a. starfað hjá Þjóðskrá Íslands á fasteignaskrársviði og hjá sýslumannsembættum, auk stundakennslu í Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands. Fyrirtækið sinnir einnig málum á öðrum réttarsviðum og leggur mikið upp úr því að veita vandaða, persónulega og lausnamiðaða þjónustu.

Dæmi um mál sem Direkta sinnir er lögfræðileg ráðgjöf varðandi skráningu lóða og jarða, nýskráningu og samruna fasteigna, þinglýsingar, fasteignamat, brunabótamat, landamerki, landskipti, stærðarskráningu og skipulag. Einnig annast Direkta margvíslega skjálagerð sem tengist ofangreindu, sem og gerð eignaskiptayfirlýsinga.

Direkta býður upp á aðstoð og ráðgjöf fyrir einstaklinga, sveitarfélög, stofnanir, lögmenn, fasteignasala, verkfræðistofur og fyrirtæki um allt land og hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt frá stofnun og er greinilegt að þörf er fyrir þjónustu af þessu tagi.

Direkta hefur meðal annars sérhæft sig í ráðgjöf varðandi skráningu landamerkja og uppskiptingu jarða og annarra fasteigna. Slík mál eru flókin og eiga það til að dragast á langinn og flækjast í kerfinu. Aðkoma Direktu snýr meðal annars að því að fylgja málunum eftir hjá stjórnvöldum og útbúa þau skjöl sem nauðsynleg eru þannig að þau uppfylli allar lagalegar kröfur. Fyrirtækið vinnur í góðu samstarfi við ýmsa sérfræðinga, til að mynda landmælingamenn og opinbera aðila sem að þessum málum koma.

Ásta Sólveig Andrésdóttir, einn af eigendum Direktu, segir að þrátt fyrir að fyrirtækið sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu sinni það verkefnum um allt land. „Við förum talsvert í heimsóknir vítt og breitt um landið og hittum samstarfsfólk og viðskiptavinum og satt best að segja er það einn skemmtilegasti hluti starfsins. Enda oft mjög gagnlegt að fara á staðinn sem verið er að vinna með og skoða aðstæður með þeim sem best þekkja til.“



Það skiptir miklu máli að velja réttu dekkinn fyrir réttar aðstæður en Nesdekk bjóða upp á breiða línu hjólbarða frá þekktustu framleiðendum í heimi.

Höfuðáhersla á þjónustu og góð vörumerki



Sjáðu úrvalið á nesdekk.is

Nesdekk

Sími: 561-4200

Netfang:

nesdekk@nesdekk.is

Vefsíða: nesdekk.is

Nesdekk hefur í yfir 20 ár þjónustað landsmenn með dekk- og smurþjónustu og má með sannri segja að fyrirtækið sé orðið leiðandi á dekkjamarkaðinum á Íslandi. Fyrirtækið þjónustar öll helstu atvinnu- og landbúnaðartæki.

Nesdekk er fjölskyldufyrirtæki sem á rætur að rekja til yfir 40 ára sögu með áherslu á persónulega þjónustu, bestu fáanlegu vörumerki og höfsemi og skynsemi í vexti. „Stigandi lukka er allaf best og þóssum við upp á að eiga alltaf fyrir því sem við byggjum upp,“ segir Ólafur Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekkja.

Nesdekk-verkstæðin eru nú sex talsins, þar af fjögur á höfuðborgarsvæðinu, eitt í Reykjanesbæ og eitt á Akureyri. „Þessu til viðbótar erum við nú komin með yfir 80 endursöluaðila um land allt þannig að allir ættu að geta fundið þjónustuaðila í sinni heimabyggð. Við beitungum okkur fyrir því að dekk berist eins fljótt og mögulegt er þannig að viðskiptavinir eiga ekki að þurfa að bíða lengi eftir dekkjunum sínum,“ segir Ólafur.

„Á síðasta ári opnuðum við svo fyrir vefverslun á heimasíðunni okkar, nesdekk.is, þar sem neytendur geta á einfaldan hátt séð allt úrvalið fyrir þeirra bíla og auðveldlega pantað dekk heim að dyrum.“ Mjög mikið úrval er í boði og auðvelt er að bera saman dekk og verð.

Öll hjólbarðaverkstæði Nesdekkja eiga það sameiginlegt að veita bílaeigendum fyrsta flokks þjónustu. Þar finna bílaeigendur sömuleiðis einhverja breiðustu línu af hjólbörðum sem völ er á. Að sögn Ólafs er það viðurkennd staðreynd að dekkinn hafa heilmikið að segja um aksturseiginleika bílsins og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra. „Þess vegna skiptir miklu máli að velja réttu dekkinn fyrir réttar aðstæður og fyrir farartækið þitt. Við kappkostum að hjá Nesdekkjum



Verkstæði Nesdekkja eru nú sex talsins í Reykjavík, Garðabæ, Reykjanesbæ og á Akureyri. Hér má sjá húsnæði fyrirtækisins á Akureyri.



Heimasíðan nesdekk.is var opnuð á síðasta ári.

séu fagmenn að störfum sem geti veitt bestu ráðgjöf við dekkjaval og þjónustu sem völ er á. Viðskiptavinirnir geta treyst okkar mönnum fyrir bílum sínum og atvinnutækjunum þegar dekkinn eru annars vegar.“

Hjá Nesdekkjum finnur þú hjólbarða frá einhverjum þekktustu framleiðendum í heimi. Má þar nefna Toyo, Pirelli, Laufenn, Maxis, Mastercraft, Nangkang, GT radial og Interstate. Jafnframt miklu úrvali af dekkjum undir fólksbíla hefur Nesdekk lagt mikinn metnað í að bjóða upp á vörubíladekk af breiðu úrvali og miklum gæðum frá framleiðendum Pirelli, Laufenn og Doublecoin.



Yrkja vildi eg jörð, Íslenskir sláttuhættir og Íslenskir heyskaparhættir.

Yrkja vildi eg jörð



Hið íslenska
bókmenntafélag

Hagatorgi 7, Reykjavík

Sími: 588 9060

Netfang: hib@hib.is

Vefur: hib.is

Bjarni Guðmundsson, áður prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur í fjölda ára vindað að sér þekkingu um búskaparhætti sem snúa að ræktun og fóðuröflun á Íslandi. Hið íslenska bókmenntafélag hefur haft veg og vanda að útgáfu þriggja binda verks, Yrkja vildi eg jörð, Íslenskir sláttuhættir og Íslenskir heyskaparhættir, sem er afrakstur þessarar vinnu.

„Búskapur er heyskapur“ sagði máltækið. Í aldanna rás var fóðuröflun fyrir búféð ein mikilvægasta undirstaða lífs fólksins í landinu. Í þessu þriggja binda ritverki er í máli og myndum fjallað um ræktun túna og engja, sláttinn svo og verkun og geymslu heys, allt frá fornu fari og fram undir lok tuttugustu aldar.

Efni bókana er byggt á rannsóknum höfundar á rituðum og munnlegum heimildum, meðal annars í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands og gögnum úr innlendum búnaðarrannsóknum og tilraunum, einkum á sviði verkhatta og notkunar ræktunar- og heyskaparvéla. Þá eru einnig rakin dæmi um það hvernig erlend þekking og verkhattir við ræktun og heyskap hafa verið felldir að íslenskum aðstæðum, hvað snerti búskaparhefðir og náttúrufar, en líka dæmi um það hvernig erlend verkþekking barst til landsins og breiddist út um sveitir.

Í liprum texta og miklum fjölda ljósmynda, svo og með skýringarteikningum og tilvísunum í helstu heimildir, gefa bækurnar þrjár einstakt yfirlit yfir sögu og þróun íslenskra verkhatta við fóðuröflun – vinnubrögð og tækni



Bjarni Guðmundsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

– allt frá ræktun og umönnun engja og túna og þar til fóðrið var tilbúið til gjafa að vetri.

Bækurnar eru gefnar út með atbeina og til stuðnings Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri.

JANSEN landbúnaðartæki, bátar og björgunartæki

Svansson ehf

Svansson ehf.

Sími: 697-4900

Netfang:
sala@svansson.is

Vefur:
www.svansson.is

Facebook:
Svansson ehf. –
Björgunartæki og
búnaður til sölu

Svansson ehf. er vefverslun sem var stofnuð 8. nóvember 2006, en hún selur báta, bátavörur, landbúnaðarvörur, björgunartæki og margt fleira.

Áð sögn Sigurðar Svanssonar, sem á og rekur verslunina, tókst naumlega að halda lífi í starfseminni fyrstu árin eftir fjármálahrunið 2008. „Við lifðum þetta af en þessi fyrstu ár voru mjög erfið,“ segir hann. „Í dag erum við nánast eingöngu netverslun, en veitum samt persónulega og góða þjónustu.“

Svansson ehf. er fjölskyldufyrirtæki, í eigu hjónanna Sigurðar Svanssonar rafiðnaðarmanns og Ólafar Eðvarðsdóttur framreiðslumeistara. Þau leggja metnað í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og að selja góða vöru á góðu verði – þau þjónusta vörur sínar sjálf.

JANSEN landbúnaðarvörur

Á meðal þess sem Svansson selur eru bátar af ýmsum stærðum og gerðum, björgunartæki, ýmsar bátavörur, landbúnaðartæki, hillukerfi í bíla og bílskúra, ryksugur, eldstæði, blómastæði, samskiptabúnaður, blikkljós, ljósa-búnaður, rafmótorar í báta og fleira.



GEMINI WR650 björgunarbátur á leið til Björgunarsveitarinnar Vopna á Vopnafirði.

Á dögum fékk verslunin til landsins fyrsta GEMINI WR650 björgunarbát, sem verið er að standsetja, en hann keypti Björgunarsveitin Vopni á Vopnafirði. Einnig var fyrirtækið að panta sitt fyrsta RESCUE RUNNER björgunartæki fyrir sömu björgunarsveit.

Landbúnaðartækin sem Svansson selur koma frá Þýskalandi og bera merkið JANSEN og hafa verið í sölu frá 2015. Reynslan af þeim er mjög góð. Meðal JANSEN-tækja eru ruddasláttuvélar, smágröf, trjákurllarar, rafskutlur, liðléttingar og fleira.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.svansson.is.

Hempliving

Evrópuvott- aðar hamp- vörur og fræ



Hemp Living

Sími: 898 9097

Netfang:
info@hempliving.is

Vefur:
www.hempliving.is

Hempliving.is er vefverslun sem býður upp á mesta úrval af hamp og CBD vörum á Íslandi. Hempliving.is er rekið af Ozon ehf. sem er fjölskyldufyrirtæki stofnað 1985.

Sigurður Hólmar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Hemp Living á Íslandi, segir að helstu vöruflokkar sem fyrirtækið bjóði upp á séu snyrtivörur, verkjakrem, baðvörur, smyrsl og lækningavörur frá tólf framleiðendum, eins og Cibdol, Elixinol, Endoca, Nordic Oil og CiiTech. „Allar vörurnar eru framleiddar úr vottuðum evrópskum hampi og við leggjum mikla áherslu á gæði og að vörurnar séu lífrænar og vegan.“



Sýnishorn af vörum Hempliving.

Hemp Living vörumerkið er einnig með vefverslanir í Svíþjóð, hempliving.se, og á meginlandi Evrópu, hempliving.eu, en þær vefsíður eru reknar af Cammiro AB í Svíþjóð.

Hempliving.is býður einnig upp á hampfræ til ræktunar og eru öll yrkin Evrópuvottuð. Fræin sem verða í boði í ár eru Kombolti, Finola, Earlina og Futura.

Hægt er að forpanta fræ á hempliving.is en fræin koma til landsins í mars/apríl.



Búvörudeild SS leggur mikinn metnað í að veita bændum faglega og góða þjónustu til að ná enn betri árangri.

Þekking í þágu bændna



**Sláturfélag
Suðurlands svf.**

Fossháls 1,
110 Reykjavík

Sími: 575-6000

Netfang: ss@ss.is

Vefsíður:
www.yara.is
www.buvorur.is
www.ss.is

Árið 2017 stóð búvörudeild SS fyrst fyrir gróffóðurkeppni Yara á Íslandi, en hugmyndin kom frá Yara í Noregi. Markmið keppinnar er að hvetja bændur til að framleiða úrvals gróffóður í magni og gæðum.

Ár hvert eru valdir sex bændur til þátttöku í keppninni. Tveir á Suðurlandi, tveir á Norðurlandi, einn á Austurlandi og einn á Vesturlandi. „Allir þátttakendur eiga það sameiginlegt að kaupa Yara áburð og hafa einnig sýnt metnað og góðan árangur í sinni gróffóðuröflun,“ segir Margrét Ósk Ingjaldsdóttir hjá búvörudeild SS.

Reglur keppinnar

Hver þátttakandi velur eina spildu á jörð sinni sem er á 2. eða 3. ári, þó er heimilt að nota eldri spildu en hefur það einkum komið til ef bændur hafa lent í kali. Gæði gróffóðursins er metin með heysýnum þar sem horft er m.a. í orku, prótein og steinefni. Auk þess er uppskerumagn áætlað út frá fjölda og þyngd rúlla.

Bændur ráða hve oft þeir slá spilduna. Eftir hvern slátt eru fimm rúllur valdar af handahófi, þær vigtaðar og tekið heysýni sem starfsmenn búvörudeildar SS sjá um. Í ár voru að auki tekin jarðvegssýni hjá þeim sem þess óskuðu. Ef borinn er skítur á keppnisspilduna er tekið skítasýni. Þannig fást upplýsingar um heildaráburðargjöf úr tilbúnum áburði og búfjáráburði.




Mikilvægt er að auka gæði og magn gróffóðurs þar sem gróffóðuröflun er eitt af lykilatriðum í búskapnum.

Stigagjöf


Gefin eru að hámarki 22 stig á hvern slátt fyrir gæði gróffóðurs. Fyrir uppskeru eru gefin 11 stig fyrir hvern slátt en til þess að fá stig fyrir uppskeru þarf uppskeran að vera meiri en 3.500 kg þe/ha í fyrri slætti og meira en 2.500 kg þe/ha í öðrum og þriðja slætti.

Hámarka uppskeru fyrir hvern ha

„Mikilvægt er að auka gæði og magn gróffóðurs þar sem gróffóðuröflun er eitt af lykilatriðum í búskapnum. Með



Bláu súlurnar er 1. sláttur, appelsínugulu súlurnar er 2. sláttur og gráu súlurnar er 3. sláttur. Myndin sýnir samanburð á heildaruppskeru í kg þe./ha allra þátttakenda í gróffóðurkeppni Yara frá 2017–2020. Meðaltalið er 6.785 kg þe./ha. Munurinn á neðsta og efsta er 6.387 kg þe./ha. Það eru því mörg tækifæri fólgin í því að auka uppskeruna.



Ár hvert eru sex bændur valdir til þátttöku í gróffóðurkeppni Yara.

gróffóðurkeppni Yara vill bívörudeild SS undirstrika mikilvægi þess að láta greina heysýni og ekki síður að bændur meti uppskeru túna með markvissari hætti eins og að vigta rúllur. Rúllufjöldinn segir ekki allt um magn fóðurs fyrir hvern ha heldur hvað er í rúllunum og hvað þær veða,“ segir Margrét Ósk.

Nákvæmnisbúskapur

Mikill breytileiki er á uppskerumagni milli búa, sem skýrist af ýmsum þáttum eins og veðurfari, frjósemi jarðvegs og bústjórn. „Mikilvægt er að hafa nákvæmar upplýsingar um stöðuna, þ.e.a.s. heysýni, jarðvegssýni,



Allir þátttakendur eiga það sameiginlegt að kaupa Yara áburð.

skítasýni og vegið uppskerumagn. Út frá þessum niðurstöðum er hægt að gera nákvæma áburðar- og kalkáætlun. Við stjórnun ekki veðurfarinu, sem er stór áhrifaþáttur grasvaxtar á hverju ári. Hins vegar eru margir þættir sem hægt er að stjórna ef réttra upplýsinga er aflað og þær nýttar markvisst í bústjórn,“ segir Margrét Ósk enn fremur.

Eigum mikið inni

Keppendur gróffóðurkeppni Yara árið 2021 verða kynntir í Bændablaðinu og á vefmiðlum bívörudeilda SS.

„Gróffóðurkeppnin hefur sýnt okkur hvað við eigum mikið inni til að gera betur þegar kemur að gróffóðuröflun. Bívörudeild SS leggur því mikinn metnað í að veita bændum faglega og góða þjónustu til að ná enn betri árangri,“ segir Margrét Ósk.

Ánægður viðskiptavinur er góður viðskiptavinur



Hýsi-Verkheimar ehf.

Smíðjuvegur 44-46,
200 Kópavogur
Sími: 497 2700

Vefur: www.hysi.is

Hýsi sérhæfir sig í lausnum í byggingariðnaðinum og hefur undanfarin 15 ár boðið upp á forsmíðaðar byggingar, s.s. bogahýsi, gámabyggingar, límtré- eða CLT byggingar og stálgrindarhús. Jafnframt selur Hýsi girðingar, Gabion vírkröfur, öryggisslár og fleira þess háttar.

Dagur Indriðason, framkvæmdastjóri Hýsis, segir að fyrirtækið hafi um árabil selt bændum bæði stór og smá bogahýsi, ásamt límtrébyggingum og stálgrindarhúsum. „Við höfum einnig verið ferðaþjónustunni innan handar með Trimo húseiningar, sem eru notaðar af bæði litlum gistieiningum og stórum hótélum. Fyrirtækið byggir á margra ára reynslu og að starfsmenn þess hafa árum saman starfað við innflutning, sölu og ráðgjöf í byggingariðnaði. Sem er hvort tveggja í senn krefjandi en jafnframt mjög svo spennandi markaður og okkar markmið er gagnkvæmt traust og virðing og að þjóna okkar viðskiptavinum í hvívetna.“



Dagur Indriðason, framkvæmdastjóri Hýsis, er alinn upp í sveit og menntaður í bú- og viðskiptafræði.

Sölumenn og tæknimenn eru til taks, skrafs og ráðagerðar fyrir viðskiptavini sem hafa í hyggju að ráðast í húsbyggingar og finna lausnir sem henta hverjum og einum. Þeir veita aðstoð við að finna ýmsar lausnir fyrir burðarvirki, klæðningar, deililausnir, aðgangsstýringar, öryggismál, eldvarnir og annað sem fellur til.

Hýsi er í meirihlutaeigu Iðnvéla og Innvals en er rekið sem sjálfstæð eining.



Efling á sviði jarðræktar-rannsókna



Landbúnaðarháskóli Íslands

Hvanneyri/Reykir/
Keldnaholt

Sími: 433 5000

Netfang: Lbhi@lbhi.is

Vefur: www.lbhi.is

Facebook: [@lbhi.is](https://www.facebook.com/lbhi.is)

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að stórefla aðstöðu Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) til jarðræktartilrauna með kaupum á nákvæmum vélbúnaði og má í því sambandi nefna frætalingarvél, borðþreskivél, reitaáburðardreifara, reitasáningarvél, reitaþreskivél og reitasláttuvél, sem leysir af hendi tímafreka vinnu sem áður var að miklu leyti handunnin.

Góð aðstaða og afkastamikill tækjabúnaður á tilraunastöð er grunnur undir tilraunir af þessu tagi og önnur fræðistörf vísindamanna LbhÍ, og ekki síður grunnur undir fræðastarf skólans, sem æðri menntastofnunar.

Ræktun og fæða

Starfsemi Jarðræktarmiðstöðvar heyrir undir fagdeild Ræktunar og fæðu en undir henni heyrir starfsmenntanámsbrautir á sviði búfræði og garðyrkju auk brauta á grunn- og framhaldsnámsstigi í búvísindum og hestafræði. Einnig hýsir deildin rannsóknastarfsemi í tengdum faggreinum.

Í nýttkominni skýrslu Landbúnaðarháskólans fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um fæðuöryggi á Íslandi kemur m.a. fram að tækifæri liggja í því að efla jarðrækt og sérstaklega framleiðslu á korni. Það á við bæði sem fóður fyrir búfé og til mannelis. Einnig kom fram að efla mætti útiræktun grænmetis ásamt því að efla innlenda áburðarframleiðslu með bættri nýtingu hráefna.

Fjölbreytt tilraunaverkefni að hefjast og ný jarðræktarmiðstöð á teikniborðinu

Jarðræktarmiðstöð skólans hefur byggt upp aðstöðu á Hvanneyri og stendur til að efla hana enn frekar með nýtingu arfs Magnúsar Óskarssonar. Þar stendur til að reisa nýja byggingu yfir starfseminu sem nýtist til rannsókna og kennslu, ásamt því að hýsa véla- og tækjakost Jarðræktarmiðstöðvar. Undirbúningur er í fullum gangi og er vonast til að framkvæmdir geti hafist strax í haust.

Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri segir að allnokkur verkefni séu að hefjast á næstunni. Má þar nefna verkefnið Staðbundin nýting hráefna í áburð – heildstæð nálgun að hringrásarhagkerfi. Þar er Landbúnaðarháskólinn samstarfsaðili ásamt Mátis, Atmonia, Landgræðslunni, Landsvirkjun og Hafró. Hlutur LbhÍ lýtur að þróun lífræns áburðar úr ýmsum hráefnum og nýtingu hans ásamt því að prófa tilbúinn nituráburð framleiddum með nýjum aðferðum Atmonia og verður unnið á Jarðræktarmiðstöð LbhÍ á Hvanneyri.



Tilraunaþresking á Hvanneyri við Ásgarð síðasta haust.



Jónína Svavarsdóttir, sérfræðingur við Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands, við uppskerustörf. Myndir / LbhÍ

Rannsóknir og kynbætur á höfrum til mannelis

Verkefnið Mannakorn sem snýr að rannsóknum og kynbótum á höfrum til mannelis mun hefjast í ár.

Þar er lagt af stað með verkefni sem hefur það að markmiði að efla nýjan geira innan kornræktarinnar með því að bera kennsl á bestu hafrayrkin með tilliti til ræktunar og gæða. Lagður er grunnur að því að hefja markvissar kynbætur á höfrum fyrir íslenskar aðstæður.

Einnig hlaust styrkur til verkefnisins Orkujurt – bætt tækni til olíuræktunar. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa bættu ræktunartækni fyrir olíurepju á Íslandi. Verkefnið mun meta áhrif mismunandi sáðskammta í samspili við mismunandi áburðarskammta á lifun og uppskeru olíurepju, bændum til hagnýtingar.

Að auki eru frekari verkefni í undirbúningi, eins og yrkja-prófanir, kornkynbætur, áburðar- og sláttutímatilraunir, til að nefna nokkur dæmi, fáist fjármagn fyrir þeim rannsóknum.

Nýr verkefnastjóri í jarðrækt

Í byrjun ársins 2021 var ráðinn nýr verkefnastjóri í jarðrækt, Friederike Danneil. Hún er með doktorsgráðu í verkfræði frá Tækniháskólanum í Karlsruhe. Undanfarin sex ár hefur hún unnið sem sérfræðingur hjá KTE (Kern-technische Entsorgung Karlsruhe GmbH) sem sérhæfir sig í frágangi og förgun á kjarnorkuúrgangi. Þar á undan starfaði hún sem aðstoðarmaður rektors Tækniháskólans í Karlsruhe, KIT. Friederike vill leggja sitt af mörkum hvað varðar sjálfbæran landbúnað á Íslandi, bæði með vistræðilegri sem og efnahagslegri nálgun, ásamt því að vinna með sjálfbæra matvælaframleiðslu, eina af grunnstöðum samfélags okkar.

Fylgist nánar með starfsemi Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ á Facebook ([@akuryrkja](https://www.facebook.com/akuryrkja)).

Fjölbreytt starfsemi hjá RML



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Sími: 516 5000

Netfang: rml@rml.is

Vefsíða: www.rml.is

RML er ráðgjafarfyrtæki í eigu Bændasamtaka Íslands og því í eigu íslenskra bænda. Verkefni RML eru margbreytileg og endurspeglja fjölbreytileika íslensks landbúnaðar. Markmið okkar er að geta boðið upp á heildstæða og óháða ráðgjöf til bænda og annarra aðila sem koma að málefnum landbúnaðarins.

COVID-19 markaði starfsemi ársins 2020 hjá RML eins og hjá öðrum fyrirtækjum og öllum Íslendingum. Starfsfólk okkar er dreift um allt land og því höfum við í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á góða veftengingu og fjarfundalausnir innan fyrirtækisins sem og við viðskiptavinum. Við vorum því vel undir það búin að takast á við þá áskorun að geta ekki farið út til bænda eða miðlað fræðsluefni nema í gegnum netið. Einnig miðluðum við fræðsluefni sérstaklega tengdu COVID og landbúnaði. Námskeið og fyrirlestrar voru haldin á netinu og bændur og aðrir hagsmunaaðilar í landbúnaði voru virkir í að taka þátt í því með okkur. Ljóst er að þessi möguleiki opnar nýjar víddir í ráðgjöf og fræðslu sem við munum nýta til framtíðar.

Ráðgjöf og þjónusta tengd búfjárhaldi, jarðrækt og rekstri er hornsteinninn í starfsemi RML ásamt lögbundnum verkefnum tengdum skýrsluhaldi og framkvæmd ræktunarstarfsins. Ráðgjöf á þessum sviðum þarf að vera í stöðugri þróun, þó hún byggi á gömlum og hefðbundnum grunni og fjölmörg verkefni eru í gangi innan RML til að efla og styrkja þá þekkingu sem ráðgjöfin byggir á. Sem dæmi um slík verkefni má nefna söfnun og úrvinnslu rekstrargagna í sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu, nautakjötsframleiðslu og garðyrkju en þau verkefni eru unnin með stuðningi úr þróunarfé búgreinanna og leggja grundvöll bæði að öflugri rekstrarráðgjöf en ekki síður að möguleika á afkomuvöktun greinanna.

Samstarf við erlenda og innlenda aðila er einnig mikilvægur hluti af starfsemi RML, bæði til að miðla þeirri þekkingu sem til er innan fyrirtækisins og til að viðskiptavinir okkar geti notið góðs af þekkingu sem til er hjá öðrum. Gott dæmi um slíkt samstarf er samnorrænn samstarfsvettvangur NorFor, sem er grundvöllur þekkingar á sviði fýðrunar nautgripa, og NCDX, sem nú er orðið alþjóðlegt samstarf um lausnir til gagnaflutnings milli skýrsluhaldskerfa og hugbúnaðar í mjaltakerfum og mjaltþjónum.



Réttir.

Mynd / Anna Guðrún Grétarsdóttir.



Ráðgjöf og þjónusta tengd búfjárhaldi, jarðrækt og rekstri er hornsteinninn í starfsemi RML.

Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir



RML hefur á að skipa mörgum sérfræðingum í málefnum landbúnaðarins og er í góðri tengingu við bændur og þekkingu á starfsumhverfi þeirra.

Mynd / Anna Guðrún Grétarsdóttir

Til viðbótar við hefðbundin verkefni höfum við verið að takast á við ný verkefni, meðal annars í umhverfis- og loftslagsmálum, enda er það umræðuefni og málefni þar sem landbúnaðurinn spilar stórt hlutverk og því mjög mikilvægt að við höfum innanborðs aðila sem geta miðlað til bænda og stjórnvalda bestu upplýsingum sem völ er á hverju sinni. RML hefur á að skipa mörgum af færustu sérfræðingum í málefnum landbúnaðarins, við höfum góða tengingu við bændur og þekkingu á starfsumhverfi þeirra. Það á því mjög vel við okkar starfsemi að tengja saman landbúnaðarþekkingu og þekkingu á loftslagsmálum og miðla þeirri þekkingu bæði inn í landbúnaðinn en ekki síður út til stjórnvalda og opinberra aðila sem koma að stefnumótun og mótun starfsumhverfis landbúnaðarins.

Starfsfólk RML er til þjónustu reiðubúið að taka á móti viðskiptavinum okkar á starfsstöðvum, í gegnum síma eða fjarfundarbúnað, þar sem við veitum fjölbreytta þjónustu. Allar nánari upplýsingar má finna á www.rml.is.

Fjölbreytt verkefni hagsmunagæslunnar



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændahöllinni við Hagatorg

107 Reykjavík

Sími: 563-0300

Netfang: bondi@bondi.is

Vefsíða: www.bondi.is

Bændasamtök Íslands standa vörð um hagsmuni sinna félagsmanna og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Aðild að samtökunum geta átt einstaklingar og félög einstaklinga og lögaðila sem standa að búrekstri. Aukaadild er möguleg fyrir einstaklinga sem styðja við markmið samtakanna.

Á nýliðnu ári hafa verkefni Bændasamtakanna verið margþætt líkt og fyrri ár. Í kjölfar COVID-19 faraldursins var viðbragðsteymi samtakanna virkjað þar sem viðbrögð við afurðatjóni og vinnutapi, afleysingaþjónustu, áhrif sóttkvíar á starfsemi bænda og matvælafyrirtækja, flutninga, fódur-, lyfja- og áburðarbirgðir og breyttar aðstæður á vinnumarkaði voru í deiglu.

Starfsskilyrði landbúnaðar efla

Bændasamtökin eru þátttakendur í sameiginlegu kynningarátaki sem miðar að því að verja störf og auka verðmætasköpun undir heitinu „Íslenskt – gjörð svo vel“. Markmið átaksins er að móta og hrinda í framkvæmd sameiginlegu kynningarátaki sem miðar að því að hvetja landsmenn, almenning og fyrirtæki til viðskipta við innlend fyrirtæki á fjölbreyttum sviðum, við val á framleiðslu, vörum og þjónustu.

Samkomulag náðist á árinu um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sem er hluti af endurskoðun búvörusamninga. Í samkomulaginu er tæpt á fjölmörgum atriðum sem eiga að styrkja og styðja við íslenskan landbúnað. Sérstök áhersla er lögð á loftslagsmál og er kveðið á um að íslenskur landbúnaður verði að fullu kolefnisjafnaður eigi síðar en árið 2040. Þá er samstaða um að ný landbúnaðarstefna fyrir Ísland verði grunnur að endurskoðun búvörusamninga árið 2023. Jafnframt er samþykkt að fjármunir úr ramma-samningi búvörusamninga renni til Bændasamtaka Íslands, meðal annars til útfærslu á búvörumerki fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir að norrænni fyrirmynd. Um leið er í samkomulaginu ákvæði um tollvernd sem er hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins.

Tryggir bændum ýmis réttindi

Á síðasta Búnaðarþingi voru breytingar á félagsgjöldum samtakanna ákveðnar þar sem þau verða framvegis þrepaskipt og veltutengd og fer skráning fram í gegnum Bændatorgið. Aðild að Bændasamtökunum tryggir bændum ýmis réttindi sem eru mikils virði en samtakamáttur heildarinnar styrkir hagsmunabaráttu bænda. Þar að auki geta félagsmenn haft áhrif á félagsstarfið, geta valið fulltrúa frá sínu aðildarfélagi til setu á Búnaðarþingi og geta kosið um samninga sem BÍ gera fyrir þeirra hönd.

Félagsmenn njóta ráðgjafar um réttindi og um málefni sem snerta landbúnaðinn, þ.m.t. lögfræðiþjónustu, og fá stuðning við mótun þróunar- og nýsköpunarverkefna. Félagsmenn fá 30% afslátt af vissum forritum BÍ, meðal annars dkBúbót, Fjárvis (sauðfé), Heiðrún (geitur), Jörð (jarðrækt) og Huppa (kýr). Félagar eiga rétt á að nota orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu og þeir geta sótt um stuðning í starfsmenntasjóð BÍ vegna sí- og endurmenntunar. Bændablaðinu og Tímariti Bændablaðsins er dreift frítt á öll lögbýli. Þar að auki eiga samtökin í samskiptum við erlend systursamtök og eiga sterkt tengslanet við félög á Norðurlöndum.

Bændasamtökin eru öllum opin

Bændasamtökin eru frjálss félagsamtök og félagsmenn greiða árleg félagsgjöld. Tekjur Bændasamtakanna eru í meginatriðum þrenns konar. 1) Tekjur af félagsgjöldum bænda, (2) þjónustu- og sölutekjur af rekstri, (3) tekjur af fasteignum og fjármunatekjur.

Það eru ekki bara bændur sem geta gengið í Bændasamtökin. Aukaadild er möguleg öllum þeim sem styðja markmið samtakanna.

Með aðild að BÍ styðja félagsmenn við bakið á öflugri hagsmunagæslu og efla kynningarstarf samtakanna.

Nánari upplýsingar um starfsemi Bændasamtakanna er að finna á vefnum bondi.is.

Ótvíræður vilji neytenda



Icelandic Lamb

Hagatorgi
107 Reykjavík

Sími: 563-0330

Netfang:
info@icelandiclamb.is

Vefsíða:
icelandiclamb.is

Nýlegar kannanir um neysluhegðun Íslendinga sýna að yfirgnæfandi meirihluti neytenda velja innlendar matvörur fram yfir erlendar gefist þess kostur. Á sama tíma óska neytendur í auknum mæli eftir skýrum upplýsingum um innihald og uppruna matvöru.

Með fjölbreyttari skilgreiningum á fæðuvali eykst þörf á ítarlegri upplýsingagjöf en erlendir framleiðendur hafa um árábil nýtt þessa þróun til virðisaukningar með notkun viðurkenndra uppruna- og sérstöðutilvísana á umbúðum. Er tímabært að framleiðendur íslenskra matvæla auki virði afurða sinna að erlendri fyrirmynd? Markaðstækifæri á innanlandsmarkaði má lesa úr niðurstöðum nýlegrar könnunar Gallup fyrir Icelandic Lamb þar sem greiðsluvilji fyrir íslenskt lambakjöt merkt upprunatilvísunum eða „NON GMO“ vottun er 10–15% hærri en fyrir kjöt í ómerktum umbúðum.

Stýrist kaupvilji af reglugerðum?

Umbúðir íslensks lambakjöts endurspeglar því miður ekki afmarkandi sérstöðu vörunnar. Til dæmis má nefna að notkun erfðabreytts fódurs er óheimil í sauðfjárrækt en sífellt fleiri neytendur kjósa að sniðganga erfðabreytt matvæli. Bannið, sem sett var með reglugerð að frumkvæði bænda árið 2016, var m.a. ætlað að auka samkeppnishæfi íslenskra sauðfjárafurða. Nú fimm árum síðar hefur enginn framleiðenda nýtt sér sérstöðu bannsins.

Icelandic Lamb vann grunn að umsókn um alþjóðlega „NON GMO“ vottun og framleiðendum boðin aðstoð við umsóknarferlið en enginn þeirra hefur sýnt verkefninu áhuga. Innihald reglugerða virðast ekki ná til eyrna neytenda, einungis 47% svarenda könnunar Icelandic Lamb telja íslenskt lambakjöt alltaf vera án erfðabreyttra innihaldsefna. Umbúðamerkingar eru einfaldlega skilvirkasta leiðin til þess að upplýsa neytendur um sérstöðu vörunnar, hik er sama og tap í samskiptum okkar við neytendur

Aukinn áhugi á evrópskum upprunatilvísunum

Rekja má aukna þekkingu Íslendinga á evrópskum upprunatilvísunum til vinsælda evrópskra matvæla sem merktar eru PDO, PGI eða TSG tilvísunum. Samkvæmt niðurstöðum Gallup kannast rúmlega 30% íslenskra neytenda við merkin og 28% svarenda segjast reiðubúnir til að borga 10–15% hærri verð fyrir matvörur sem bera slíkar tilvísanir.

Íslenskt lambakjöt er verndað afurðarheiti en merkja má umbúðir þess með íslenskri upprunatilvísun. Skráningin er fordæmisgefandi, en íslenskt lambakjöt er fyrsta og eina matvaran sem hlotið hefur slíka vernd. Umsókn um evrópska upprunatilvísun PDO bíður nú afgreiðslu og aðrir framleiðendur íslenskra matvæla huga að sambærilegri upprunavernd á grundvelli markaðslegs gildis hennar.



Síðastliðin 4 ár hefur Icelandic Lamb boðið framleiðendum sauðfjárafurða þrjár uppruna- og sérstöðutilvísanir vörum sínum til virðisaukningar.



NON
GMO

Tækifærin blasa við

Öll virðis kedja sauðfjárafurða þarf að vera samstiga svo upplýsingagjöf til neytenda um virðisaukandi þætti skili árangri. Notkun viðurkenndra sérstöðutilvísana er sameiginlegt hagsmunamál neytenda og bænda, íslenskar kjötafurðastöðvar hafa brugðist við kröfum neytenda og merkja vörur sínar með um 40 mismunandi staðhæfingum, staðhæfingum sem flestar hafa afar takmarkaða skirskotun. Engin þeirra er alþjóðlega viðurkennd, vottuð af þriðja aðila eða fylgja stöðlum líkt og þær merkingar sem hér hafa verið nefndar.

Síðastliðin fjögur ár hefur Icelandic Lamb boðið framleiðendum sauðfjárafurða þrjár uppruna- og sérstöðutilvísanir vörum sínum til virðisaukningar. „NON GMO“ vottun frá árinu 2016, félagamerki Icelandic Lamb frá 2017 og íslenska upprunatilvísun um verndað afurðarheiti frá 2018. Þrátt fyrir að kyrrstaða og hnignun í verðmyndun kalli að flestra mati á breyttar áherslur er engin áður nefndra tilvísana sýnileg á umbúðum innanlands. Tækifærin eru fyrirbyggjandi, svörum kröfum neytenda með notkun sérstöðutilvísana virðis kedjunni til hagsbóta.

Lestrartölur



KLETTAR HEILSÁRSHÚS

- **Klettur** eru sterkbyggð hús – sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
- Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
- Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsmíðuð efni. Hentug lausn við þröngar aðstæður.
- Uppsetning húsa er afar fljótleg.
- Klettur eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.



Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.



EININGAKERFIÐ - Með hagkvæmni að leiðarljósi

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettur 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.

FOSSAR EINBÝLISHÚS

Uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



Foss nr. 4 – Einbýlishús (180fm)

JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsinn

